

**HARPA ÆGISDÓTTIR**

*Öllum áskorunum í eldhúsinu tekið*

matur helgin

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



**HVATAFERÐIR**

*Hópeflisnámskeið sífellt vinsælli*

Sérblað um hvataferðir

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

23. maí 2008 — 138. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## FÖSTUDAGUR



### Íslenskt par í So You Think You Can Dance

Hjördís Lilja Örnólfsdóttir og Steve Lorenz fóru í prufur fyrir bandarísku dansþættina fyrr í vor.

FÓLK 46

### Opnar nornasafn

Spákonan Sirrý opnar heimili sitt fyrir gestum og gangandi á sunnudag, þar sem þeir geta skoðað nornadúkkusafn hennar.

FÓLK 38

### Aftur í úrvalsdeildina?



Ívar Ingimarsson er undir smásjá enskra úrvalsdeildarfélaga og gæti verið á leið frá Reading.

ÍÞRÓTTIR 42

FÖSTUDAGUR

### Rúnar og Heiða í Nikita




Kusu að vinna meira og tala minna þegar þau byggðu upp fyrirtækið.

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

## VEÐRIÐ Í DAG




**BJART EYSTRA** Í dag verða suðlægar áttir, 5-13 m/s vestan til, annars hægari. Skýjað og dálítil væta vestast og á Vestfjörðum, annars hálf- eða léttskýjað. Hiti 8-16 stig, mildast til landsins nyrðra.

VEÐUR 4

# Börnin mín gengu í gegnum helvíti

**Móðir sem hefur losað sig úr viðjum fíkniefna segir börnum sínum tveimur hafa liðið skelfilega í veikindum hennar og líða enn fyrir. Starfsfólk barnaverndar hafi veitt ómetanlega aðstoð. Börnin skorti þó hjálp til að takast á við erfiðleikana.**

**BARNAVERNDARMÁL** „Börnin mín gengu í gegnum helvíti vegna mín,“ segir Katrín Ósk Adamsdóttir, 35 ára móðir tveggja barna sem náði tökum á vímuefnaneyslu sinni eftir mikla baráttu.

Katrín segir börnin sín hafa mestallan hluta ársins 2002 verið í tímabundnu fóstri en þá hafi hún verið meira og minna „inn og út af meðferðarstofnunum og geðdeildum“ sakir langvarandi fíkniefnaneyslu. Þegar Katrín fékk börnin sín aftur segir hún hjálpina sem starfsfólk Barnaverndar Reykjavíkur veitti henni hafa verið sér ómetanlega í baráttunni við að ná aftur tökum á lífi sínu. „Starfsfólkið var með virkt eftirlit með mér í þrjú ár á eftir, sem hjálpaði mér mikið. Hins vegar hafa börnin mín, og þá aðallega drengurinn minn, glímt við mikla erfiðleika í kjölfar þess sem þau þurftu að þola vegna mín. Ég fékk alla aðstoð sem ég þurfti á að halda en börnin mín, sem höfðu gengið í gegnum svo margt, hefur vantað meiri stuðning til að vinna úr þessari reynslu,“ segir Katrín. Hún segir vandamál sonar síns einkum hafa farið að koma upp þremur árum eftir að hún hafði hætt neyslu. Það sé því langt frá því að vanda barna fíkniefnaneytanda sé lokið þótt foreldrið láti af neyslunni.

Á síðasta ári voru 357 börn í varanlegu, tímabundnu eða styrktu fóstri á vegum barnaverndaryfirvalda, samkvæmt bráðabirgðatölum úr óútgefinni ársskýrslu Barnaverndarstofu. Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, segir börn fíkniefnaneytenda einkum þau sem send eru í tímabundið fóstur. Fjölgað hafi í þeim hópi og segi það ýmislegt um þróun mála. „Flest þetta fólk getur reynst börnum sínum vel nái það tökum á fíknisjúkdómi sínum,“ segir Bragi.

Valgerður Rúnarsdóttir, yfirlæknir SÁÁ, bendir á að stór hluti þeirra sem fari í meðferð sé ungt fólk sem eigi ung börn. Nái fólk að vinna bug á fíkninni geti það orðið börnum sínum góðir foreldrar og því eigi að vinna að því að koma fólkinu til hjálpar. **- kdk**



**ÍSLAND Í ÚRSLIT** Friðrik Ómar og Regína Ósk komust í úrslit Eurovision-keppninnar í Serbíu í gærkvöld. Þau voru í skýjunum þegar ljósmyndari Fréttablaðsins hitti á þau á leið á blaðamannafund. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Friðrik Ómar og Regína Ósk sungu sig í úrslit í Eurovision í Serbíu:

# Mamma Regínu grét af gleði

**FÓLK** „Okkur líður æðislega, þetta er ólýsanleg tilfinning,“ sagði söngkonan Regína Ósk Óskarsdóttir nokkrum mínútum eftir að ljóst varð að íslenska lagið This Is My Life komst í úrslit Eurovision í Serbíu. Félagi Regínu, Friðrik Ómar Hjörleifsson, var að sama skapi ánægður og var handviss um hvernig áfanganum yrði fagnað: „Nú fáum við okkur bjór,“ sagði hann.

Auk Íslands komust Úkraína, Króatía, Albanía, Danmörk, Svíþjóð, Lettland, Tyrkland og Portúgal í úrslit í gær. Íslenska lagið verður það ellefta í röðinni á laugardag. Mikil gleði braust út hjá íslenska hópnum í Belgrad í gærkvöld og fagnaði fólk eins og við hefðum unnið Eurovision.

Fjölskyldur söngvaranna horfðu á keppnina á heimilum sínum og sagði Sigþrúður B. Stefánsdóttir, móðir Regínu, að stemningin hefði verið ólýsanleg. „Ég grét af gleði, bæði yfir flutningnum og svo yfir úrslitunum. Ég er svo stolt af stelpunni,“ segir Sigþrúður. Hún og maður hennar, Óskar Baldursson, flugu í morgun út til Belgrad í boði Samskipa, en Sigþrúður vinnur þar. „Það var ósk Regínu að ég yrði í salnum á úrslitakvöldinu og nú fær hún hana uppfyllta.“ **- glh/kóp**



**ÓSKAR JÓNASSON** Tölvukosti, sem geymir ómetanleg gögn, var rænt af heimili hans. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Innbrot í Reykjavík:

## Óskar rændur

**LÖGREGLUMÁL** „Þetta er meiri háttar bömmer,“ segir Óskar Jónasson kvikmyndagerðarmaður. Hann varð fyrir þeirri óskemmtilegu reynslu í vikunni að innbrotsþjófur braust inn á heimili hans og Evu Maríu Jónsdóttur sjónvarpskonu á Bjarnarstíg og hafði þaðan á brott með sér tölvu og ýmsan tækjakost. Óskar segir innihaldið sér ómetanlegt. Í tölvu Óskars eru að finna handritsdrög og ýmsar verklýsingar. Hvarf þeirra setur öll verkefni sem í vinnslu eru, sjónvarpsþættina Svarta engla og kvikmyndina Reykjavík Rotterdam, í voða auk þeirra verkefna sem fram undan eru. **- jbg / sjá síðu 46**

Siglingastofnun:

## Sex hafnir liðsinni skipum

**UMHVERFISMÁL** Starfshópur á vegum Siglingastofnunar hefur skilgreint þá staði á landinu sem þjónað geta sem neyðarhafnir eða skipaafdrep á Íslandi. Neyðarhafnir og skipaafdrep eiga að draga úr mengunarhættu vegna nauðstaddra skipa við landið. Mengunarhætta eykst á þeim stöðum þar sem móttaka skipa í neyð er skilgreind.

Hermann Guðjónsson siglingamálastjóri segir tillögurnar settar fram vegna tilskipana frá Evrópusambandinu. Hann segir neyðarhafnir og skipaafdrep vera staði þar sem nauðstödd skip geti fengið aðstoð en hins vegar fylgi því áhætta í vissum tilfellum þar sem um löskuð eða vélarvana skip sé að ræða. **- shá / sjá síðu 6**










## SPURNING DAGSINS



*Guðrún, er brostinn á veruleikaflótti á Akranesi?*

„Veruleikinn er svo mismunandi hjá sumum.“

Mótmæli Akurnesinga við móttöku palestínskra flóttamanna valda flóttamannanefnd áhyggjum. Guðrún Ögmundsdóttir er formaður flóttamannanefndar.

Hlýindi úr suðri koma yfir Ísland um helgina og Veðurstofa Íslands í sumarskapi:

# Spá 27 stigum í Hallormsstað

**VEÐUR** Gert er ráð fyrir því að hiti geti farið í allt að 27 stig í Hallormsstað á mánudag.

Kristín Hermannsdóttir, veðurfræðingur hjá spádeild Veðurstofu Íslands, segir að um helgina muni rólegar suðlægar og vestlægar áttir bera með sér hlýindi yfir landið. „Við þessar aðstæður er skjól og hlýtt á Norðurlandi og Austurlandi og kjöraðstæður til að veðrið sé gott,“ segir Kristín.

Sjálfvirk spá gerir ráð fyrir fremur björtu veðri og yfir tuttugu stiga hita á Egilsstöðum og í Hallormsstað frá laugardegi til þriðjudags. Hæst geti hitinn farið í 27 stig í Hallormsstað á mánudag eins og áður segir og 26 stig þann dag á Egilsstöðum.



**ATLAVÍK** Sumarið mun leika lausum hala í Hallormsstað um og eftir helgina, ef marka má veðurspár.

„Þetta er sjálfvirk spá dálítið langt fram í tímann og hitatölurnar frekar háar þannig að ég myndi fara varlega í að trúa þessu. En það er alveg á hreinu að það verður gott þarna um helgina þótt erfitt sé að segja nákvæmlega til um hitatölurnar. Sjálf myndi ég halda að hitinn yrði um tuttugu stig og kannski örlítið ofar en það,“ segir Kristín.

Aðspurð segir Kristín slíkan hita ekki tiltakanlega óvenjulegan á þessum árstíma enda sé júní á næsta leiti. „Það er bara að njóta daganna,“ bendir hún á.

Útlit er fyrir að vestanlands og á Suðurlandi verði hitinn þessa daga um og yfir tíu gráður. **- gar**

Dæmdur fyrir líkamsárás:

## Réðst á fyrrverandi kærustu

**DÓMSMÁL** Karlmaður var í Hæstarétti í gær dæmdur í þriggja mánaða fangelsi fyrir líkamsárás og frelsissviptingu á fyrrverandi kærustu sinni. Dómurinn er skilorðsbundinn.

Maðurinn hélt stúlkunni fanginni í bifreið sinni og réðst á hana. Hún slapp en hann dró hana nauðuga inn í bílinn aftur. Þá hótaði maðurinn stúlkunni með SMS-skilaboð þannig að hún mátti óttast um líf sitt. Hann var sautján ára þegar brotið átti sér stað og átti engan sakaferil að baki.

Maðurinn var dæmdur til að greiða konunni 400 þúsund krónur í miskabætur. **- kóp**



**SKIPULAG** Í kynningu er skipulag að svæðinu og kaupin á Lækjargötu 2 flýta fyrir vinnu þess.

Borgarráð staðfestir kaup:

## Lækjargata 2 formlega keypt

**REYKJAVÍK** Formlega var gengið frá kaupum Reykjavíkurborgar á Lækjargötu 2 á fundi borgarráðs í gær. Ráðið samþykkti þá samning sem gerður var við Fasteignafélagið Eik í upphafi mánaðarins og Fréttablaðið greindi frá.

Kaupverðið er ríflega 320 milljónir króna og hefur borgin þá keypt bæði húsin sem brunnu í Austurstrætisbrunanum í fyrra. Í nóvember keypti borgin húsið í Austurstræti 20 á 263 milljónir. Vátryggingarfé dregst frá báðum upphæðunum.

Með kaupunum er flýtt fyrir skipulagi á reitnum, sem nú er í kynningu. **- kóp**

### DÓMSMÁL

**Ekki ljóst hver sveiflaði öxi**

Héraðsdómur hefur sýknað mann af ákæru um að hafa sveiflað öxi við ölduhúsið Prikið í júní í fyrra. Ekki þótti sannað að maðurinn hefði verið sá sem sveiflaði öxinni, þar sem eini sjónarvotturinn var lögregluþjónn að skemmta sér, sem sá atvikið úr fjarlægð og undir áhrifum áfengis.

### LÖGREGLUMÁL

**Fótbrotnaði við foss**

Erlendur ferðamaður fótbrotnaði við Seljalandsfoss í gærmorgun. Maðurinn rann til á hálum göngustíg og missteig sig með fyrrgreindum afleiðingum. Hann var fluttur með sjúkrabíl á Landspítalann.

# Ráðherraferðir fyrir tæpar 100 milljónir

**Ferðakostnaður ráðherra á tíu mánuðum nam tæpum 100 milljónum. Þingmaður Vinstri grænna segir einkaþotuferð á NATO-fundinn til Rúmeníu vera bruðl og framboð Íslands til öryggisráðsins setji mark sitt á þessi útgjöld.**

**STJÓRNMÁL** Fyrstu tíu mánuði núverandi ríkisstjórnar var ferðakostnaður ráðherranna rúmlega 94 milljónir króna. Þetta kemur fram í svari Geirs H. Haarde forsætisráðherra við fyrirspurn Álfheiðar Ingadóttur, þingmanns Vinstri grænna.

„Það er vissulega eðlilegt að mestur kostnaður sé vegna ferða utanríkisráðherra en ég sé það greinilega að framboð okkar til öryggisráðsins hefur þar veruleg áhrif,“ segir Álfheiður. „Eins sýnir svarið það svart á hvítu að sú ákvörðun ráðherranna að ferðast með einkaþotu til leiðtogafundar NATO í Rúmeníu var bruðl.“ Kostnaður utanríkisráðherra vegna þeirrar ferðar var, samkvæmt svari forsætisráðherra, tæpar 2,8 milljónir og kom 2,3 milljón króna kostnaður í hlut forsætisráðuneytisins. „Það sést bersýnilega að aðrir ráðherrar eru að ferðast mun lengra eins og til Afríku, Suður-Ameríku og Karíbahafs fyrir jafnvel helmingi minna,“ segir Álfheiður.

Henni finnst þó skorta á ýmsar upplýsingar í svari forsætisráðherra. „Þarna kemur í raun ekki fram heildarkostnaður við hverja ferð heldur aðeins kostnaður við ferð ráðherranna og starfsmanna ráðuneytanna, en reikningarnir fyrir aðra sem fara í hans föruneyti eru síðan sendir á viðkomandi undirstofnanir.“

Um heildarkostnaðinn segir Álfheiður: „Þetta eru nær 100 milljónir á tíu mánuðum sem er mjög mikið. Það getur verið erfitt að finna eitthvað til viðmiðunar en ég þori að fullyrða að þetta er ekki minni kostnaður en hjá öðrum ríkisstjórnum.“

Ráðherrar eru misjafnlega fastheldnir á fjármuni þegar kemur að risnu, það er að segja kostnaði vegna veislna, matarboða og gjafa. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra er þar efst á blaði með eina og hálfa milljón en Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra hefur ekki eytt krónu í risnu.

Dýrasta ferð ráðherra er ferð forsætisráðherra til Kanada þegar hann fór við sjötta mann þangað í opinbera heimsókn í fyrrasumar. Hún kostað tæpar þrjár og hálfa milljón.

**jse@frettabladid.is**



**ÞOTA ICEJET** Dornier-vélin sem Geir H. Haarde og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir flugu með til Búkarest. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### FERÐAKOSTNAÐUR RÁÐHERRA FRÁ MYNDUN RÍKISSTJÓRNAR

| | |
|---|---|
| 1. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra | 21.676.402 |
| 2. Geir H. Haarde forsætisráðherra | 19.418.122 |
| 3. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra | 10.737.037 |
| 4. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra | 8.110.087 |
| 5. Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra | 7.068.676 |
| 6. Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra | 6.609.412 |
| 7. Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra | 4.879.165 |
| 8. Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra | 4.043.838 |
| 9. Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra | 3.799.233 |
| 10. Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra | 3.384.568 |
| 11. Kristján Möller samgönguráðherra | 2.502.313 |
| 12. Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra | 1.929.343 |
| **Samtals** | **94.158.196** |

Kosningabarátta demókrata:

## Obama í leit að varaforsetaefni

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama er fyrir alvöru byrjaður að leita sér að varaforsetaefni. Þessu skýrðu ónafngreindir starfsmenn Demókrataflokksins frá í gær.

Til verksins hefur verið fenginn Jim Johnson, fyrrverandi stjórnarformaður fasteignalánasjóðsins Fannie Mae. Johnson sá einnig um að finna varaforsetaefni fyrir John Kerry árið 2004 og fyrir Walter Mondale árið 1984.

„Ég hef ekki ráðið hann,“ sagði Obama í gær, og neitaði að tjá sig strax um varaforsetaleit sína „vegna þess að ég hef ekki hlotið útnefningu“. **- gb**

Kynferðisbrot í Hæstarétti:

## Dómur mildaður vegna tafa

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur mildaði í gær nauðgunardóm yfir karlmanni, vegna dráttar á málinu. Hann var í héraðsdómi dæmdur í tólf mánaða fangelsi, en Hæstiréttur skilorðsbatt níu mánuði.

Maðurinn var dæmdur fyrir að hafa í nóvember 2005 lagst ofan á konu sem svaf drukkin í sófa. Hann klæddi hana úr nærbuxum og reyndi að koma fram vilja sínum, en henni tókst að koma honum ofan af sér og síðan út. Hún upplýsti að eins atvik hefði átt sér stað tveimur árum fyrr.

Hann var dæmdur til að greiða konunni eina milljón króna í miskabætur og allan málskostnað. **- kóp**

### LÖGREGLUMÁL

**20 óku of hratt**

Um tuttugu manns hafa verið teknir í vikunni fyrir of hraðan akstur í Borgarnesi. Lögreglan þar er í átaki gegn hraðakstri innanbæjar. Ökumenn hafa verið stöðvaðir á níutíu kílómetra hraða.






Ferðakostnaður borgarfulltrúa frá árinu 2005:

# Dagur með mestu ferðaútgjöld

**BORGARMÁL** Kostnaður vegna ferða Dags B. Eggertsson, borgarfulltrúa Samfylkingar, frá árinu 2005 nemur tæpri þremur og hálfri milljón og er sá mesti meðal fulltrúanna á þessu tímabili.

Þetta kemur fram í úttekt sem Ólafur F. Magnússon borgarstjóri lét gera eftir harða umræðu um fjárreiður borgarinnar sem litu dagsins ljós eftir að hann réð Jakob Frímann Magnússon í stöðu framkvæmdastjóra miðborgarmála.

Úttektin nær til allra borgarfulltrúa og varaborgarfulltrúa en heildarkostnaður vegna ferða þeirra nam tæpum 27 milljónum.

Sjálfur er Ólafur neðstur á þessum útgjaldalista en hann hefur ekki eytt einni krónu til ferðalaga.

Næstur á eftir Degi kemur Gísli Marteinn Baldursson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, með tæpar tvær og hálfa milljón og því næst Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson samflokksmaður hans með tæpar tvær.

### FERÐAKOSTNAÐUR BORGARFULLTRÚA OG VARABORGARFULLTRÚA

| | |
|---|---|
| Dagur B. Eggertsson | 3.298.817 |
| Gísli Marteinn Baldursson | 2.415.376 |
| Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson | 1.933.600 |
| Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir | 1.407.618 |
| Kjartan Magnússon | 1.195.320 |
| Björk Vilhelmsdóttir | 1.195.094 |



**DAGUR B. EGGERTSSON** Borgarstjóri lét gera úttekt á ferðakostnaði borgarfulltrúa og varaborgarfulltrúa. Dagur var þar efstur á lista með tæpar þrjár og hálfa milljón en borgarstjóri neðstur án slíkra útgjalda.

www.toyota.is

# Þjónustudagur Toyota




## **Toyota** með allt á hreinu

Nú gerum við allt glansandi flott fyrir sumarið á Þjónustudegi Toyota. Á laugardaginn milli kl. 11 og 16 bjóðum við öllum Toyota-eigendum í heimsókn til sölu- og umboðsaðila Toyota um land allt.

Við þrífum bílana að utan
Við deilum út skemmtilegum gjöfum
Við grillum og látum gosið freyða

Komdu til næsta sölu- og umboðsaðila Toyota og aktu burt á skínandi hreinum bíl í glimrandi Eurovisiongír.

TODAY TOMORROW TOYOTA

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toyota Austurlandi | Bílatangi ehf. | Vestmannaeyjar |
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Miðási 2 | Suðurgötu 9 | við Týsheimilið |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss | Egilsstaðir | Ísafjörður | |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 | Sími: 470-5070 | Sími: 456-4580 | |

## GENGIÐ 22.05.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 72,68 | 73,02 |
| Sterlingspund | 143,83 | 144,53 |
| Evra | 114,43 | 115,07 |
| Dönsk króna | 15,339 | 15,429 |
| Norsk króna | 14,541 | 14,627 |
| Sænsk króna | 12,292 | 12,364 |
| Japanskt jen | 0,7032 | 0,7074 |
| SDR | 118,74 | 119,44 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
147,3325

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Friðarviðræður Ísraela og Sýrlendinga fyrir milligöngu Tyrkja:

# Mæta tortryggni íbúa Ísraels

**ÍSRAEL, AP** Ísraelar tóku í gær fregnum af friðarviðræðum við Sýrland, fyrir milligöngu Tyrkja, af töluverðri tortryggni. Telja margir að Ehud Olmert forsætisráðherra sé fyrst og fremst að reyna að beina athyglinni frá eigin vandræðum.

Olmert hefur mátt sæta hverri lögreglurannsókninni á fætur annarri, þar sem hann er sakaður um spillingu. Hann hefur ítrekað verið hvattur til að segja af sér vegna þessara mála, og svo gæti farið að hann hrökklist úr embætti á endanum.

Einungis 36 prósent Ísraela telja að megintilgangur viðræðnanna sé að efla friðinn, að því er fram kemur í skoðanakönnun, sem ísraelska dagblaðið Yediot Ahronot birti í gær. Hins vegar telja 49 prósent að Olmert sé að beina athyglinni frá spillingarmálunum.



**EHUD OLMERT** Gæti átt erfitt með að sannfæra Ísraela um að afhenda Sýrlendingum aftur Gólanhæðir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Meginkrafa Sýrlendinga er að Ísraelar hverfi burt frá Gólanhæðum, sem Ísraelar hertóku árið 1967. Þar búa nú átján þúsund Ísraelar. Olmert nýtur lítils stuðnings og gæti átt erfitt með að sannfæra Ísraela um að ráðlegt sé að láta hæðirnar frá sér.

„Friðarviðræður við Sýrland eru mikilvægari en allar kviksögur og rannsóknir,“ sagði Olmert í blaðaviðtali í gær, og lagði áherslu á sögulegt mikilvægi viðræðnanna.

Mark Regev, talsmaður Olmerts, sagði í gær að viðræðurnar myndu halda áfram, og fljótlega yrði haldinn annar fundur. - gb

Sprengjan í Kópavogi:

# Sprengjan var eldsneytislaus

**LÖGREGLUMÁL** Sprengjan sem fannst í húsagrunni nýja HK-heimilisins í Kópavogi í gær reyndist vera svokölluð íkveikjusprengja sem hefur tæmst af sprengiefni í tímans rás.

Sigurður Ásgrímsson, fagstjóri sprengjusveitar Landhelgisgæslunnar, segir sprengjuna enn í skoðun hjá sveitinni. Líklega sé hún bresk eða bandarísk.

Talið er að sprengjan hafi fallið úr herflugvél en svæðið sem hún fannst á er í flugleið Reykjavíkurflugvallar. Ekki er loku fyrir það skotið að henni hafi verið varpað úr flugvél til að létta á henni. - kg



**KJARNORKUVERIÐ** Mennirnir eru grunaðir um að skipuleggja hryðjuverk.

Kjarnorkuver í Svíþjóð:

# Tveir grunaðir um hryðjuverk

**SVÍÞJÓÐ Maður var handtekinn þar sem hann reyndi að fara með sprengiefni í gegnum öryggishlið að kjarnorkuverinu í Oskarshamn í Svíþjóð í fyrradag.**

**Síðdegis sama daga var svo annar maður handtekinn grunaður um að hafa skipulagt hryðjuverk í kjarnorkuverinu.**

**Sprengiefnið sem fannst er sams konar og var notað í hryðjuverkunum í London fyrir þremur árum, að sögn Aftenposten.**

**Mennirnir voru látnir lausir í gær þar sem ekki voru taldar nægilegar sannanir gegn þeim.** - ghs

Ólafur Ragnar Grímsson:

# Í spjalli við erlenda fjölmiðla

**UMHVERFISMÁL** Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, tók þátt í umræðuþætti á vegum sjónvarpsstöðvarinnar CNN og tímaritanna Time og Fortune á miðvikudag. Rætt var um orkumál, hagvöxt í heiminum og loftslagsbreytingar.

Umræðurnar eru liður í þáttaröð sem nefnist Principal Voices og hefur verið rætt við vísindamenn og forystumenn í viðskiptalífinu. Ólafur Ragnar er fyrsti þjóðhöfðinginn sem boðin er þátttaka í umræðunum.

Umræðurnar fóru fram í Doha, höfuðborg Katars, og eru tengdar viðtalsþætti CNN sem tekinn var upp á Íslandi. - kóp

# Vanræksla barna vaxandi vandamál

**Tilkynningum um vanrækslu á börnum hefur fjölgað mjög á undanförnum árum. Verulegur hluti tilkynninganna er vegna fíkniefnaneyslu foreldranna, segir forstjóri Barnaverndarstofu. Börnum í tímabundnu fóstri hefur fjölgað.**

**BARNAVERNDARMÁL** „Þessi þróun veldur verulegum áhyggjum,“ segir Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu. Á árunum 2004 til 2007 fjölgaði tilkynningum um vanrækslu á umsjón barna og eftirliti um 657 mál, eða úr 1.513 í 2.170 yfir allt landið. Bragi segir verulegan hluta þessara tilteknu tilkynninga kominn til vegna fíkniefnaneyslu foreldra.

Bragi segir að samhliða þessari fjölgun hafi börnum í tímabundnu fóstri fjölgað en hann segir talsverðan hluta þeirra barna sem eru send í slíkt fóstur börn fíkniefnaneytenda. Í fyrra voru alls 138 börn í slíku fóstri yfir allt landið á vegum barnaverndarnefnda, samkvæmt bráðabirgðatölum úr óbirtri ársskýrslu Barnaverndarstofu. Heildarfjöldi barna í fóstri á vegum barnaverndaryfirvalda var í fyrra 357 samtals.

Markmiðið með tímabundnu fóstri er að barnið fari heim á ný og eru foreldrar með forsjá barnsins á meðan það er í fóstri.

Í tölum frá Barnaverndarstofu kemur einnig fram að börn sem voru í varanlegu, tímabundnu eða styrktu fóstri á Íslandi voru samtals 308 árið 2003. Sá fjöldi var óbreyttur árið 2004 en árið 2005 voru börnin orðin 326 talsins. Árið 2006 voru þau 343 en í fyrra voru börn í fóstri samtals 357.

Valgerður Rúnarsdóttir, yfirlæknir SÁÁ, segir að mikilvægt sé að fólk sé ekki fælt frá því að leita sér aðstoðar til að sigrast á fíknisjúkdómum með fordómum. Stór hluti þeirra sem fari í meðferð sé ungt fólk sem eigi ung börn. Nái fólk að vinna bug á fíkninni geti það orðið börnum sínum góðir foreldrar og því eigi að vinna að því að koma fólkinu til hjálpar, ekki síst barnanna vegna. Í vetur var byrjað að bjóða upp á nýtt úrræði innan SÁÁ fyrir börn alkóhólista en Valgerður segir þann hóp vera í mestri hættu á að lenda í neyslu síðar meir á ævinni. Miðað er við að yngstu börnin sem þar fái aðstoð séu átta ára.

„Börnin mín gengu í gegnum helvíti vegna mín,“ segir Katrín Ósk Adamsdóttir, 35 ára móðir tveggja barna sem náði tökum á vímuefnaneyslu sinni eftir mikla baráttu.

Katrín segir börnin sín tvö hafa mestallan hluta ársins 2002 verið í tímabundnu fóstri. Katrín segir að þegar hún fékk börnin sín aftur hafi hjálpin sem starfsfólk Barnaverndar Reykjavíkur veitti henni verið sér ómetanleg í baráttunni við að ná aftur tökum á lífi sínu. Hins vegar hafi börn hennar skort aðstoð til að vinna úr þeirri reynslu sem þau hafi orðið fyrir vegna fíknar hennar.

karen@frettabladid.is



**REYNIR MJÖG Á BÖRN** Katrín Ósk, 35 ára móðir tveggja barna, segir börn sín hafa þurft að líða mjög hennar vegna. Hún hafi fengið þá aðstoð sem hún þurfti til að vinna á vandanum en það hafi skort hjá börnum hennar. Myndin er úr safni.



**BRAGI GUÐBRANDSSON**



**VALGERÐUR RÚNARSDÓTTIR**



**HÆKKAR ENN** Olíuverð hækkar enn og valda því áhyggjur af olíuskorti.

Olíuverð í nýjar hæðir:

# Olíufatið í 135 dollara í gær

**VIÐSKIPTI Verð á olíufatinu fór í 135 dollara um skeið í gær, en lækkaði síðan aftur og var í 132 krónum síðdegis. Hér heima hækkaði verðið líka og N1 hækkaði um tvær krónur. Lítri af bensíni kostar 160,9 krónu í sjálfsölu og dísilolía 178,6 krónur lítrinn.**

**Olíuverð var rætt á Alþingi á miðvikudag. Forsætisráðherra, Geir H. Haarde, sagði þá að það hefði enga þýðingu að „hnika gjöldum ríkisins upp á nokkrar krónur niður á við.“**

**Ástæður verðhækkunar nú eru taldar áhyggjur af framboði á olíu.** - kóp

Kjaraviðræður BSRB:

# Samningur til haustsins 2009

**KJARAMÁL** Bjartsýni ríkir innan samninganefndar BSRB um að samkomulag takist í dag eða um helgina um nýjan kjarasamning við ríkið. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er samkomulag um kjarasamning fram á haustið 2009.

„Menn eru enn að ræða lengd kjarasamnings og upphæðir. Það er ennþá verið að skoða hvað sé í pípunum gagnvart umönnunargeiranum sérstaklega,“ segir Ögmundur Jónasson, formaður BSRB.

„Við leggjum mjög ríka áherslu á að fjárhagslegur grundvöllur umönnunarstofnana verði styrktur.“ - ghs





DYNAMO REYKJAVÍK

Þú **sparar** á **Orkustöðvunum**

**Net Orkustöðvanna** umhverfis landið þéttist sífellt til enn frekari hagsbóta fyrir almenning. Kynntu þér hvar Orkustöðvarnar eru og hvað **bensínið er ódýrt þar.**

www.**orkan.is**

ORKAN BENSÍN

SPÁÐU Í HVAÐ ÞÚ SPARAR!


## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veður-fræðingur

**HVERT Á AÐ FARA UM HELGINA?**
Ágætar veðurhorfur verða um helgina. Líkur á einhverri úrkomu eru mestar vestan til. Austan til verður bjartast og sýnu bjartast allra austast, séð heilt yfir helgina. Hlýindi eru í kortunum og má búast við mestum hlýindum á Austurlandinu og til landsins nyrðra eða allt að 20 stigum.




**Á MORGUN**
3-8 m/s

**SUNNUDAGUR**
5-13 m/s, stífastur vestan til

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 18° |
| Billund | 20° |
| Ósló | 16° |
| Stokkhólmur | 16° |
| Gautaborg | 18° |
| Helsinki | 20° |
| Eindhofen | 22° |
| Amsterdam | 21° |
| London | 20° |
| Berlín | 20° |
| Frankfurt | 22° |
| Friedrichshafen | 22° |
| París | 22° |
| Basel | 24° |
| Barcelona | 21° |
| Alicante | 26° |
| Algarve | 19° |
| Tenerife | 20° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Ljúffengt á grillið með Eurovision!

OPIÐ til 20 alla daga




Marineraðar kjúklingabringur




Ungnauta grillpinnar




Nautapiparsteik




Svínabógur




Reyktar svínakótilettur
- kryddlegnar




Ávaxta og grænmetisbakki!

Tilvalið með Eurovision!




Hrís
- súkkulaði 200 g




Findus kanilsnúðar og vínarbrauð
- hitar í ofni - eins og nýbakað




Stjörnusnakk
- margar tegundir

Gildir til 25. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

KJÖRKASSINN



*Telur þú rétt að heimila veiðar á fjörutíu hrefnum?*

| | |
|---|---|
| Já | 69,9% |
| Nei | 30,1% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Stóðu þau Friðrik Ómar og Regína Ósk sig vel í Eurovision?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Alþjóðlega matsfyrirtækið Fitch fjallar um Ísland og bankana:

# Staðhæfingum hafnað í skýrslu

**VIÐSKIPTI** Neikvæðar horfur alþjóðlega matsfyrirtækisins Fitch á lánshæfi bankanna ráðast af því að landið sé ekki nógu vel undir það búið að standa af sér langvarandi áhættufælni á alþjóðamörkuðum.

Fyrirtækið sendi í gær frá sér sérstaka skýrslu um landið og bankana. Þar er nokkrum staðhæfingum hafnað, svo sem að landið geti flokkast með nýmarkaðsríkjum og að líkur séu á að hér verði frjálst flæði fjármagns takmarkað.

„Ísland er þróað markaðshagkerfi og bönkum landsins í sjálfs vald sett að taka ákvarðanir án ríkisafskipta,“ segir í skýrslunni, en bætt er við að eftir á að hyggja hefðu eftirlitsstofnanir fjármála mátt huga betur að uppbyggingu bankanna, hraða útrásar og leiðum í fjármögnun. Þá er bent á að stjórn peningamála sé hér ábótavant og að Seðlabankann skorti stuðning í að koma böndum á verðbólgu. Í þeim efnum er bæði bent á illa skilgreint hlutverk Íbúðalánasjóðs og hluti á borð við skattalækkanir ríkisins á þenslutímum.

„Þróunin hefur blásið nýju lífi í umræðu um kosti evruaðildar,“ segir Fitch og segir hana myndu draga úr ójafnvægi hagkerfisins hér um leið og eyða gengisáhættu. „Líkur á að Ísland nái verðbólgu- og stýrivaxtagildum evrusvæðisins í nánustu framtíð eru hins vegar fjarlægar.“ **- óká**



**RÁÐHERRAR** Ríkið fær gagnrýni frá matsfyrirtækinu Fitch fyrir þensluhvetjandi aðgerðir á uppgangstímum. Hér sjást Björn Bjarnason, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Geir H. Haarde. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Ný Eyjaferja rædd í ríkisstjórn:

# Vikufrestur til að svara tilboði

**SAMGÖNGUMÁL** Vestmannaeyjabær og Vinnslustöðin hafa veitt stjórnvöldum vikufrest til að svara hvort endurskoðuðu tilboði þeirra í smíði og rekstur nýrrar farþegaferju verður tekið. Um lokatilboð er að ræða. Málið verður tekið fyrir á ríkisstjórnarfundi í dag.

Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, segir að frestur hafi verið auðfenginn. Jafnframt hafi verið innt eftir skýringum frá stjórnvöldum um hverju það sæti að beðið er um svarfrest í ljósi undangenginna skýringa og samningaviðræðna við Ríkiskaup, Siglingastofnun og fulltrúa samgönguráðuneytisins. **- shá**




# Neyðarhafnir skilgreindar á Íslandi

**Sex hafnir á Íslandi hafa verið skilgreindar sem neyðarhafnir. Áætlun liggur á borði samgönguráðherra um að draga verulega úr hættu vegna nauðstaddra skipa. Skilgreind svæði eru í aukinni mengunarslysahættu.**

**UMHVERFISMÁL** Starfshópur á vegum Siglingastofnunar hefur skilgreint þá staði á landinu sem þjónað geta sem neyðarhafnir eða skipaafdrep á Íslandi. Neyðarhafnir og skipaafdrep eiga að draga úr mengunarhættu vegna nauðstaddra skipa við landið. Hætta af völdum elds, sprengi- eða mengunarhættu eykst á þeim stöðum þar sem móttaka skipa í neyð er skilgreind. Drögum að áætlun um neyðarhafnir hefur verið skilað til samgönguráðherra.

Hermann Guðjónsson siglingamálastjóri segir tillögurnar settar fram vegna tilskipana frá Evrópusambandinu í gegnum Siglingaöryggisstofnun Evrópu (EMSA) sem Ísland er aðili að í gegnum EES-samninginn. „Forsagan er alvarleg mengunarslys í Evrópu á árunum 1999 til 2002. Þá höfnuðu strandríki komu skipa til hafnar og mikil mengunarslys urðu. Í þessum tilvikum þykir líklegt að mun betur hefði farið ef skipin hefðu verið dregin að landi strax og farmi þeirra dælt frá borði,“ segir Hermann. Neyðarhafnir og skipaafdrep séu staðir þar sem nauðstödd skip geta fengið aðstoð til að afstýra hættuástandi og vernda umhverfið. Hins vegar fylgi því áhætta í vissum tilfellum þar sem um sé að ræða löskuð eða vélarvana skip.

Kristján Geirsson, deildarstjóri hjá Umhverfisstofnun, segir að grundvallarhugsunin í tillögunum sé að skip verði ekki dregið til hafnar nema það sé talið öruggara en að gera það ekki. „Það er skilgreint hvaða hlutverki hver neyðarhöfn eða skipaafdrep gegnir og sumar þeirra taka ekki við skipum þar sem mengunarhætta er talin fyrir hendi,“ segir Kristján. Hann segir að horft sé til þess að það séu til svæði þar sem auðvelt sé að loka skip af ef illa færi. „Þá er vissulega mengun innan þess svæðis en þá eru aðstæður metnar sem svo að það sé betra en til dæmis að olía dreifist yfir mjög stórt svæði, brotni skip á hafi úti. Lykilatriði er þó að vera með búnað á skilgreindum stað þar sem hægt er að dæla úr skipinu, og koma alfarið í veg fyrir umhverfisslys.“

Starfshópurinn leggur til að aflað verði mengunarvarnabúnaðar sem verði tiltækur við mengunarslys utan hafna og við stærri mengunaróhöpp í neyðarhöfnunum og að ríkissjóður standi straum af öllum kostnaði við kaup og rekstur hans. Hluti af þeim hugmyndum er kaup á dráttarbátum en engar ákvarðanir hafa verið teknar um slík kaup.

**svavar@frettabladid.is**

**NEYÐARHAFNIR OG SKIPAAFDREP**

**Tillögur starfshóps um neyðarhafnir og skipaafdrep 2008**




> Sumar þeirra taka ekki við skipum þar sem mengunarhætta er talin fyrir hendi.
>
> **KRISTJÁN GEIRSSON**
> DEILDARSTJÓRI HJÁ UMHVERFISSTOFNUN







Ólympíukyndillinn farinn af stað á ný eftir þriggja daga þjóðarsorg:

# Milljónir tjalda vantar í Kína

**KÍNA, AP** Kínastjórn sagði í gær að jarðskjálftinn í Sechuan 12. maí hefði kostað meira en áttatíu þúsund manns lífið. Enn vanti milljónir tjalda til að hýsa alla þá sem misstu heimili sitt.

„Okkur vantar 3,3 milljónir tjalda,“ sagði Qin Gang, talsmaður kínverska utanríkisráðuneytisins. „Við vonum að alþjóðasamfélagið geti látið það hafa forgang að útvega tjöld.“

Íbúar landsins eru margir hverjir reiðir stjórnvöldum vegna þess hve margar skólabyggingar hafa hrunið. Þær hafi ekki verið nógu sterkbyggðar fyrir jarðskjálfta.

„Börnin dóu ekki vegna náttúruhamfara, þau dóu vegna þess hve byggingarnar voru hættulegar,“ stóð á handmáluðum mótmælaborða sem strengdur var yfir götu í bænum Wufan, þar sem um 200 nemendur fórust þegar grunnskóli hrundi.

Í hafnarbænum Ningbo, á austurströnd Kína, langt frá jarðskjálftasvæðinu, hófst hins vegar á ný í gær, daginn eftir að þriggja daga þjóðarsorg lauk, ferðalag Ólympíukyndilsins sem legið hefur niðri frá því jarðskjálftinn reið yfir. **- gb**



**MEÐ ALEIGUNA Á ÖXLINNI** Í bænum Hanwang mátti í gær sjá þennan mann rogast með aleigu fjölskyldu sinnar burt frá ónýtu húsi hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

LEGACY

SYMMETRICAL AWD

SUBARU

REKSTRARLEIGA / EINKALEIGA

• ENGIN ÚTBORGUN
• ÖLL ÞJÓNUSTA INNIFALIN
• ÞÚ SKILAR BÍLNUM EFTIR 3 ÁR

# 39.900

KR. Á MÁNUÐI FYRIR SJÁLFSKIPTAN LEGACY MEÐ ÖLLU!*

GRÍPTU ÞETTA EINSTAKA TÆKIFÆRI ÞVÍ AÐ VIÐ BJÓÐUM AÐEINS TAKMARKAÐAN FJÖLDA BÍLA Á ÞESSUM KJÖRUM!

**Ríkulegur búnaður:** Fjórhjóladrif, hiti í framrúðu og speglum, rafstýrð aðfelling spegla, 6 diska geislaspilari, 17” álfelgur, kastarar í stuðara, tvískipt tölvustýrð loftkæling, hiti í sætum, aksturstölva, hraðastillir o.m.fl.

Staðgreiðsluverð fyrir sjálfskiptan Legacy Sedan :

**3.150.000 kr.**



* Miðað við rekstrar- / einkaleigusamning til 36 mánaða (erlend myntkarfa). Athugið að lágmarks tryggingagjald sem greiða þarf í upphafi er endurgreitt í lok samningstíma. Innifalið í mánaðargreiðslu er öll áskilin þjónusta samkvæmt þjónustubók.

ENNEMM / SÍA / NM33462

## GÓÐ ÞJÓNUSTA HRESSIR, BÆTIR OG KÆTIR!

Við brosum til þess að láta þig vita að þú ert á réttum stað. Þú ert á réttum stað því hjá okkur færðu rétta bílinn og þjónustu sem gæti bjargað deginum. Komdu til okkar og spurðu um allt sem þig lystir og við munum leggja okkur fram um að svara þér eins vel og við getum.

Afbragðsþjónusta hefst með brosi á vör! – Starfsfólk Ingvars Helgasonar

Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000
Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940 - Reykjanesbæ, Holtsgata 52, 421 8808 - Egilsstöðum, Kaupvangi 16, 471 2521

IH
INGVAR HELGASON

# Hefur þú ekki efni á stórstjörnu í afmælið í ár?

**Þú kemst samt í sólina með Plúsferðum :)**

**Portúgal** Verð frá:
**44.719 kr.**
miðað við 2 fullorðna og 2 börn í 7 nætur
á Alagomar, brottför 28. ágúst.
Verð miðað við 2 í íbúð 59.900 kr.

**Fyrstur kemur, fyrstur fær.**
**Nánari upplýsingar og bókanir á www.plusferdir.is**

plús FERÐIR
VISA MasterCard
PLÚSFERÐIR – Lágmúla 4 – 105 Reykjavík - Sími 535 2100
www.plusferdir.is


Stefán Pálsson var ekki ráðinn í stöðu forstjóra Varnarmálastofnunar:

# Mannasiðir að láta fólk vita

**VARNARMÁL** „Að mínu mati eru það sjálfsagðir mannasiðir að hafa fyrir því að ná í umsækjendur til að tilkynna þeim að þeir hafi ekki verið ráðnir í stöðuna,“ segir Stefán Pálsson friðarsinni. Stefán sótti um stöðu forstjóra nýrrar Varnarmálastofnunar, en var ekki tilkynnt um ráðningu Ellisifjar Tinnu Víðisdóttur í starfið fyrr en daginn eftir að tilkynning þess efnis var send til fjölmiðla á mánudag.

„Í fjölmiðlum var haft eftir upplýsingafulltrúa utanríkisráðuneytisins að reynt hefði verið að ná í alla umsækjendur. Ég fékk hvorki símtal né tölvupóst og fyrst á miðvikudag fékk ég formlegt bréf frá ráðuneytinu. Þetta er til marks um þann mikla asa sem einkennt hefur allt þetta ferli, og ég vona að þetta sé ekki til marks um það sem koma skal,“ segir Stefán. Hann óskar Ellisif velgengni í nýju starfi. „Ég vona að hún geri sem minnst og tryggi þannig öryggi landsins og hag skattborgara sem best.“

Urður Gunnarsdóttir fjölmiðlafulltrúi utanríkisráðuneytisins, segir utanríkisráðuneytið ávallt vera undir mikilli pressu að koma út fréttatilkynningu þegar ráðið er í ný störf. „Við viljum sjálf tilkynna um ráðningar frekar en að fréttir um þær leki út. Við reyndum að hringja í sem flesta og byrjuðum á þeim sem lengst komust í umsóknarferlinu, en það tíðkast ekki að hringja í hvern einasta umsækjanda,“ segir Urður. **- kg**



**FRIÐARSINNI** Stefán Pálsson er ósáttur við að hafa frétt af ráðningu Ellisifjar Tinnu Víðisdóttur í fjölmiðlum.

Háskóli Íslands:

## Háskólanám í barnavernd

**BARNAVERND** Álag á starfsmenn sem starfa við barnavernd hefur aukist mikið á undanförnum árum, bæði vegna fjölgunar mála, en einnig vegna þess að þau verða verða stöðugt flóknari. Samhliða þessari þróun eru gerðar auknar kröfur til starfsmenn barnaverndar. Þetta er meðal þeirra ástæðna sem ráða því að Háskóli Íslands hefur ákveðið að bjóða upp á diplómanám í barnavernd sem hefst í haust.

Barnaverndarstofa veitir styrk til kennslu og rannsókna í tengslum við þessa nýju námsleið. Umsóknarfrestur er til 5. júní. **- kdk**

**KJARAMÁL**

**Til ríkissáttasemjara**

Kjaraviðræðum Flugfreyjufélags Íslands og Iceland Express hefur verið vísað til ríkissáttasemjara.



**HRINGBRAUT 121** Morðinginn og fórnarlambið voru nágrannar í þessu fjölbýlishúsi. FRÉTTABLAÐIÐ / ANTON

# Sextán ár fyrir morð á Hringbraut

**Þórarinn Gíslason hlaut í gær sextán ára fangelsisdóm fyrir að bana vini sínum með slökkvitæki. Hann kveðst lítið sem ekkert muna eftir morðinu.**

**DÓMSMÁL** Karlmaður á fertugsaldri, Þórarinn Gíslason, var í gær dæmdur í sextán ára fangelsi fyrir að bana nágranna sínum í fjölbýlishúsi við Hringbraut í október á síðasta ári. Þórarinn sló manninn þremur þungum höggum í höfuðið með slökkvitæki. Hann neitaði ávallt sök og kvaðst ekki muna eftir atburðinum.

Þórarinn hringdi sjálfur í lögreglu skömmu eftir hádegi hinn 7. október síðastliðinn og sagðist hafa komið að vini sínum og nágranna, blóðugum og rænulausum í rúmi sínu. Hann sagðist hafa grun um að kona sem í húsinu bjó hefði banað manninum. Þórarinn var í mjög annarlegu ástandi, undir áhrifum áfengis, svefnlyfja og flogaveikilyfja. Fyrir dómi hefur hann sagst lítið muna eftir atburðunum.

Grunur féll strax á Þórarin. Hann var með duft úr slökkvitækinu á vanganum, blóðslettur á fötum sínum og hruflaður á hendi líkt og eftir átök.

Lögregla studdist jafnframt við upptökur úr eftirlitsmyndavél í húsinu, sem sýna mennina tvo yfirgefa húsið saman skömmu fyrir hádegi og snúa aftur stuttu síðar. Enginn sést síðan koma á staðinn þar til lögregla fær símhringingu. Í niðurstöðu dómsins segir að Þórarinn sé sá eini sem kemur til greina sem banamaður mannsins.



Réttarmeinafræðingur bar fyrir rétti að hvert högganna þriggja hefði getað valdið þolandanum bana. Í dómnum segir að Þórarni hafi ekki getað dulist það hversu hættuleg árásin var og að hann eigi sér engar málsbætur.

Þórarinn hefur setið í óslitnu gæsluvarðhaldi í sjö og hálfan mánuð, eða frá 8. október, og dregst sá tími frá fangelsisdómnum. Hann hefur hlotið sex refsidóma frá árinu 1998, fyrir þjófnað, skjalafals og eignaspjöll.

Fjölskipaður Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi Þórarin sem áður segir í sextán ára fangelsi og jafnframt til að greiða rúma milljón í sakarkostnað og aðstandendum hins látna rúma hálfa milljón í skaðabætur. **stigur@frettabladid.is**

**SÍÐUSTU MANNDRÁPSDÓMAR**

- **6. apríl 2006**
Phu Tién Nguyén dæmdur í sextán ára fangelsi í Hæstarétti fyrir að hafa banað manni með hnífi í maí 2004.
- **23. febrúar 2006**
Magnús Einarsson dæmdur í ellefu ára fangelsi í Hæstarétti fyrir að bana eiginkonu sinni í nóvember 2004.
- **17. febrúar 2006**
Sigurður Freyr Kristmundsson dæmdur í fjórtán og hálfs árs fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir að stinga mann til bana í húsi við Hverfisgötu.
- **29. september 2005**
Hákon Eydal dæmdur í sextán ára fangelsi í Hæstarétti fyrir að hafa banað Sri Rhamawati í júlí 2004.




# BSc NÁM Í VERKFRÆÐI
## VIÐ HÁSKÓLANN Í REYKJAVÍK

Boðið er upp á
- BSc í fjármálaverkfræði
- BSc í hátækniverkfræði
- BSc í heilbrigðisverkfræði
- BSc í hugbúnaðarverkfræði
- BSc í rekstrarverkfræði

Nám í verkfræði við Háskólann í Reykjavík veitir nemendum sterka fræðilega undirstöðu í bland við sérhæfða fagþekkingu.

Umsækjendur í grunnnám í verkfræði þurfa að hafa lokið stúdentsprófi eða hafa sambærilega menntun og með haldgóða þekkingu í stærðfræði, raungreinum, íslensku og ensku. Miðað er við að nemandi hafi lokið a.m.k. 21 einingu í stærðfræði og 6 einingum í eðlisfræði.

Umsóknarfrestur er til 30. maí
Kynntu þér námið á www.hr.is

FRAMTÍÐIN ER HR
HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK

# NÚ ER TÆKIFÆRI TIL AÐ KAUPA ÞAÐ SEM ÞIG HEFUR ALLTAF LANGAÐ Í



## LJÓSASALA – **ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR**

HÖFUM OPNAÐ RISA LAGERÚTSÖLU
Í SKIPHOLTI 33 (VIÐ HLIÐINA Á VINABÆ)

OPIÐ VIRKA FRÁ 12 - 18, LAUGARDAGA FRÁ 10 - 16

Lumex
Skipholti 37
Sími 568 8388
www.lumex.is

LUMEX

TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA

-2kr.




Sæktu um ÓB-lykilinn á www.ob.is

Hæstiréttur staðfestir að Veraldarvinum beri að greiða starfsmanni vangoldin laun:

# Skrifleg yfirlýsing lá fyrir

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur staðfesti í gær dóm Héraðsdóms Reykjavíkur um að sjálfboðaliðasamtökin Veraldarvinir ættu að greiða fyrrverandi starfsmanni 5,7 milljónir króna ógreidd laun, auk málskostnaðar.

Þórarinn Ívarsson, forsvarsmaður Veraldarvina, hélt því fram að maðurinn hefði verið sjálfboðaliði á tímabilinu frá febrúar 2004 til október 2005.

Á það var ekki fallist, og vísaði Hæstiréttur meðal annars í skriflega yfirlýsingu, undirritaða af Þórarni. Þar kom fram að launakjör starfsmannsins, Oscars Mauricio Uscategui, ættu að vera 250 þúsund krónur á mánuði.

Staðfesti Hæstiréttur því þann dóm héraðsdóms að Veraldarvinir ættu að greiða Uscategui samtals 5,7 milljónir, auk vaxta og dráttarvaxta, og 700 þúsund krónur í málskostnað. Málskostnaður í Hæstarétti var látinn niður falla.

Uscategui krafðist þess einnig að Þórarinn yrði sjálfur dæmdur til greiðslu skaðabóta fyrir að reyna vísvitandi að blekkja sig til að starfa launalaust, meðal annars með því að lofa greiðslum síðar.

Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri sannað að Þórarinn hafi vísvitandi beitt blekkingum þannig að það varði bótaábyrgð, og sýknaði því Þórarin af þeim kröfum. - bj




**FRÉTTABLAÐIÐ 23. JÚNÍ 2007** Fram kom í Fréttablaðinu í fyrra að Oscar Mauricio Uscategui stofnaði ásamt öðrum ný sjálfboðaliðasamtök eftir að hann hætti að starfa fyrir Veraldarvini.

Yfirdýralæknir telur að verjast megi innfluttu kamfílómenguðu kjúklingakjöti:

# Sýni tekin í verslunum og heildsölum

**NEYTENDAMÁL** Unnt verður að grípa til aðgerða reynist innflutt kjúklingakjöt mengað kamfílóbakter.

Innflutningur á fersku kjöti verður heimill við innleiðingu matvælalöggjafar Evrópusambandsins. Frumvarp þess efnis er til meðferðar Alþingis.

Jarle Reiersen, framleiðslustjóri Reykjagarðs, lýsti í Fréttablaðinu í gær áhyggjum af því að kamfílómengað kjúklingakjöt kæmist hér á markað þar sem ekki eru gerðar kröfur um eftirlit þar um í Evrópusambandinu.


HALLDÓR RUNÓLFSSON

Halldór Runólfsson, yfirdýralæknir hjá Matvælastofnun, segir að í frumvarpi um innleiðingu matvælalöggjafarinnar sé kveðið á um að ekki megi markaðssetja matvæli sem eru heilsuspillandi eða óhæf til neyslu. Ekki verði tekin sýni við innflutning heldur beri heilbrigðiseftirlitum sveitarfélaga að annast slíkt eftirlit með sýnatökum í verslunum og heildsölum.

„Það er auðvelt að sjá fyrir sér að ef ekki verði brugðist við geti komið hingað kjúklingar sem eru mengaðir þessari bakteríu,“ segir Halldór.

Auk sýnatöku heilbrigðiseftirlita segir hann að með frumvarpinu verði ábyrgð seljenda kjötvara stóraukin. Þeim beri að gæta þess að hafa ekki heilsuspillandi vörur á boðstólum.

Halldór kveðst reikna með að íslenskum kjúklingaframleiðendum verði áfram gert að hafa eftirlit með kamfílóbaktermengun í þeirra framleiðslu. Þótt það sé kostnaðarsamt fylgi því kostir. „Það getur haft sóknartækifæri í för með sér fyrir íslensku framleiðendurna sem geta markaðssett vörur sína sem lausar við kamfílóbakter og um leið hvatt fólk til að kaupa íslenskt.“ - bþs



**KJÚKLINGAKJÖTI PAKKAÐ** Yfirdýralæknir reiknar með að kjúklingaframleiðendum verði áfram gert að hafa eftirlit með kamfílóbaktermengun í eigin framleiðslu.

> Það er auðvelt að sjá fyrir sér að ef ekki verði brugðist við geti komið hingað kjúklingar sem eru mengaðir þessari bakteríu.
>
> **HALLDÓR RUNÓLFSSON**
> YFIRDÝRALÆKNIR HJÁ MATVÆLASTOFNUN

SIEMENS

Þvottavél frá Siemens, sem lætur blettina hverfa.



Þetta er vél sem hefur algera sérstöðu. Fjórtán **blettakerfi** fyrir ólíka bletti, t.d. vínbletti, blóðbletti og grasgrænku. Tromlan er óvenjustór, tekur 65 l og hægt er að þvo í henni allt að **8 kg.** Innra byrði tromlunnar er með droplaga mynstri sem fer sérlega vel með þvottinn. Vélin er mjög snör í snúningum: **15 mín. hraðkerfi** og **60 mín. kraftþvottakerfi** fyrir meðalóhreinan þvott. **Snertihnappar**. Stór og öflugur skjár. Vélin hefur mjög góða hljóðeinangrun og er í orkuflokki **A+**.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

ATARNA – KMI / FIT

Heilbrigður lífsstíll á stóran þátt í góðum árangri

Besta leiðin til að halda góðu formi er að temja sér heilbrigðan lífsstíl með vel samsettu mataræði og daglegri hreyfingu. Með því að borða staðgóðan morgunmat færðu strax næringarefni í kroppinn og brennslan fer í gang. Það dregur úr líkum á því að þyngjast og skerpir einbeitinguna. Í **Kellogg's Special K** færðu 6 nauðsynleg B-vítamín sem hjálpa þér að nýta orku úr fæðunni og auk þess C- og D-vítamín, járn og prótín.




Fíton/SÍA F1024291





Mig langar til að ...

...standa mig vel á Ólympíuleikunum. Ég hef verið dugleg að slá met að undanförnu og hlakka mikið til að fara á Ólympíuleikana og gera enn betur. Reglulegar máltíðir og nægur svefn eru lykilatriði fyrir mig til að ná góðum árangri.

Erla Dögg Haraldsdóttir, nemi og sundkona

Kellogg's Special K

specialk.is

# Fánaröndin er trygging fyrir því að vara er íslensk framleiðsla

Neytendur geta treyst því að öll framleiðsluvara frá framleiðendum í aðildarfélögum Sambands garðyrkjubænda sem er merkt með íslenskri fánarönd er sannanlega íslensk gæðavara, ræktuð á Íslandi.

SAMBAND
GARÐYRKJUBÆNDA

ÍSLENSKA SIA.IS SGB 42521 05/08



**DALAI LAMA Í LONDON** Andlegur leiðtogi Tíbeta hélt ræðu í Royal Albert Hall í London í gær á ferðalagi sínu um Vesturlönd til að afla málstað þjóðar sinnar stuðnings. NORDICPHOTOS/AFP

Aðstoðarlandlæknir segir ekkert óeðlilegt að sjá við vinnubrögð læknanna:

# Ættingjar undrast lyfjaávísanir

**HEILBRIGÐISMÁL** „Mér finnst að manneskja sem hefur verið í áhættuhegðun eigi bara að geta fengið mánaðarskammt lyfja útleystan í einu,“ segir Ingibjörg S. Benediktsdóttir, frænka ungu konunnar sem lést af völdum ofneyslu vímuefna í byrjun mánaðarins frá tveimur ungum sonum.

Unga konan hafði fengið ávísað bæði geðlyfjum og svefnlyfjum frá mismunandi læknum og telja ættingjar hennar að meiri aðgæslu hefði mátt sýna, þá einkum með tilliti til þess að ljóst hefði verið að hún ætti við fíkniefnavanda að stríða. Ingibjörg segir að fjölskyldan hafi sent Landlæknisembættinu óformlegt erindi vegna málsins og vonast sé til þess að málið verði tekið til skoðunar þótt enn hafi ekki verið sent formlegt erindi. „Hún fékk útskrifaðan þriggja mánaða skammt af lyfjum ávísaðan að verðmæti 94 þúsund á kostnað skattborgara í einu. Þann skammt kláraði hún svo á viku,“ segir Ingibjörg og spyr hvort ekki hefði verið eðlilegra að ávísa minni skömmtum í tilfelli sem þessu.



**MATTHÍAS HALLDÓRSSON** Hann segir að ekkert óeðlilegt hafi sést í gögnum sem Landlæknisembættið hefur undir höndum.

Matthías Halldórsson aðstoðarlandlæknir segir að af þeim gögnum sem Landlæknisembættið hafi undir höndum virðist ekkert óeðlilegt við lyfjaávísanir þeirra lækna sem meðhöndluðu stúlkuna. Honum þyki umræðan um þessa tilteknu lækna sem hana önnuðust óréttmæt. **- kdk**

Almenni lífeyrissjóðurinn:

# Eignir rjúfa 100 milljarða múr

**VIÐSKIPTI** Eignir Almenna lífeyrissjóðsins hafa nú í fyrsta skipti komist yfir 100 milljarða króna. Eignir sjóðsins voru 92,7 milljarðar í byrjun árs, og vöxturinn það sem af er ári því um átta prósent.

Almenni lífeyrissjóðurinn sameinaðist Lífeyrissjóði lækna í byrjun árs 2006. Frá þeim tíma hafa eignir sjóðsins vaxið um 21 prósent á ári að jafnaði. Þetta kemur fram í tilkynningu.

Þar segir enn fremur að eignir lífeyrisþega séu ávaxtaðar í skuldabréfum, og sveiflur á hlutabréfamarkaði hafi því ekki áhrif á lífeyrisgreiðslur. **- bj**



**KRÓNAN** Greiningardeild Kaupþings telur ólíklegt að nokkuð verði gefið út af krónubréfum sem gjaldfalla á árinu.

Greiningardeild Kaupþings:

# Krónubréfaútgáfan í dvala

**VIÐSKIPTI** Greiningardeild Kaupþings segir ólíklegt að krónubréf verði gefin út á móti bréfum sem falla á gjalddaga á árinu.

Greiningardeildin segir í hálffimmfréttum að útgáfan hafi að mestu legið niðri það sem af er ári. Vaxtamunur á gjaldmiðlaskiptamarkaði sé nánast enginn. Hvati til útgáfunnar ráðist þar. Sem betur fer séu engir stórir gjalddagar á næstu mánuðum en hátt í þrjú hundruð milljarðar falli á gjalddaga næsta árið.

Ríkið hefur tilkynnt um sölu á skuldabréfum upp á fimmtán milljarða króna. Greiningardeildin segir að sala þeirra komi hugsanlega á móti næsta gjalddaga krónubréfa og styðji við gengi krónunnar. **- ikh**

# Ban Ki-moon skoðar neyðina í Búrma

**Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna ætlar að þrýsta á herforingjastjórnina í Búrma að þiggja meiri utanaðkomandi hjálp. Hann kom til Búrma í gær.**

**BÚRMA, AP** Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, er einn örfárra útlendinga sem fengið hafa að fara inn á neyðarsvæðin á óshólmum Irrawaddy-fljóts í Búrma. Hann flaug þangað með þyrlu í gær og lenti á nokkrum stöðum þar sem flóttamannabúðum hefur verið hróflað upp í skyndingu.

„Megintilgangur minn með því að koma hingað er að sýna samstöðu,“ sagði Ban, sem ræddi við fólk í þorpinu Kyondah, þar sem sett hafa verið upp blá tjöld fyrir um 500 manns. Fólkið hefur einnig fengið nýjan eldunarbúnað og teppi í tjöldin til sín.

Þessar tjaldbúðir virðast vera hafðar sérstaklega til sýnis til marks um að hjálparstarfi sé sinnt í landinu. Þangað hafa leiðtogar herforingjastjórnarinnar komið og erindrekar erlendra ríkja og hjálparstofnana komu þangað í síðustu viku.

Alþjóðlegar hjálparstofnanir segja að víða á óseyrarsvæðinu og jafnvel á sumum stöðum nálægt borginni Rangún hafi fólki enn ekki borist nægileg aðstoð síðan fellibylurinn Nargis reið yfir fyrir þremur vikum.

Þyrlunni, með Ban innanborðs, var flogið víða um óseyrarsvæðið, þar sem sást yfir þorp og bæi sem gereyðilögðust í hamförunum. Á þessu svæði, sem verst varð úti, fórust nærri 80 þúsund manns, en að auki er 56 þúsund manna saknað. Alls er talið að á annað hundrað manns hafi farist og á þriðju milljón vanti aðstoð.

„Mér er mjög brugðið vegna þess sem ég hef séð,“ sagði Ban, sem ætlar að hitta forystumenn herforingjastjórnarinnar um helgina og þrýsta á þá um að þiggja meiri utanaðkomandi aðstoð handa íbúum neyðarsvæðanna.



**BÍÐA HJÁLPAR** Fáir íbúar á verstu neyðarsvæðunum urðu varir við þriggja daga þjóðarsorg, sem herforingjastjórnin lýsti yfir á þriðjudag og lauk í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Víða skortir fólk hreint vatn, fæðu, húsaskjól og læknishjálp. Brýn þörf er til þess að aðstoð berist sem allra fyrst, þar sem sjúkdómar eru illviðráðanlegir vegna þeirra bágbornu aðstæðna sem fólk býr við.

„Eftir meira en þrjátíu ára reynslu af neyðarstörfum þá er þörfin hér fyrir neyðarhjálp sú langmesta sem við höfum nokkurn tímann séð,“ sagði Lionel Rosenblatt, yfirmaður bandarísku hjálparsamtakanna Refugees International, sem staddur er í Taílandi. „Og samt, hérna rétt handan við landamærin í Taílandi, erum við með allt sem þarf til að bjarga þessu fólki.“ **- gb**



**LÆKKUN Í NORÐURÞINGI** Leikskólagjöld lækka í Norðurþingi um 25 prósent í ágúst. Myndin er úr safni.

Breytingar í Norðurþingi:

# Leikskólagjöld lækka töluvert

**LEIKSKÓLAR Vistunargjöld á leikskólum í Norðurþingi lækka um fjórðung frá 1. ágúst og systkinaafslátturinn eykst. Afsláttur með öðru barni eykst úr 25 í 50 prósent og afsláttur með þriðja barni fer úr 50 prósentum í 75 prósent. Þannig hyggst sveitarstjórnin nota rekstrarafgang sinn síðustu ár.**

**Eftir breytinguna greiða hjón með tvö börn á leikskóla á Húsavík rúmlega 15 þúsund krónum minna á mánuði en áður eða samtals rúmlega 167.500 krónum minna á ári.**

**Fréttablaðið greindi frá því í vetur að leikskólagjöld væru mun hærri í Norðurþingi en víða annars staðar á landinu.** **- ghs**


# Fyrirkomulag hafrannsókna

– Hvernig náum við bestum árangri?

Hádegisverðarfundur í Valhöll

föstudaginn 23. maí, kl. 11.45 – 13.15

Frummælendur:

Friðrik Már Baldursson, prófessor og formaður stjórnar Hafrannsóknarstofu og Illugi Gunnarsson, hagfræðingur og alþingismaður.



Fundarstjóri:

Arnbjörg Sveinsdóttir, formaður þingflokksins og formaður sjávarútvegsnefndar þingsins.



Að fundinum stendur sjávarútvegsnefnd.

Allir velkomnir!



XD SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN


VIKA 15

## DAGBÓK NÝRRA ÍSLENDINGA

Charlotte Ólöf Ferrier:

### Farin til Líberíu



„Við munum hafa umsjón með framkvæmdum IceAid á svæðinu,“ segir Charlotte sem flaug til Lundúna í gær. „Á sunnudaginn flýg ég svo til Kenía þaðan sem ég fer áfram til Líberíu en ferðalagið tekur um sólarhring. Í Líberíu endurbyggði IceAid munaðarleysingjaheimili árið 2006 og svo tölvuver sem er sambyggt því. Núna erum við að fara að byggja heilsugæslu sem mun nýtast bæði heimilinu og næsta nágrenni þess.“ Hún segir heimilið vera í útjaðri Monróvíu, höfuðborgar Líberíu, og flest börn sem þar búa hafi misst foreldra sína í borgarastyrjöldinni sem geisaði í landinu til ársins 2003.

Rachid Benguella:

### Hefur áhyggjur af háu verðlagi



„Við vinnufélagarnir vorum að tala um hvað allt væri orðið dýrt hérna á Íslandi,“ segir Rachid Benguella. „Allt virðist hafa hækkað í verði að undanförnu og Ísland er dýrasta land í Evrópu. Ég heyrði einhvers staðar að verðlag hér væri 64 prósentum hærra en í Evrópu og vona að verðlag hækki ekki meira úr þessu því mér finnast þessar verðhækkanir alveg nógu brjálaðar fyrir.“ Rachid nefnir nokkur dæmi og segir bensínlítrann kosta næstum 160 krónur. „Ég veit ekki hvernig efnahagskerfið virkar hér á landi en fólkið sem sér um efnahagsáætlanir hlýtur að vita hvað það er að gera. Ég vona því að það finni lausnir fljótlega.“

Algirdas Slapikas:

### Þjóðahátíð undirbúin



Algirdas er á fullu að undirbúa þjóðahátíð sem haldin verður 31. maí í íþróttahúsinu við Strandgötu í Hafnarfirði. „Ég mun þar kynna Litháen en þar munu um þrjátíu þjóðir kynna sig,“ segir hann en að auki er hann að klára tölvunámskeiðið sem hann hefur verið á í vetur. „Við erum búin að stofna félag Lithá a á Íslandi og ég er í tíu manna bráðabirgðastjórn sem fundar vikulega svo það er nóg að gera.“ Konan hans átti afmæli í gær og þau horfðu á Söngvakeppni Evrópskra sjónvarpsstöðva. „Ég spái Rússum sigri á laugardag en við þurfum að halda með Íslandi og Litháen,“ segir Algirdas sem gleðst yfir því að Manchester United vann meistaradeildina í vikunni. „Það er mitt félag.“

Filipe Figueiredo:

### Hlakkar til heimferðar



„Ég er á Akureyri en hugurinn er farinn að sveima á heimaslóðir,“ segir Filipe. Hann hefur verið að vinna að rannsóknum hjá Matís sem meðal annars miðast að því að mæla hormón í þorski. „Niðurstöðurnar láta reyndar nokkuð á sér standa en ég verð bara að taka því. Þetta er svona í vísindunum, maður verður að vera þolinmóður.“

Hann tekst á loft þegar þegar minnst er á heimferð. „Ég er búinn að panta far út til Portúgals í byrjun júlí og þá mun ég ferðast um í heimalandinu. Ég er satt að segja farinn að sakna vina, fjölskyldu, matarins og þess munaðar að geta keypt mér áfengi á skikkanlegu verði.“ Í lok ágúst mun kappinn svo koma aftur til Íslands og er viss um að þá verði hann farinn að sakna eyjunnar í norðri.

GFGD


Það er stutt á
Costa del Nauthólsvík!
Opið alla daga frá kl. 10 - 20
Laugarnar í Reykjavík
www.itr.is | sími 411 5000

BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# GOTT FYRIR EUROVISION

ÞÚ SÆKIR, ÞÚ BAKAR OG ÞÚ BORGAR AÐEINS 1000 KR. FYRIR TVÆR 635g PIZZUR

# TVÆR PIZZUR 1000 KR.




**CHICAGO TOWN**
**TAKE-AWAY pizzur,**
**Þú sækir, þú bakar og þú borgar aðeins 1000 kr. fyrir tvær 635g pizzur.**
MEÐ BLÖNDUÐUM OSTI EÐA PEPPERONI




Pepsi MAX 2 ltr. **119 kr.**
Fanta Orange 2 ltr. **98 kr.**
Egils pilsner léttbjór 500 ml **49 kr.**




KS ferskt lambafillet **2498 kr./kg.**




KS lambalæri í sneiðum **1198 kr./kg.**




KS lambaframhyggjasneiðar 1.FLOKKUR FROSNAR
**1398 kr./kg.**




KF villikryddaðar lambalærissneiðar
**1398 kr./kg.** MERKT VERÐ 1998 KR./KG.




Bónus íspinnar 24 stk. kassi
**498 kr.**




Bónus ferskir kjúklingabitar blandaðir
**299 kr./kg.** MERKT VERÐ 499 KR./KG.




Ali ferskur grísabógur **498 kr./kg.**

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

## BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00 TIL 19.30

BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# GOTT FYRIR EUROVISIO

## ÍSLANDSGRÍS Á GÓÐU VERÐI
## 40% AFSLÁTTUR




ÍG ferskt grísahakk
**528 kr./kg.** MERKT VERÐ 879 KR./KG.




ÍG ferskar grísarifjur
**599 kr./kg.** MERKT VERÐ 998 KR./KG.




ÍG ferskur grísahnakki úrbeinaður
**1019 kr./kg.** MERKT VERÐ 1698 KR./KG.




ÍG ferskar grísakódilettur
**1019 kr./kg.** MERKT VERÐ 1698 KR./KG.




ÍG ferskar grísalundir
**1319 kr./kg.** MERKT VERÐ 2198 KR./KG.




ÍG ferskir grísaskankar
**179 kr./kg.** MERKT VERÐ 298 KR./KG.




ÍG ferskur kryddleginn úrb.grísavöðvi
**1319 kr./kg.** MERKT VERÐ 2198 KR.




ÍG fersk kryddlegin grísahelgarsteik
**1079 kr./kg.** MERKT VERÐ 1798 KR./KG.

Nautaat




Nautaat ferskir ungnautahamborgarar
4 stk m/brauði **498 kr.**




Nautaat ferskt íslenskt ungnautahakk
**898 kr./kg.** MERKT VERÐ 1498 KR./KG.




EUROSHOPPER snakk 200g **98 kr.**




Voga ídýfur 175g Þrjár teg. **98 kr.**

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00 TIL 19.30

**FRÉTTASKÝRING:** Varnarmál

# Enginn óvinur í sjónmáli

**Franski flugherinn hefur náð fullu viðbúnaðarstigi eða „Full operational capability" hér á landi, sem þýðir að hann er fær um að senda orrustuþotur á loft með stundarfjórðungs fyrirvara. Fréttablaðið heimsótti Frakkana á varnarsvæðinu í Keflavík.**

Flugsveit Frakka er fullklár til þess að svara skipunum NATO ef óþekkt herflugvél sést á ratsjám ratsjárstofnunar, og þær upplýsingar eru sendar áfram til herstjórnar NATO, svonefnds CAOC (Combat air operations centre). Frakkarnir komu með 110 manna lið og tíu þotuflugmenn úr hinni rómuðu „Cigognes" flugsveit frá Dijon í í Búrgúndíhéraði í Frakklandi, og ríða á vaðið sem fyrsta þjóðin, á eftir Bandaríkjamönnum, sem annast loftrýmisgæslu yfir Íslandi. Fjórar Mirage 2000-orrustuþotur úr flugsveitinni eru hér á landi til 20. júní.

Franska herliðið hefst við á hluta gamla varnarsvæðisins. Meðal þeirra eru fjarskipta- og tölvubúnaðarsérfræðingar, flugvirkjar, köfunardeild, læknir, líkamsþjálfari auk annars stoðliðs frá ýmsum herstöðvum Frakklands.

### Öðlumst áhugaverða reynslu

„Við erum hér vegna beiðni Íslands til NATO um að annast loftrýmisgæslu fyrir landið," segir Gilles Bertrand undirofursti, yfirmaður sveitarinnar. „En það er auðvitað áhugavert fyrir okkur að vera hér á Íslandi, við öðlumst áhugaverða reynslu vegna hinna ólíku aðstæðna hér í lofti miðað við Frakkland og Evrópu. Á meginlandinu er flugumferð mikil sem gerir okkur erfiðara fyrir, en hér er frekar lítil loftumferð og það er mjög gott að vinna við slíkar aðstæður.

Það er einnig mjög áhugavert að flytja út þekkingu okkar frá Frakklandi og gera það vel annars staðar sem við gerum svo vel heima fyrir. Það er skemmtilegt að vera fyrsta þjóðin sem tekur þetta verkefni að sér fyrir NATO og leggja að einhverju leyti grunninn fyrir þjóðirnar sem fylgja í kjölfarið til að annast loftrýmisgæslu fyrir Ísland."

Bertrand, sem hefur annast loftrýmisgæslu í Frakklandi og á Balkanskaga, segir að þrátt fyrir að hafa búist við erfiðari veðuraðstæðum en í Frakklandi hafi veðrið á Íslandi verið kjörið til flugs undanfarnar vikur. „Við höfum verið einstaklega heppnir með veður. En við vitum að það er erfiðara að fljúga hér en við Frakklandsstrendur, veður skipast skjótt í lofti og vindar eru kraftmeiri. Sem betur fer höfum við ekki lent í neinum vandræðum og höfum aldrei þurft að hætta við flug. Umhverfið hér við Keflavíkurflugvöll er einstaklega hagstætt."

Sveitin hefur skipt loftrýminu í nokkur svæði út frá ströndum landsins en einnig er eitt yfir miðhálendinu, og á bækistöðinni á Keflavíkurflugvelli er að finna ratsjármiðstöð í beinu gervihnatta- og gagnasambandi við CAOC (Combined Air Operations Centre) hjá NATO þar sem fjölmargir skjáir sýna sérhverja hreyfingu í loftrými Íslands.

Í Keflavík eru staddir bæði íslenskir ratsjárstarfsmenn og franskir GCI eða Ground Control Interceptor-sérfræðingar sem leiðbeina þotum ef til þess kæmi að óþekkt flugvél sæist í loftrými Íslands. Þess má geta að sveitin hefur ekki eftirlit með almennri flugumferð. „Í síðustu viku náðum við því sem samkvæmt hermáli kallast Full Operational Capacity," útskýrir Bertrand. „Það þýðir að við getum svarað öllum fyrirskipunum NATO og getum sent þotur á loft með stundarfjórðungs fyrirvara, hvenær sem er sólarhringsins. Eins og er sendum við út tvær flugvélar fyrir hádegi og tvær eftir hádegi í æfingaferðir og þær eru rúma klukkustund í lofti. "

### Vopnaðar þotur

Stéphane Azou liðsforingi, sem er yfir almannatengslum sveitarinnar, segir að vera frönsku sveitarinnar hér á landi sé í raun til þess að sýna viðveru NATO á Íslandi og að það sé ekki „gat" í loftrýmisgæslu bandalagsins og gæta þess að allt loftrými þess sé varið. Þær vélar sem fljúga inn í lofthelgi Íslands eru skyldugar til að tilkynna sig og ef þær gera það ekki geta þær skapað hættu fyrir flugumferð yfir landinu.

Þess má geta að þær rússnesku sprengivélar sem hafa farið um íslenska loftvarnarsvæðið gera aldrei grein fyrir sér fyrirfram. Þær hafa hins vegar aldrei rofið íslenska lofthelgi. „Ef óþekkt vél sést á ratsjá í loftrými Íslands fáum við skipun frá herstjórn NATO um að senda þotur til móts við þær. Þær þotur geta verið vopnaðar. Liðsafli okkar fylgir öllum fyrirskipunum NATO í þessum efnum og viðbrögðin felast að jafnaði í því að þotur okkar fljúga upp að og við hlið óþekktu vélarinnar og taka til dæmis af henni myndir. Með því móti getum við auðkennt uppruna hennar. Þetta er það sem við köllum „Air policing" eða loftrýmisgæsla. Fleiri stig eru til á aðgerðum, til dæmis getum við beðið vél með því að gefa henni merki um að fylgja okkur. Einnig getum við neytt vél til að lenda ef þess gerist þörf."

Aðspurður um hvað gæti gerst „í versta falli" svarar Azou: „Þá höfum við getu til þess að tortíma vélinni með flugskeytum. En þetta „versta fall" mun ekki gerast. Það er enginn óvinur í sjónmáli."

Frakkarnir láta mjög vel af dvölinni og móttökunum á Íslandi. „Okkur finnst Íslendingar mjög merkileg þjóð. Þið eruð svo fámenn en þið áorkið svo margt, og skarið fram úr á svo mörgum sviðum," segir Azou liðsforingi. En spurður hvort Frakkar hafi mætt með franskan kokk meðferðis svarar hann í lágum hljóðum: „Nei. En við hefðum kannski átt að gera það."

FRÉTTASKÝRING
ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON
amb@frettabladid.is



**GUILLAUME BELLIARD ORRUSTUFLUGMAÐUR VIÐ EINA AF MIRAGE 2000-VÉLUM FRAKKA** „Ég lenti fyrstu vélinni hér í Keflavík. Mín vél er merkt mér og er auðvitað fallegust af þeim öllum," segir hann hlæjandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**„UMHVERFIÐ VIÐ KEFLAVÍK ER SÉRSTAKLEGA HAGSTÆTT"** Yfirmaður flugsveitarinnar sem stödd er á Íslandi, Gilles Bertrand undirforingi, á skrifstofu sinni á varnarsvæðinu.



**HRESSIR** Hér sést líkamsþjálfari sveitarinnar smella kossi á kinn yfirmanns köfunardeildarinnar.



**ÍSLENSKUR HEIMILISMATUR Í MÖTUNEYTINU** „Þið borðið ótrúlega mikið af kartöflum. Annars kvörtum við ekki yfir neinu."



**HLAUPIÐ Á VELLINUM** Hér sést flugvirki hlaupa eftir lendingarupplýsingum þegar þota lendir.



**YFIR HUNDRAÐ FRAKKAR** Meðal sveitarinnar eru fjarskipta- og tölvubúnaðarsérfræðingar, flugvirkjar, læknir og annað stoðlið frá ýmsum herstöðvum Frakklands.






Í áratugi hafa íslenskir garðyrkjubændur náð að byggja upp og rækta kröftuga stofna af íslenskum sumarblómum sem búa yfir einstökum eiginleikum. Þessir stofnar hafa lagað sig að íslenskri sumarveðráttu en gefa innfluttum stofnum ekkert eftir að fegurð og yndisleik.

Nýttu þér dýrmæta þekkingu og reynslu íslenskra garðyrkjubænda.

**VELDU ÍSLENSK SUMARBLÓM, SÉRMERKT ÞÉR.**

íslenskar garðplöntur




**989** kr/kg. áður 1.649 kr/kg.
Goða grísaofnsteik




**95** kr/stk. áður 189 kr/stk
Jurtarjómi 250 ml. Vitala




**199** kr/stk.
Nutella hnetusmjör - 200 gr.




**99** kr/pk. áður 198 kr/pk.
Náttúra vöfflumix - 450 gr.

H:N markaðssamskipti / SÍA Hönnun: Víkurfréttir

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 22. maí til 25. maí eða á meðan birgðir endast
www.netto.is



**798** kr/pk. áður 998 kr/pk.
Goða pítur m/brauði og sósu - 6 stk.




**2.598** kr/kg. áður 3.698 kr/kg.
Gourmet lambafille




**270** kr/pk. áður 540 kr/pk.
Goða pylsur - 10 stk.




**199** kr/ltr. áður 249 kr/ltr.
Bramble trönuberjasafi - 1 ltr.




**197** kr/pk.
Myllu beyglur




**289** kr/pk.
Góa rúsínur - 500 gr.




**362** kr/kg. áður 723 kr/kg.
Ísfugl kjúklingaleggir

netto
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

**OMX ÍSLAND 15**
4.871 **-0,59%**

**Fjöldi viðskipta:** 303
**Velta:** 33.577 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| ALFESCA | +1,32% | EIK BANKI | -3,37% |
| FØROYA BANKI | +0,67% | BAKKAVÖR | -2,70% |
| EIMSKIPAFÉL. | +0,25% | TEYMI | -1,74% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 7,06 -0,28% ... Bakkavör 36,00 -2,70% ... Eimskipafélagið 20,10 +0,25% ... Exista 10,30 -0,77% ... FL Group 6,60 +0,00% ... Glitnir 17,70 -0,28% ... Icelandair Group 21,10 +0,00% ... Kaupþing 791,00 -0,63% ... Landsbankinn 26,00 -0,19% ... Marel 95,40 +0,21% ... SPRON 4,54 -1,30% ... Straumur-Burðarás 11,53 -0,69% ... Teymi 3,38 -1,74% ... Össur 98,00 -0,61%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Rétt hjá skuggabankastjórn

Ákvörðun Seðlabankans um óbreytta stýrivexti var í samræmi við niðurstöður skuggabankastjórnar Markaðarins, sem kynntar voru á miðvikudag. Glitnir hafði spáð hækkun stýrivaxta, líka fréttaveitan Bloomberg. Greiningardeildir Kaupþings og Landsbankans giskuðu einnig á rétta niðurstöðu, kannski þar sem forstöðumenn þeirra eiga einmitt sæti í skuggabankastjórninni ásamt tveimur öðrum valinkunnum hagfræðingum. Fátt þótti koma á óvart á blaðamannafundi bankastjórnar Seðlabankans í gærmorgun; helst urðu aðilar á markaði fyrir vonbrigðum með yfirlýsingar formanns bankastjórnarinnar, þess efnis að litlar líkur væru á vaxtalækkunum á næstunni. Skuggabankastjórnin hafði komist að þeirri niðurstöðu að fljótt mætti hefja hratt lækkunarferli, eins og það var orðað.



### Erfitt um vik á næstunni

Engum vafa er undirorpið, að erfitt verður að reka fyrirtæki á Íslandi á næstunni í slíku vaxtaumhverfi, svo ekki sé talað um hversu erfitt reynist fyrirtækjum að fá fyrirgreiðslu í bönkunum nú um stundir. Hagfræðingar spá stórauknu atvinnuleysi á næstu mánuðum og jafnvel samningum um launalækkun, ofan í raunlækkun kaupmáttar vegna hækkandi verðbólgu. Slíkt ástand er kennt við ofkælingu hagkerfisins og var meðal þess sem skuggabankastjórnin kvaðst óttast hvað mest miðað við núverandi stöðu.

## Öld Conans komin í Evrópu

Tölvuleikurinn Age of Conan frá norska fyrirtækinu Funcom kemur út í Evrópu í dag. Leikurinn kom nokkrum dögum fyrr til Bandaríkjanna og gekk stóráfallalaust, samkvæmt tilkynningu félagsins.

Leikurinn er fjölspilunarnetleikur og keppir meðal annars við EVE Online frá CCP. Vegna álags tengdu útgáfunni verður ekki fundað með fjárfestum eða greinendum fyrr en að henni afstaðinni, 30. þessa mánaðar. Straumur fjárfestingarbanki átti í byrjun ársins ríflega fjögurra prósenta hlut í Funcom, sem er skráð í Oslóarkauphöll. **- óká**

# Atorka yfir væntingum



MAGNÚS JÓNSSON

Móðurfélag Atorku Group tapaði tæpum 1,9 milljörðum króna á fyrsta ársfjórðungi. Á sama tíma í fyrra nam hagnaðurinn rétt rúmum þremur milljörðum króna.

Rekstrartap nam tæpum 2,7 milljörðum króna á tímabilinu samanborið við 3,1 milljarðs hagnað í fyrra. Þetta er lítillega yfir spám.

Þá nam eigið fé Atorku tæpum 19,7 milljörðum króna í lok fjórðungsins sem er rúmlega 1,4 milljarða aukning frá í fyrra. Eiginfjárhlutfall var 31 prósent. Lausafjárstaða félagsins í lok fjórðungs nam ellefu milljörðum króna.

Inn í uppgjörstölurnar bætist jákvæður tekjuskattsliður upp á 816 milljónir króna auk þess sem óskráðar eignir voru færðar upp um 600 milljónir króna.

Greiningardeild Glitnis bendir á að rekstur Atorku sé ágætlega fjármagnaður og hann tryggður fram yfir næsta ár.

Atorka bætti við hlut sinn í Geysi Green Energy á fjórðungnum og er nú stærsti hluthafinn með 44 prósenta hlut. **- jab**

# Flugfélög tóku dýfu

Gengi hlutabréfa í bandarísku flugrekstrarsamstæðunni AMR, móðurfélagi American Airlines, umsvifamesta flugfélagi Bandaríkjanna, féll um 25 prósent á hlutabréfamarkaði eftir snarpa verðhækkun á hráolíu í fyrradag.

Olíuverðið stökk upp um fjóra dali á tunnu og fór í rúma 134 dali, sem var met. Það var svo slegið aftur í fyrrinótt þegar verðið fór í 135 dali. Helsta ástæðan er mikil eftirspurn eftir olíudropanum og óvæntur samdráttur á olíubirgðum í Bandaríkjunum.

Olíuverðið hefur hækkað um nítján prósent það sem af er þessum mánuði. Bloomberg-fréttaveitan hefur eftir forsvarsmönnum OPEC-ríkjanna að verðlagningin liggi nú í höndum spákaupmanna og sé ekkert því til fyrirstöðu að verðið geti farið upp í 200 dali á tunnu fljótlega.

Gengi margra flugfélaga og rekstrarfélaga sem byggja afkomu sína að stórum hluta á olíu lækkaði sömuleiðis talsvert á bandarískum hlutabréfamarkaði í gær en norræna flugfélagið SAS fór niður um tvö prósent um hádegisbilið í gær. **- jab**

# Eftiráspekin er léttvæg

**Stýrivextir eru óbreyttir í 15,5 prósentum, samkvæmt ákvörðun bankastjórnar Seðlabanka Íslands í gær. Verðbólguhorfur til skemmri tíma hafa versnað, en bankastjórnin vonast engu að síður til þess að áður kynntur stýrivaxtaferill bankans kunni að halda. Litlar líkur eru því á að vextir lækki á næsta ákvörðunardegi stýrivaxta 3. júlí.**



**Í BYRJUN FUNDAR** Létt var yfir aðalhagfræðingi og bankastjórn Seðlabanka Íslands við upphaf kynningarfundar vaxtaákvörðunar í gær. Við borðið sitja Arnór Sighvatsson, Ingimundur Friðriksson, Eiríkur Guðnason og Davíð Oddsson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Verðbólga gæti orðið meiri á næstunni en Seðlabanki Íslands gerði ráð fyrir í spá sinni í apríl. Engu að síður telur bankastjórn Seðlabankans ekki ástæðu til að hreyfa við stýrivöxtum að sinni og eru þeir því óbreyttir í 15,5 prósentum, samkvæmt ákvörðun sem kynnt var í gær.

„Bankinn lítur til þess að aðhaldið sem núverandi vaxtastig veitir muni nægja til að verðbólgan láti að lokum undan þessum þrýstingi bankans og öðrum breytingum," segir Davíð Oddsson, formaður bankastjórnarinnar.

Ekki er hins vegar komið að lækkunarferli vaxta í bráð og „mikið óráð", að sögn Davíðs, að búast við lækkun á næsta ákvörðunardegi í júlí. Ekki verði slakað á peningalegu aðhaldi fyrr en sýnt sé að verðbólga sé á undanhaldi. Hann segir horft til þess að verðbólga taki undan að láta í lok ársins eða byrjun þess næsta.

„Samkvæmt spá Seðlabankans sem birt var í Peningamálum í apríl dregst innlend eftirspurn verulega saman á næstu árum og húsnæðismarkaðurinn kólnar. Merki um hið síðarnefnda hafa skýrst frá því í byrjun apríl og nú virðist einnig ótvírætt að tekið sé að draga úr vexti eftirspurnar," segir Davíð, en kveður enn ekki skýr merki um samdrátt á vinnumarkaði. Hann segir afar brýnt að aukin verðbólga til skamms tíma leiði ekki til víxlverkunar launa, verðlags og gengis.

Þá eru háum stýrivöxtum, með öðrum aðgerðum Seðlabankans og annarra stjórnvalda, svo sem aukinni útgáfu ríkisbréfa, ætlað að stuðla að stöðugleika á gjaldeyrismarkaði, sem mun vera mikilvæg forsenda þess að böndum verði komið á verðbólgu. Næsta þriðjudag verða gefin út ríkisskuldabréf fyrir 15 milljarða króna og kveðst Davíð búast við góðri þátttöku þar, enda hafi skort á slíka útgáfu. Útgáfan er sú fyrri af tveimur, en alls verða gefnir úr 25 milljarðar.

Þá bendir Davíð á að gjaldmiðlaskiptasamningar bankans við seðlabanka Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar hafi haft jákvæð áhrif á fjármálamarkaði, þótt þeir leysi ekki allan vanda. Um leið segir hann best að láta verkin tala þegar kemur að lántökum til eflingar gjaldeyrissjóðnum eða frekari samningum um lánalínur og er því ekki upplýst frekar um tímasetningar í þeim efnum.

Davíð gefur hins vegar ekki mikið fyrir skoðanir sem hagfræðingar hafa viðrað um að mistök hafi verið að byrja ekki miklu mun fyrr að efla gjaldeyrisvarasjóð þjóðarinnar. „Núna er í gangi margvísleg eftiráspeki og hún er tiltölulega léttvæg. En ef það er svo að menn uppi í Háskóla Íslands sáu fyrir þær þrengingar sem urðu á alþjóðlegum gjaldeyrismarkaði í júlí og ágúst 2007 þá held ég að þeir hefðu átt að segja frá því. Þeir hefðu getað sparað heimsmarkaðnum milljónir eða trilljónir evra og punda. Það er því vont að þeir skyldu þegja yfir þeirri vitnesku sinni," segir hann. Um leið bætir Davíð við að Seðlabankinn hafi, eftir að látið var af gengismarkmiði, aukið forða sinn jafnt og þétt. Þannig segist hann ekki muna til þess að hagfræðingar hafi fagnað sérstaklega ákvörðun sem tekin var um tvöföldun gjaldeyrisforðans árið 2006. **olikr@markadurinn.is**


## Eru ljón á veginum?
### Reynslusögur frumkvöðla

Hádegisverðarfundur Hvatar, laugardaginn, 24. maí
í Víkingasal Hótel Loftleiða kl. 12:00 – 14:00.

Hlutur kvenna í nýsköpun og frumkvöðlastarfi er mun minni en karla.
Konur sem fetað hafa braut einkaframtaksins segja frá sinni reynslu.
Voru ljón á veginum? Hvaðan kom drifkrafturinn?





Dagskrá
Setning – Áslaug Friðriksdóttir, formaður Hvatar
Ávarp – Guðfinna S. Bjarnadóttir, alþingismaður
Valgerður Hjartardóttir – Karitas
Unnur Stefánsdóttir – leikskólar heilsustefnunnar
Halla Margrét Jóhannesdóttir og Margrét Vilhjálmsdóttir, leikkonur
Rúna Magnúsdóttir – Tengjumst
Auður Capital – Þóranna Jónsdóttir

Fundarstjóri verður Hafdís Jónsdóttir í World Class.

Hádegisverður
Sítrusmarineruð kjúklinga- og grænmetisspjót með kryddsalati,
ítölsk ostakaka og kaffi.

Allir velkomnir
Aðgangseyrir 2000 kr. – hádegisverður innifalinn.

Vinsamlega tilkynnið þátttöku í síma 515 1700 eða sendið tilkynningu
á netfangið aslaug@sja.is eða á xd@xd.is.

XD SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN


# Tveir kærðir fyrir markaðsmisnotkun



**HELGI MAGNÚS** Helgi Magnús Gunnarsson er saksóknari efnahagsbrotadeildar.

Fjármálaeftirlitið kærði tvo menn, starfsmenn fjármálafyrirtækis, til ríkislögreglustjóra fyrr í mánuðinum.

Eftirlitið telur að mennirnir séu sekir um markaðsmisnotkun vegna viðskipta með skuldabréf.

Sex daga í röð urðu rétt fyrir lokun markaða kaup eða kauptilboð sem viku verulega frá kauptilboðum sömu viðskiptadaga.

Lög banna viðskipti eða tilboð sem gefa eða eru líkleg til að gefa framboð, eftirspurn eða verð fjármálagerninga ranglega eða misvísandi til kynna.

Samkvæmt upplýsingum frá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra hafa mennirnir tveir ekki verið kallaðir til yfirheyrslu, en það muni verða fljótlega. Hvorugur mannanna gegnir yfirmannastöðu.

Hvorki lögregla né fjármálaeftirlit gefa upp hvaða fjármálafyrirtæki á í hlut og ekki fást upplýsingar um upphæðir í skuldabréfaviðskiptunum.

Lögreglan segist þó reikna með því að rannsókn málsins taki skamman tíma, það sé ekki svo umfangsmikið.

Verði mennirnir sakfelldir fyrir markaðsmisnotkun gætu þeir átt sex ára fangelsi yfir höfði sér. **- ikh**



LITRÍK GARÐVEISLA!
HELGARTILBOÐ Á GRILLUM, HAANS GARÐHÚSGÖGNUM SUMARVÖRUM
3 ryðfríir brennarar
Rafstýrður kveikjari
4 hjól, 2 læsanleg
Hurðir úr stáli
Álbakki fyrir fitu
Postulínshúðað lok
Innfeldur hitamælir
Ryðfríar stálgrindur
Ryðfríar bragðburstir
Grillflötur: 66x49 sm
Weber Genesis S310
3000258
Helgarafsláttur 15%
6 ryðfríir brennarar
1 innfelld gashella
Álbakki fyrir fitu
Ryðfrítt stál lok
1 bakbrennari
Hurðir úr stáli
4 hjól, 2 læsanleg
Ryðfríar stálgrindur
Innfelldur hitamælir
Rafstýrður kveikjari fyrir hvern brennara
Ryðfríar bragðburstir
Grillflötur: 79x49 sm
1 brennari fyrir reykbox
Rafdrifinn snúningssteinn
Weber Summit S650
3000260
Helgarafsláttur 15%
NÝTT FRÁ HAANS
Haans / Agadir - svart
stækkanlegt borð, 160 / 210 x 90 4202108
79.900
~~94.900~~
egg afsláttur 15%
Haans / Agadir - svart
stóll án arma 4202105
15.990
~~18.900~~
egg afsláttur 15%
Haans / Agadir - svart
Stóll með örmum 4202106
19.490
~~22.900~~
egg afsláttur 15%
Haans / Agadir - svart
Legubekkur með örmum 4202107
42.490
~~49.900~~
weber FYLGIHLUTIR
Litrík kertaglös
2925634+35+51
verð frá 299
Sumarstell - hvítt og doppótt matarstell í garðinn
2903206-3215
verð frá 280
30% AFSLÁTTUR AF SUMARLEGU MATARSTELLI
Kersten - könnur / 2 stk í pakka
Rauðar, bláar, grænar, fjólubláar 2903127+28+44+45
299
EGG ER MEÐ ALLT TIL AÐ INNRÉTTA OG FEGRA HEIMILIÐ ÞITT
EGG SMÁRATORGI
EGG Smáratorgi Sími 525 3400 www.egg.is egg@egg.is Opið virka daga 10 - 18 Laugardaga 11 - 18 Sunnudaga 12 - 17

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Stjórnarsamstarf á umbrotatíma:

## Fyrsta árið

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Helsti ágalli gildandi kosningaskipunar og flokkakerfis er sá að kjósendur geta ekki sjálfir við kjörborðið valið á milli borgaralegra ríkisstjórna og vinstri stjórna. Kosturinn er á hinn bóginn sá að unnt er að mynda stjórnir með mjög breiða skírskotun út í samfélagið þegar mikið liggur við. Sú stjórn sem nú fagnar eins árs afmæli endurspeglar vel þennan pólitíska veruleika. Á þessum tímapunkti er rétt að spyrja hvort myndun hennar hafi verið skynsamlega ráðin.

Lánsfjárkreppan og gengisfall krónunnar er einhver mesta áraun sem ein ríkisstjórn hefur glímt við í langan tíma. Flest bendir til að stjórnin muni standast það próf. Forsætisráðherrann hefur stýrt varnarviðbrögðunum af hyggindum og festu en án upphrópana. Engir brestir eru í samstarfinu um þetta efni. Ekki verður séð að annað stjórnarmynstur hefði verið betur í stakk búið til að glíma við þetta stóra og margþætta viðfangsefni.

Stærsta spurningarmerkið í þessu samhengi lýtur að framtíðarstefnunni í peningamálum. Þar hefur stjórnin ekki enn haft svigrúm til að leggja trúverðuga línu til að sigla eftir. Sumir líta á ágreining stjórnarflokkanna um nokkur minni háttar mál sem alvarlegan veikleika. Einstakir viðburðir af því tagi eru satt best að segja óhjákvæmilegir fylgifiskar í jafn breiðu stjórnarsamstarfi og hér um ræðir. Í því efni verða menn að vega meiri hagsmuni gegn minni.

Sannleikurinn er sá að stjórnin er á stuttum tíma að koma fram mikilvægum skipulags- og kerfisbreytingum og hún hefur fundið lausnir á eldfimum stórpólitískum viðfangsefnum. Nefna má kerfisbreytingar í heilbrigðismálum, nýja sveigjanlegri og framsæknari skólalöggjöf og sátt um skipan eignarhalds á orkulindum. Þá hefur stjórnin verið einhuga um nýskipan varnarmála með stórauknum íslenskum umsvifum. Fá dæmi eru um að ríkisstjórn hafi náð saman um svo víðtækar og fjölþættar grundvallarbreytingar og lausnir á fyrsta starfsári.

Eini vegur stjórnarandstöðuflokkanna til valda er að komast upp á milli stjórnarflokkanna eða gera þeim erfitt fyrir innandyra. Stjórnarandstöðuflokkarnir eru einfaldlega of smáir til að geta sameiginlega verið sannfærandi ríkisstjórnarkostur. Forystumönnum VG hefur tekist að viðhalda þeim mikla styrk sem þeir náðu í síðustu kosningum án þess að færa sig nær miðju stjórnmálanna. Framsóknarflokkurinn er líka í sömu sporunum. En sú staða er þar á móti afar veik. Það hlýtur að valda forystu hans áhyggjum.

Til marks um árangur stjórnarandstöðunnar má nefna að forvígismönnum í VG tókst að verða eins konar hughrifavaldur um athafnir svonefndra sexmenninga í borgarstjórnarflokki Sjálfstæðisflokksins með kunnum afleiðingum. Forystu VG hefur einnig tekist að festa umhverfisráðherrann í málefnaneti sínum. Það er sneggsti bletturinn á stjórnarsamstarfinu. Sú staða felur á hinn veginn líka í sér einstakt sóknarfæri fyrir Framsóknarflokkinn. Stór stjórnarmeirihluti hefur því ekki keflað fámenna stjórnarandstöðu eins og ýmsir óttuðust.

Að öllu virtu er niðurstaðan sú að skynsamlegt var að mynda þessa ríkisstjórn. Hún er vafalaust besti stjórnarkosturinn í núverandi umróti í þjóðarbúskapnum. Á hinn bóginn er stjórnin um margt óskrifað blað þegar til lengri framtíðar er litið. Bollaleggingar um mögulega tveggja kjörtímabila stjórn eru því ekki raunhæfar eða tímabærar á þessum tímamótum í tilveru hennar.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björgvin Guðmundsson og Björn Ingi Hrafnsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

issn 1670-3871

Þátttakendur í rannsókn

Læknadeild Háskóla Íslands og Landspítali Háskólasjúkrahús óska eftir heilbrigðum sjálfboðaliðum til þátttöku í rannsókn á kremi og stílum unnum úr lýsi. Þátttakan felur í sér notkun á viðkomandi kremi og stílum tvisvar sinnum á dag í tvær vikur ásamt þremur læknisskoðunum. Greiðsla fyrir þátttöku er 15.000.- kr Rannsóknin er samþykkt af Lyfjastofnun og Vísindasiðanefnd.

Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við Orra Þór Ormarsson lækni email: orriorm@landspitali.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ekki sáttur

Róbert Marshall, varaþingmaður Samfylkingarinnar, beinir spjótum sínum að gömlu vinnufélögunum á fréttastofu Stöðvar 2 í grein í Fréttablaðinu í gær. Róbert telur, eins og margir aðrir, að fréttastofan hafi stigið út fyrir hlutverk sitt þegar hún tók að minna ítrekað á kosningaloforð Samfylkingarinnar um breytingar á eftirlaunum ráðamanna. Hann klykkir út með að benda á að Steingrímur S. Ólafsson, fréttastjóri Stöðvar 2, hafi verið upplýsingafulltrúi Halldórs Ásgrímssonar þegar eftirlaunalögin voru sett. Nú hafi hann gert fréttastofuna að þátttakanda í atburðarásinni.



### Ekki í fyrsta sinn

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Róbert er ósáttur við fréttaflutning Steingríms. Hann kunni honum til dæmis litlar þakkir þegar sjónvarpsstöðin NFS riðaði til falls. Þá birti Steingrímur iðulega fyrstu fréttir af atburðarásinni á vefsíðu sinni og virtist oft vita meira um afdrif stöðvarinnar en starfsfólkið sjálft.

### Er það eðlilegt?

Ólafur F. Magnússon borgarstjóri hefur látið taka saman minnisblað um ferðakostnað fjörutíu borgarfulltrúa og varaborgarfulltrúa undanfarin þrjú ár. Þetta er liður í viðleitni borgarstjóra til að standa fyrir opinni og gegnsærri umræðu um launamál borgarinnar. Efstur á listanum er Dagur B. Eggertsson með ferðakostnað upp á 3,3 milljónir; ferðakostnaður Gísla Marteins Baldurssonar er 2,4 milljónir en í þriðja sæti er Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson með tæpar tvær milljónir. Sjálfur rekur Ólafur lestina með engan ferðakostnað. Á fundi borgarráðs í gær lýsti Ólafur því yfir að við þessa skoðun hefði alls ekkert óeðlilegt komið í ljós. Er það svo? Sætir það ekki dálítilli furðu að borgarstjóri skuli einn manna ekki vera með eina einustu krónu í ferðakostnað?



bergsteinn@frettabladid.is

## SPOTTIÐ



# Systur og bræður – velkomin

**UMRÆÐAN**

Anna Pála Sverrisdóttir skrifar um innflytjendamál



ANNA PÁLA SVERRISDÓTTIR

Bræður og systur, verið velkomin til Íslands! Verið svo innilega velkomin og ég hlakka til að kynnast ykkur. Hlakka til að hjálpast að við að búa til fjölbreyttara, skemmtilegra og betra Ísland til að búa á.

Það sem við megum aldrei gleyma þegar við tölum um málefni innflytjenda, nýbúa, landnema eða hvað sem við viljum kalla hinn fjölbreytta hóp nýrra Íslendinga – er að segja nákvæmlega þetta og segja það hátt og skýrt: Verið velkomin! Velkomin til Íslands! Svo einfalt er það.

Fólk flytur til Íslands af mismunandi ástæðum. Sumt kemur kannski hingað einfaldlega til að búa sér betra líf, annað til að vinna tímabundið eða mennta sig, sumt vegna ástvina, enn annað sem flóttamenn. Við þurfum auðvitað að huga að mismunandi þáttum til að mæta þörfum ólíkra hópa. Og það er alveg víst að við þurfum að gera betur að mörgu leyti og að þar þarf stefnumótun og eftirfylgni við málaflokkinn að vera tekin föstum tökum af ríkinu, sveitarfélögum, atvinnurekendum og samtökum launþega. Raunar hefur margt gott verið að gerast í þeim efnum undanfarið ár.

Það sem mig langar samt mest til að tala um hérna er ekki opinberir aðilar eða lögpersónur heldur fólk. Fólk sem tekur á móti fólki.

Sá þáttur sem hefur úrslitaáhrif um aðlögun hlýtur á endanum að vera velvilji og virðing hvers einasta okkar gagnvart nýju fólki. Viljinn til að láta hlutina ganga upp og sjálfstraustið til að takast á við breytingar þannig að þær verði jákvæðar. Þar ber hvert okkar ábyrgð. Annars konar ábyrgð og sérstaklega mikla bera síðan þau sem hafa áhrif á opinbera umræðu, svo sem fjölmiðlar og stjórnmálafólk. Fjölmiðlar eiga ekki að segja „erlendur maður framdi glæp“ frekar en „Ísfirðingur framdi glæp“. Stjórnmálafólk á ekki að spila á ótta við hið framandi eða óþekkta og búa til ímynduð vandamál og fordóma í tilraunum til að halda flokki sínum inni á þingi.

Fiskverkafólk, listamenn eða lögfræðingar. Íslendingar, Taílendingar, Pólverjar eða Palestínumenn. Það sem sameinar okkur er að við erum öll bara fólk. Það sem við þurfum að passa er tilhneigingin til að skipta fólki svona rosalega í hópa, hugsa hlutina í við-þið og hafa þess vegna á okkur fyrirvara í samskiptum. Við þurfum líka að passa að tala ekki alltaf um „þetta fólk“. Fólk af erlendum uppruna er ekki bara einhver óskilgreindur massi heldur fólk af holdi og blóði, einstaklingar, sem eru ólíkir og hafa ýmislegt fram að færa en glíma líka við vandamál rétt eins og við „afkomendur víkinganna“ sem líka erum ólík innbyrðis. Þannig eigum við að varast að dæma stóra hópa út frá hegðun einstaklinga, heldur takast til dæmis á við félagslegar áskoranir um leið og við að sjálfsögðu spornum gegn alþjóðlegri glæpastarfsemi eins og annarri.

Aðgát skal höfð í nærveru sálar, eins og hinn rammíslenski Einar Ben orti. Og Reykjavíkurskáldið Tómas orti um að hjörtum mannanna svipaði saman, hvort sem er í Súdan eða Grímsnesinu. Höfum þetta tvennt í huga.

Njótum hvers annars, hvaðan sem við komum.

*Höfundur er formaður Ungra jafnaðarmanna.*




# DENON ÞAÐ BESTA Í HLJÓÐI OG MYND

*Með Denon DVD-Home Entertainment System*





**DENON S-302**

- Vandað og kraftmikið heimabíókerfi
- Surround hljóð úr 2 hátölurum og bassaboxi
- DVD/CD afspilun – AM/FM útvarp
- DVD/VCR uppskölun - kapall eða gervihnattamóttaka – 1080P HD
- Spilar tónlist af tölvum, iPod, CD diskum eða internet útvarpi
- Hægt að tengja við iPod
- Hátalarastandar fást sem aukahlutir



Network HDMI AL24 Processing iPod DCD MP3

**Einar Farestveit & Co.hf.**

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

# Að vera eða ekki vera...



Eftir Svöfu Grönfeldt

Samkeppnishæfni og árangur Íslands undanfarna áratugi byggir á þeirri hugsun að Íslendingar geti látið til sín taka á alþjóðlegum vettvangi. Við höfum stundum teygt okkur hátt, svo hátt jafnvel að stærri þjóðir lyfta brúnum. „Það getur ekki verið að Íslendingar séu aðeins 300.000“... „Fyrirtæki frá þessu litla landi geta ekki haft þennan styrkleika“... „Það er ekki hægt að byggja háskóla á heimsmælikvarða á hjara veraldar“. Það er skiljanlegt að við vekjum stundum undrun, en það er ótrúlegt hverju hægt er að áorka ef maður telur sér ekki trú um það fyrirfram að það sé ekki hægt. Árangur okkar er oft á tíðum tilkominn vegna þess að við virðum eða þekkjum ekki takmarkanirnar og tökum okkur sæti á fremsta bekk í alþjóðlegum viðskiptum og samstarfi.

## Maður eða mús

Á Íslandi takast á tvenns konar viðhorf gagnvart því hvaða stöðu Ísland eigi að hafa í samfélagi þjóðanna. Annars vegar að Ísland sé þjóð sem sé að vísu smá en geti og eigi að vera þátttakandi í alþjóðasamstarfi. Hins vegar það viðhorf að Ísland sé það sem kallað er „örríki“ og því of lítið til að láta að sér kveða í samfélagi þjóðanna. Smáþjóðin hefur skoðanir, sækist eftir ábyrgð og óttast ekki að starfa með öðrum þjóðum á jafnréttisgrundvelli. Örríkið hefur tilhneigingu til að einangra sig vegna ótta um að hverfa í skuggann af stærri ríkum í alþjóðlegu samstarfi og í alþjóðlegri samkeppni. Það er í anda smáþjóðar að sækjast eftir samkeppni á opnum, alþjóðlegum mörkuðum og takast á hendur verkefni í þróunaraðstoð á vegum Sameinuðu þjóðanna og annars staðar í alþjóðakerfinu. Örríki á hins vegar ekkert erindi til útlanda, lokar sig fyrir samkeppni og „á nóg með sitt“.

## Sjálfstraust og sóknarfæri

Ein stærsta spurning í samtímanum varðar samskipti okkar við Evrópusambandið (ESB). Við megum ekki gleyma því að sú ákvörðun að starfa náið með ESB hefur þegar verið tekin. Fáum ef nokkrum kemur til hugar að snúa baki við EES-samningnum, enda eru ríflega 70% viðskipta okkar við aðildarríki Evrópusambandsins og fjármálafyrirtæki, iðnfyrirtæki og þjónustufyrirtæki eru hluti af innri markaði ESB.



Við eigum EES-samningnum margt að þakka og afleiðingar þess ef hann félli úr gildi yrðu miklar fyrir allt efnahagslífið. Spurningin er hvort við eigum að taka skrefið til fulls með þátttöku í efnahags- og myntbandalagi ESB, upptöku evrunnar og jafnframt aðild að sjávarútvegsstefnu og landbúnaðarstefnu sambandsins auk annarra málaflokka sem eru að hluta til eða alveg utan EES-samningsins. Fullri þátttöku fylgja kostir og gallar, kostnaður og ágóði. Líta má á Evrópusambandsaðild sem eðlilegt skref í alþjóðavæðingu íslensks atvinnulífs. Einnig má líta á Evrópusambandsaðild sem takmörkun á athafnafrelsi íslenskra stjórnvalda.

Það má spyrja hvort aðildarumsókn sé áhættunnar viðri. Einnig má spyrja hvort sé meiri áhætta; að gera ekkert og vera eitt af fáum Evrópuríkjum utan ESB eða að ganga til aðildarviðræðna og bætast í hóp 27 aðildarríkja? Hver sem niðurstaðan verður í þessari umræðu þá er mikilvægt að við tökum ákvarðanir með trú á eigin getu og möguleika. Við þurfum að hafa skýra sýn á valmöguleika og hafa sjálfstraust til að taka okkar eigin ákvarðanir, óhrædd við alþjóðlegt samkeppnisumhverfi og óhrædd við að marka okkur stöðu í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi, við hlið annarra fullvalda ríkja.

*Höfundur er doktor í vinnumarkaðsfræði og rektor Háskólans í Reykjavík.*


## Sparaðu með Miele

**MIELE ÞVOTTAVÉL**
**- fjárfesting sem borgar sig**

| | |
|---|---|
| **MIELE TILBOÐ NR. 1** | |
| Þvottavél W1514 | kr. 124.995 |
| Þurrkari T7634 | kr. 104.995 |
| Parið | kr. 229.990 |
| Vinnustund | kr. 23.00 |
| **MIELE TILBOÐ NR. 2** | |
| Þvottavél W1514 | kr. 124.995 |
| Þurrkari T7644C* | kr. 114.995 |
| Parið | kr. 239.990 |
| Vinnustund | kr. 24.00 |
| **MIELE TILBOÐ NR. 3** | |
| Þvottavél W1714 | kr. 139.995 |
| Þurrkari T7634 | kr. 104.995 |
| Parið | kr. 244.990 |
| Vinnustund | kr. 24.50 |
| **MIELE TILBOÐ NR. 4** | |
| Þvottavél W1714 | kr. 139.995 |
| Þurrkari T7644C* | kr. 114.995 |
| Parið | kr. 254.990 |
| Vinnustund | kr. 25.50 |

*Þurrkari m. þétti

**Miele - líklega endingarbesta og ódýrasta parið**
**Í upphafi skal endinn skoða!**

Miele







Miele þvottavélar eru prófaðar til að endast í 10.000 klst.

vilborga@centrum.is

## Hreinn sparnaður

**DÆMI FRÁ MIELE:**
Þvottavél og þurrkari með þétti kr. 239.990/10.000 vinnustundir = kr. 24,00 hver vinnustund.

**DÆMI FRÁ SAMKEPPNISAÐILA:**
Þvottavél og þurrkari kr. 189.000/6.000 vinnustundir = kr. 32,50 hver vinnusund.

**Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur**

EIRVÍK *-hágæðaheimilistæki*

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri Sími 588 0200 | www.eirvik.is


# Kæri Guðlaugur

**UMRÆÐAN**
Gísli Vilhjálmsson tannlæknir skrifar opið bréf til heilbrigðisráðherra



GÍSLI VILHJÁLMSSON

Erindi mitt við þig er að fræða þig um hvað foreldrar barna með skarð í vör og góm ræða við mig daglega. Útgjöld við tannréttingar sem heilbrigðisyfirvöld neita að greiða þrátt fyrir lög þar um. Ráðherragjaldskrá vegna endurgreiðslu tannréttinga þarf að hækka. Nú er komið að þér að standa við kosningaloforðin og bæta hag þessara barna!

Tannréttingar barna með skarð í vör og góm hafa verið í umræðunni upp á síðkastið í fjölmiðlum. Hafa forráðamenn Landspítala (LSH) hreykt sér af því að nú eigi að leysa kostnað við tannréttingar með því að stofna embætti ríkistannréttingatannlæknis við LSH og muni þá vandræðagangur Heilbrigðisráðuneytisins(HR) og Tryggingastofnunar ríkisins við kostnað vegna tannréttinga vera úr sögunni. Nú muni hefja störf á LSH tannréttingasérfræðingur og muni hann sjá um meðferð þessara barna.

Þegar yfirmenn spítalans eru spurðir nánar um framkvæmdina kemur í ljós að ekki er nein slík aðstaða fyrir hendi. Tannlæknirinn sem ráðinn var mun að eigin sögn ekki stunda meðferð við spítalann heldur hefur aðeins verið ráðinn í 10% stöðu sem ráðgjafi. Til að bjóða börnunum upp á fullkomna meðferð þarf vel búnar tannréttingastofur með þjálfuðu starfsfólki og tækjabúnaði fyrir tugi milljóna. Eitthvað mun þetta kosta LSH! Má ekki nota þessa fjármuni til að hækka núverandi ráðherragjaldskrá, þeim til hagsbóta sem þurfa á þjónustunni að halda? Þeir fjármunir sem Landspítalinn fékk á fjárlögum til stuðnings börnum með skarð, voru hugsaðir til þess, en ekki til að þenja út ríkisbáknið. Ekki mun ríkistannréttingatannlæknir vera launalaus á LSH, – eða hvað? Það eina sem HR þarf að gera er að fylgja verðlagi í landinu, kanna meðaltal verðlagningar á tannréttingastofum í landinu og leiðrétta endurgreiðsluskrá ráðherra sem ekki hefur verið hækkuð í áraraðir. Þess vegna eru foreldrar þessara barna að kvarta. Ekki vegna þjónustunnar sem tannréttingasérfræðingar hafa verið að bjóða.

Ásta Möller kom í Kastljós og sagði að ekki væri hægt að endurgreiða kostnað vegna þess að ekki væru samningar við tannréttingasérfræðinga. Það er ekkert nýtt. Engir samningar hafa verið í gildi síðan 1991, en í lögum er gert ráð fyrir að slíkt geti komið upp á. Það forðar þó ekki HR frá því að greiða sanngjarnan hlut til baka af kostnaði vegna tannréttinga þessara barna. HR hefur bara þótt ágætt að hafa þetta svona til að spara útgjöld. Börnum með skarð er ekki boðið upp á aðra gjaldskrá á stofum tannréttingasérfræðinga en þá sem allir aðrir þurfa að borga. Einhver munur er á milli stofa eins og gerist og gengur í frjálsri samkeppni. HR er í lófa lagið að kanna meðaltalsverð á stofunum og greiða í samræmi við þá niðurstöðu, enga samninga þarf til þess. Þó að samið yrði við sérfræðinga um verðskrá, yrði hún ekki lægri en gengur og gerist á stofunum í dag. Þetta vita þeir hjá samninganefnd HR og þess vegna tala þeir ekki við okkur sem höfum séð um þessi börn í gegnum tíðina. Þeim finnst ágætt að velta þessum kostnaði yfir á herðar foreldra þó að lög í landinu geri ráð fyrir að hið opinbera styðji vel við bakið á þeim sem eignast börn með þennan fæðingargalla.

Einnig er undarlegt að sjá í fréttinni, að ekki skuli vera leitað áfram til Tannlækningastofnunar/Tannlæknadeildar HÍ, samstarfsaðila LSH. Þar er í forsvari Teitur Jónsson lektor, sem hefur mikla reynslu úr eigin starfi af meðferð barna með skarð í vör og góm og vann einnig ásamt foreldrafélaginu Breiðum brosum og þverfaglegum sérfræðingahópi, m.a. frá LSH, að þjónustuferli sem sett var saman nýlega einmitt fyrir þessi börn.

Stjórnarsáttmáli núverandi ríkisstjórnar var meðal annars byggður á því að gera vel við börn og var sérstaklega minnst á tannlækningar í því sambandi. Guðlaugur, þér hefur verið tíðrætt um forvarnir í embætti og að styðja eigi við einkaframtakið þegar það er hagstæðara fyrir hið opinbera. Hvernig væri nú Guðlaugur, að standa við loforðin um bætta þjónustu vegna tannréttinga barna. Byrja á að leiðrétta gjaldskrána eins og áður er sagt. Einnig mætti skoða styrkgreiðslur til almennra tannréttinga og láta þær fylgja verðlagi. Sá styrkur er aðeins 150 þúsund, en ætti að lágmarki að vera 300 þúsund í dag. Einnig eru forréttingar eða forvarnir barna með alvarlega bitskekkju ekkert styrktar.

Að lokum skal það skýrt tekið fram að hér er ekki um að ræða baráttumál tannlækna. Eins og margsinnis hefur komið fram þá fá tannlæknar allt greitt frá hendi sjúklings eða forráðamanna. Ráðherragjaldskrá snýst um endurgreiðslur til foreldra en ekki til tannlæknisins. Mér finnst þó málið okkur skylt, þar sem við þjónum þessum einstaklingum og getum ekki annað en fundið til samúðar með þeim vegna tregðu yfirvalda til sanngjarnrar málsmeðferðar.

Guðlaugur, nú er komið að þér að koma með skjótar sanngjarnar leiðréttingar en draga ekki lappirnar eins og forverar þínir.

*Höfundur er tannlæknir.*

## AF NETINU

### Hvað verður um fötin?

**Örn Ragnarsson, verkefnisstjóri RKÍ, skrifar:**

Rauði krossinn tekur á móti fatnaði um allt land sem allur nýtist beint og óbeint til hjálparstarfs.

Á höfuðborgarsvæðinu er Rauði krossinn í samstarfi við SORPU um söfnun á fatnaði. Á öllum endurvinnslustöðvum SORPU er að finna söfnunargám Fatasöfnunar Rauða krossins. Þeir eru hvítir og vandlega merktir Rauða krossinum. Fötin sem safnast í söfnunargámana eru flutt í Fataflokkunarstöð Rauða krossins í Hafnarfirði. Deildir Rauða krossins á Suðurnesjum, Akureyri og í Skagafirði flokka og úthluta þeim fatnaði sem þangað berst.

Hluti fatnaðarins er gefinn þeim sem á þurfa að halda hér innanlands. Á síðasta ári fengu 2.196 einstaklingar úthlutað fatnaði. Einnig rekur Fatasöfnunin tvær verslanir, að Laugavegi 12 og Strandgötu 24, sem selja notuð föt á góðu verði.

Stærsti hluti fatnaðarins er seldur til flokkunarfyrirtækja í Evrópu og er það helsta tekjulind fatasöfnunarverkefnisins.

Öllum hagnaði af rekstri Fatasöfnunar er varið til hjálparstarfa erlendis. Þannig hefur ágóði af sölu á íslenskum fatnaði verið nýttur til að kosta verkefni í Mongólíu, Sierra Leone og Mósambík. Framlagi síðasta árs, átta milljónum króna, verður varið í verkefni til styrktar ungmennum í Palestínu.

Þessu til viðbótar er sérvalinn fatnaður og sérútbúnir pakkar „Föt sem framlag” sem sjálfboðaliðahópar um land allt útbúa sendir til Afríku. Voru þrír slíkir gámar sendir til Malaví og Gambíu á síðasta ári.

Fötum er úthlutað til þeirra sem á þurfa að halda alla miðvikudaga klukkan 9-14 í Fataflokkunarstöð Rauða krossins að Gjótuhrauni 7, Hafnarfirði, sími: 587 0900, netfang: fataflokkun@redcross.is.



# Ódýrt og gott
*í hádeginu*

Í kaffiteríunni Perlunnar er hægt að fá alls kyns góðgæti á frábæru verði: Fylltar pönnukökur (crépes), samlokur, pizzur, súpubar, nýbökuð brauð og gómsætan salatbar. Eins er hægt að fá heimatilbúinn ítalskan ís, alls kyns ísrétti, kökur og tertur. Nýlega bættust svo belgískar vöfflur á matseðilinn (láttu það eftir þér – þær eru algerlega þess virði).

Við Perluna eru næg **ókeypis bílastæði.**

*Gjafabréf Perlunnar*
*Góð tækifærisgjöf!*



**4ra rétta tilboð**
*á veitingastað Perlunnar*

**Léttreyktur lax**
með granateplum og wasabi-sósu
**Kókos og engifersúpa**
með grilluðum tígrisrækjum
**Lambahryggur**
með lambaskanka og rósmarínsósu
**Banana- og súkkulaðifrauð**
með vanillusósu

**Verð: 6.490 kr.**

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Hringbrot




Harpa tekur öllum áskorunum í eldhúsinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Toppað með fetaosti

***Harpa Ægisdóttir, sem vinnur hjá Golfklúbbi Reykjavíkur, er mikil matreiðslukona og veit hvað hún syngur í eldhúsinu.***

Harpa gefst aldrei upp við matseldina og hjólar í hvaða uppskrift sem er. Margir réttir eru í uppáhaldi hjá henni en það er þó einn réttur sem stendur upp úr en það er kjúklingur í satay-sósu með kúskús, spínati og fetaosti.

„Ég fékk uppskriftina hjá Herborgu samstarfskonu minni sem var svo yndisleg að segja mér frá henni. Ég hef eldað kjúklinginn fyrir gesti mína og kærastann minn sem er alveg vitlaus í hann. Réttinum hefur verið tekið mjög vel af öllum og þá sérstaklega börnum, sem rífa hann í sig af bestu lyst," útskýrir Harpa ánægð.

Kjúklingaréttinn hennar Hörpu er einfaldur og laus við óþarfa smámunasemi. „Innihaldið er þrjár til fjórar kjúklingabringur, hálfur poki af spínati, einn pakki af kúskús, ein dós af satay-sósu, hálf lítil dós af kókosmjólk, hálf krukka af fetaosti eða eftir smekk og svo naan-brauð sem meðlæti," lýsir Harpa og bætir við. „Kjúklingabringurnar eru skornar í litla bita og steiktar á pönnu. Satay-sósunni og kókosmjókinni er hrært saman í skál. Sósunni er svo hellt út á kjúklinginn á pönnuna og látið malla í smá stund. Kúskúsið er soðið. Spínatið er sett í skál, kjúklingurinn í sósunni ofan á það, síðan kúskúsið. Fetaosturinn er svo settur ofan á til þess að hann bráðni smá." Rétturinn er borinn fram sem aðalréttur og ekki skal gleyma naan-brauðinu og svo er gott að skola öllu niður með góðu hvítvíni.

*mikael@frettabladid.is*


**nýr matseðill**
...og kroppurinn blómstrar



**Sushi**
SÝNISHORN ÚR MATSEÐLI

202. Ferskt Nings Sushi 6 bitar.
203. Ferskt Nings Sushi 10 bitar.
204. Ferskt Nings Sushi 30 bita veislubakki.
205. Ferskt Nings Sushi 50 bita veislubakki.
Ath! Veislubakka þarf að panta með dags fyrirvara.

MSG
LO SALT
TRANS FITA

**NINGS**

www.nings.is

SUÐURLANDSBRAUT 6 • HLÍÐASMÁRA 12 • STÓRHÖFÐA 17 • SÍMI 588 9899



**Ávextir** eru ekki aðeins hollir heldur einnig góðir. Gaman er að nota ávexti í ýmsa sumarlega og litríka rétti eins og til dæmis salöt.


GEORGE FOREMAN
Nýtískuleg hönnun og mismunandi stærðir
GR-19 Með brauðhitara
GR-26 Með burstuðu stáli, tímastilli og hitarofa
GR-35 Stærra en GR-26, Með burstuðu stáli, tímastilli og hitarofa
Nánar á:
www.marco.is






Karsinn gefur fiskréttum bæði lit og bragð. MYND/GUN

# Fljótsprottið krydd

***Meðan við bíðum eftir grænmetisuppskeru úr garðinum er upplagt að hafa ílát með karsa í eldhúsglugganum.***

Karsinn er kryddjurt sem gaman er að klippa yfir mat um leið og hann er borinn á borð, til dæmis kartöflur og fiskrétti. Líka brauð með alls konar áleggi svo sem skinku, osti og eggjum. Þótt bragðið virðist beiskt þegar jurtin er étin ein og sér gefur hún bæði ferskan keim og lystaukandi lit.

Það skemmtilegasta við karsann er hversu undrafljótur hann er að vaxa. Fræin eru sett ofan á moldina og vökvuð vel og þau byrja að spíra strax á öðrum degi. Svo þjóta angarnir upp og teygja sig mót birtunni. Eftir viku er uppskeran tilbúin. Gott er að vera með nokkur ílát í gangi, nota úr einu í hvert sinn og sá svo strax í það aftur. *- gun*



Karsinn er undrafljótur að vaxa.

# Pönnsur í pökkum

***Pönnukökuefni með ólíku bragðefni er nokkuð sem gott er að grípa til.***

Fátt freistar meira en heitar pönnukökur, nema ef vera skyldi myndskreyttar pakkningar með mismunandi pönnukökumixi. Þessar rákumst við á í Duka í Kringlunni og fannst þær eiga erindi á prent. Bláberjabragð, epli og kanill, auk þessara venjulegu sem aldrei svíkja. Gott til að skella í á sunnudagsmorgni eða með tesopanum síðdegis, hvort sem er heima eða í sumarbústaðnum.

Í hverjum pakka er efni í átta stykki, segir á umbúðunum. *- gun*




viðurkenning
TIL HAMINGJU
starfs
fólk
DOMO
FOOD & WINE GO LIST 2008
...með frábæran árangur.
Góður andi og framúrskarandi fagmennska ykkar hefur komið nafni DOMO á hinn eftirsótta lista
"Food & Wine /Go List 2008"
ÞINGHOLTSSTRÆTI 5
101 REYKJAVÍK
TEL. 552 5588
DOMO@DOMO.IS
WWW.DOMO.IS
DOMO





Eurovision
Áfram Ísland!
Castello
PIZZERIA





Ekta eldbakaðar ítalskar pizzur







Sími 577 3333
Castello Pizzeria
Sími 577 3333
Dalvegi 2
201 Kópavogi
Opnunartími
Sunnud.- fimm. 11-1
föstud. og laugard. 11-3



Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

# Bæði fallegt og gómsætt

***Þegar boðið er til veislu er tilvalið að bjóða gestum upp á sushi. Þessi japanski fingramatur er alltaf klassískur og alls ekki eins flókið að útbúa og margir halda.***


Stefanía segir mikilvægt að velja ferskt og gott hráefni til sushigerðar.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Það er ofsalega gaman að búa til sushi en maður verður að gefa sér góðan tíma,“ segir Stefanía Ingvarsdóttir í Sushismiðjunni. „Maður hendir þessu ekkert saman á nokkrum mínútum. Það tekur rúman klukkutíma að sjóða hrísgrjónin samkvæmt kúnstarinnar reglum og svo þarf að skera hráefnið til,“ segir Stefanía og bætir því við að það sé mesti misskilningur að fólk þurfi að vera útlært í sushi til að geta notið þess. „Í Japan er sushi fingramatur svo maður þarf ekki einu sinni að stressa sig á að kunna á prjónana. Það er vissulega ákveðin seremónía í kringum sushi en hún er fljótlærð,“ segir Stefanía.

Vasabi er nauðsynlegt að hafa með öllu sushi og það má kaupa í næstu matvöruverslun, annaðhvort tilbúið í túbu eða sem duft sem þarf að blanda í vatni. Noriþarablöð þarf einnig að kaupa ætli maður að útbúa sushi og gott er að eiga bambusmottu til búa til rúllurnar. „Þú færð allt til sushigerðar í næstu matvöruverslun. Mestu skiptir síðan að velja ferskt og gott hráefni,“ segir Stefanía sem sjálf er afar sólgin í sushi og var fús til að gefa lesendum hugmyndir að nokkrum sushibitum. Hún segir skemmtilegast að blanda saman og hafa mismunandi bita. Það gælir við bragðlaukana og er líka fallegra á borðinu. *thorgunnur@frettabladid.is*

**HRÍSGRJÓNIN**

Hrísgrjónin skipta miklu máli í sushigerð. Best er að nota ekta sushihrísgrjón og sjóða þau samkvæmt leiðbeiningum á umbúðunum. Fyrst þarf að leggja grjónin í bleyti og skola þau vel og láta þau standa áður en þau eru soðin. Mikilvægt er að nota sushiedik, sem fæst í matvöruverslunum, svo grjónin loði vel saman.



**PÚRRUBITI**

Í þennan bita er notuð púrra sem er skorin í strimla og léttsteikt (eða svituð) á pönnu. Japanskri sojasósu og nokkrum dropum af sesamolíu er skvett út á og látið sjóða í örlitla stund eða þar til laukurinn er orðinn mjúkur. Þegar bitinn er settur saman er valið eitt blað í ljósari kantinum og annað dökkt, það er einnig fallegt að setja örþunnt skorna paprikusneið með sem gott er að steikja á pönnunni með lauknum svo hún mýkist. Búinn er til hrísgrjónakoddi (úr um það bil einni matskeið af hrísgrjónum). Blöðin af púrrunni og paprikan eru lögð ofan á hrísgrónin með vasabi á milli og svo bundið saman með nori (þarablöðum).



**SMÁLÚÐUBITI**

Hrár smálúðubiti er lagður ofan á hrísgrjónakodda með vasabi á milli. Vasabi sesamfræum er stráð yfir fiskinn og japanskri chili kryddblöndu. Á sama hátt má búa til góða laxabita eða túnfiskbita.



**RÚLLA MEÐ RISARÆKJU**

Í eina rúllu þarf þrjár til fjórar stórar risarækjur. Rúllurnar eru gerðar þannig að noriblað er lagt á sérstakar rúllumottur (sem fást í flestum matvöruverslunum) og um það bil 180 grömmum af soðnum sushigrjónum er dreift yfir blaðið. Lína af vasabi er sett yfir hrísgrjónin og rækjufyllingin þar ofan á. Í henni eru soðnar risarækjur, salat, avókadó, soðin rófa skorin í strimla, japanskt majones og steikt púrra með soja og sesam. öllu þessu er rúllað upp og best er að láta rúlluna standa í smástund svo þarinn sé orðinn blautur þegar rúllan er skorin í sneiðar.




Stórsveit Stefáns P
alla helgina! Áfram Eurobandið!
Ráin
Reykjanesbæ • Hafnargötu 19 • Sími: 421 4601 • www.rain.is • rain@rain.is

Við erum í svo miklu vorskapi að við ætlum að ljóstra upp leyndarmálinu okkar bakvið Eika Feita-borgarann!
UPPSKRIFTIN
McCain
Setjið 40 mg af
ómótstæðilegt.

EIKI FEITI
Barðastöðum 1 - 5
S: 517 - 0667
www.eikifeiti.is
EF UPPSKRIFTIN HEPPNAÐIST EKKI HJÁ ÞÉR ÞÁ ERTU ALLTAF VELKOMIN TIL OKKAR!







Hótel Hvolsvöllur er staðsett í hjarta Njáluslóða þar sem sagan svífur yfir vötnum aðeins um 100 km frá Reykjavík


Gunnars Bar

Ekki er ráð…
…nema í tíma sé tekið!
Við erum farin að skipuleggja haustið.
Fundir, ráðstefnur, árshátíðir, villibráð, jólahlaðborð og aðrir mannfagnaðir.
Fimmtíu tveggja manna og fjögur einsmanns herbergi. Einnig eru tvö herbergi hönnuð með sérþarfir fatlaðra í huga. Öll herbergi eru innréttuð með baði, síma, sjónvarpi, hárþurku og þráðlausu netsambandi. 2 heitir pottar.

hótel hvolsvöllur
Hlíðarvegur 7 | 860 Hvolsvöllur | s: 487 8050 | fax: 487 8058
hotelhvolsvollur@simnet.is | www.hotelhvolsvollur.is/
grafiska.is – 08-107

**Hjólreiðatúrar** eða gönguferðir og sund er tilvalin afþreying fyrir alla fjölskylduna um helgina sem er fram undan, sérstaklega þegar veðrið er orðið svona gott.






Útskriftarkjólar

Ótrúlegt úrval

FLASH

Laugaveg 54,
sími: 552 5201

vísir.is
„...ég sá það á vísi"


# Stelpur standa saman

***Hátíðin Valkyrjur verður haldin í fyrsta sinn nú um helgina í Hinu húsinu. Hún er opin öllum konum frá 15 til 25 ára.***

„Hugmyndin er að draga konur ekki í dilka heldur leyfa þeim að vera eins og þær vilja," segir Eva Einarsdóttir, verkefnastjóri og kynningarfulltrúi Hins hússins.

„Með Valkyrjum viljum við lýsa upp og fagna fjölbreytileika stelpna og ungra kvenna, vinna gegn þeirra eigin staðalímyndum og benda á að stelpur geta og mega vera mjúkar, harðar, töffarar, dömur, artí, skvísur, pæjur, hippsterar, femínistar eða blanda af öllu því sem þær velja að vera," segir Eva um markmið hátíðarinnar, sem hefst í kvöld með opnunargleði þar sem Ladycats leikur fyrir gesti og farið verður í skoðanaleikinn „Rauða línan".

„Þar vörpum við fram spurningum um allt frá pólitík til þess hvort stelpur séu ögrandi í stuttum pilsum. Með slíkum leik getum við sýnt fram á að það er í lagi að standa fyrir skoðunum sínum, rétt eins og að breyta um skoðun, læra að taka afstöðu og þora að segja að maður hafi rangt fyrir sér," segir Eva, sem í daglegu starfi Hins hússins vill sjá fleiri ungar konur.

„Við viljum fá þær hingað til að sameinast og kynna fyrir þeim að hér erum við með margvíslega ráðgjöf, ýtum undir frumkvöðlahugsun, styðjum hugmyndir og erum í raun og sann verkfæri fyrir þær," segir Eva, sem á morgun hefur einsett sér að læra á bor.



Eva Einarsdóttir er verkefnastjóri og kynningarfulltrúi Hins hússins, en þar verður dásamleg opin stelpnahátíð alla helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Á morgun verða í boði ýmsar spennandi skemmur. Við báðum stelpur að telja upp hvað þeim þætti mest spennandi að kynnast á svona hátíð og kom rómantískt á óvart að matreiðsla var efst á lista. Í öðru sæti var kynlíf, ástir og unaður, sem verður skemma í umsjón Ragnheiðar Eiríksdóttur hjúkrunarfræðings, og svo jógaskemma þar sem Sigga W. kennir. Aðrar áhugaverðar skemmur eru Flýtitíska í umsjá Söru Maríu í Nakta apanum, framkoma og tjáning í umsjá Dóru Jóhannsdóttur leikkonu og ljósmyndun dags daglega í umsjá Juliu Staples. Einnig verða í boði örnámskeið þar sem kennt verður að skipta um dekk, tékka á olíunni, nota borvél, prjóna, skreyta lampa, nudda og mála sig," segir Eva, sem finnur mikinn áhuga ungra kvenna á slíkri stelpnahátíð.

„Ef vel tekst til höldum við ótrauðar áfram á næsta ári. Konur af þessari kynslóð eiga sammerkt að vera kraftmiklar, sköpunarglaðar, lifa í samkennd og samstöðu með hvorri annari. Þær peppa hverja aðra upp og það viljum við ýta undir og vinna með."

Aðgangur á Valkyrjur er ókeypis. Skráning í lokaðar skemmur eru á heimasíðunni www.hitthusid.is.

*thordis@frettabladid.is*




Players Sport Café

Á MÓTI SÓL

Spila á föstudags og laugardagskvöldið

FÖSTUDAGINN 23. MAÍ

Dagskrá:
KL.16.30 Fílabeinsströnd-USA U20
KL.18.15 Þýskaland-Ukraína U21
KL.18.50 Ítalía-Tyrkkland U20

Á MÓTI SÓL Kl. 00:30

LAUGARDAGINN 24. MAÍ

Dagskrá:
KL.12.15 Eintracht Frankfurt-Umea
KL.14.00 Bristol City-Hull Úrslit
KL.14.00 Queen of the south-Rangers
KL.16.30 Chile-Japan U20
KL.16.30 Rakkland-Holland U20
KL.18.45 Írland-Serbía Vináttu
KL.19.00 EUROVISION keppnin

Á MÓTI SÓL - Kl. 00:30

PLAYERS
KÓPAVOGUR

Players Sport Café
Bæjarlind 4 • 200 Kópavogi • S: 5 445 514

# FÖSTUDAGUR

23. MAÍ 2008

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS




Rúnar og Heiða í Nikita

## Útrás er þreytandi frasi

## HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA UM HELGINA?

*Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi*



„Í dag er víst planið að spila fótbolta með föngum á Litla-Hrauni að ég held, en annars er bara ráðgert að eyða helginni í faðmi fjölskyldunnar. Ég mun horfa á Eurovision-keppnina á laugardagskvöldinu, með báðum ef við komust áfram en einungis öðru ef svo verður ekki raunin. Annars erum við fjölskyldan á fullu að undirbúa okkur fyrir hjólreiðatúr um Evrópu í sumar og munum því bókað taka einhverjar hjólreiðaæfingar um helgina, eflaust úti í Gróttu.“

# Nýr verslunarstjóri í Habitat

„Ég er að fara að taka við starfi verslunarstjóra Habitats,“ staðfestir hönnuðurinn Guðlaug Halldórsdóttir betur þekkt sem Gulla í Má mí mó. Þegar verslunin flutti í nýtt húsnæði á dögunum í Holtagörðum aðstoðaði hún eigendur Habitat við að staðsetja nýju búðina. „Þrátt fyrir að hafa starfað að hönnun í áraraðir þekkti ég ekki vel til verslunarinnar og þeirri vönduðu hönnunarvöru sem hún býður upp á. Það má því eiginlega segja að það hafa opnast fyrir mér nýjar víddir,“ viðurkennir Gulla sem varð yfir sig hrifin af Habitat í orðsins fylgstu merkingu. „Ég hafði spurnir af því að þau væru að leita að verslunarstjóra í verslunina og sótti ég um starfið í kjöfarið,“ segir hún. Gulla hefur rekið Þrjár hæðir síðastliðin misseri. „Ég hætti með reksturinn á versluninni en held áfram með textílverkstæðið og mun taka þar að mér sérverkefni.“ Í Habitat verður meiri áhersla lögð á Lífrænu-línu fyrirtækisins en Gulla er heilluð af henni. „Í framtíðinni er ráðgert að koma á laggirnar stílistaráðgjöf en við viljum bjóða viðskiptavinum okkar upp á framúrskarandi þjónustu,“ segir Gulla, sem ætti ekki að vera í vandræðum með að setja sig í hlutverk stílistans en hún var um tíma ráðgjafi í þættinum Innlit/Útlit í tíð Völu Matt, „Ég hef störf 1. júní og er farin að hlakka mikið til að takast á við þetta spennandi verkefni og vinna með því frábæra fólki sem starfar í versluninni,“ segir Gulla að lokum alsæl með nýja starfið.



Guðlaug Halldórsdóttir skiptir um gír. Hún er að hætta með verslun sína 3 hæðir og hefur ráðið sig sem verslunarstjóra í Habitat.

## fréttir

### Kveður Innlit/Útlit

„Ég fékk að vita það rétt fyrir síðustu helgi að samingurinn minn verður ekki framlengdur,“ segir Þórunn Högnadóttir en hún hefur ritstýrt þættinum Innlit/Útlit síðustu þrjú ár. „Öll innlenda framleiðslan er að færast yfir til framleiðsludeildar Saga Film. Þátturinn heldur þó göngu sinni áfram en Arnar Gauti og Nadía munu halda áfram sem kynnar þáttarins að því er ég best veit,“ segir Þórunn sem kveður þáttinn sátt þótt ekki liggi fyrir hver muni taka við ritstjórn þáttarins. „Ég hef starfað við þáttinn í fimm ár og notið þess að starfa með öllu því frábæra fólki sem ég hef kynnst á þessum tíma,“ segir Þórunn og horfir björtum augum til framtíðarinnar. „Ég er komin með ýmis spennandi verkefni og tilboð í sigtið og mun nú fara yfir þau í rólegheitunum,“ segir Þórunn sem hefur mikinn áhuga á að halda áfram að starfa við fjölmiðla.



FÖSTUDAGUR

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar
**Ritstjóri** Marta María Jónasdóttir
*martamaria@365.is*
Bergþóra Magnúsdóttir
*bergthora@365.is*
**Forsíðumynd** Arnþór
**Útlitshönnun**
Arnór Bogason og
Kristín Agnarsdóttir
**Auglýsingar** Sigríður Dagný
Sigurbjörnsdóttir
*sigridurdagny@365.is sími 512 5491*
**Föstudagur** Skaftahlíð 24
105 Reykjavík, sími 512 5000

*Björn Sveinbjörnsson hélt flotta grillveislu í tilefni af fjörutíu ára afmælinu*

# Fimmtugsaldurinn leggst vel í mig



„Já, ég varð fertugur 13. maí síðastliðinn og af því tilefni ákváðum við að halda grillveislu fyrir vini og fjölskyldu,“ segir hinn nýfertugi Björn Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri NTC, þegar Föstudagur hafði samband við hann. Veislan var haldin úti í garði á heimili Björns og Svövu á Bakkaflötinni í Garðabænum. „Við buðum mörgum gestum til veislunnar og slógum upp tjöldum í garðinum. Veðrið lék við okkur og veislan hefði ekki getað heppnast betur,“ segir Björn en veitingastaðurinn Argentína sá um veisluföngin og kokkar frá þessum rómaða veitingastað grilluðu kjöt á staðnum fyrir veislugesti. „Við vorum ekki með stífa dagskrá enda átti þetta bara að vera fyrst og fremst notaleg kvöldstund,“ segir Björn og bætir því við að dansinn hafi verið stiginn langt fram eftir nóttu. „Við fengum DJ frá b5 sem kom og sá um tónlistina og áður en við vissum af hafði myndast dansgólf í tjaldinu og mikil stemming,“ segir Björn en hið eina sem gestirnir voru beðnir að hafa í farteskinu var góða skapið. „Fimmtugsaldurinn leggst mjög vel í mig en ég hef alla tíð tekið hverjum nýjum áratug fagnandi enda er ég ekki frá því að það sé hlustað betur á mann eftir því sem árin færast yfir,“ segir Björn að lokum og er strax farinn að hlakka til fimmtugsafmælisins. *bergthora@frettabladid.is*



*Ný kynslóð af Slendertone System tækjum ... mun öflugri en áður!*

# *Flott í sumar...*

## *stinnari líkami á aðeins 4 vikum*

Áratuga reynsla og rannsóknir sýna að Slendertone virkar.
4 vikna þjálfunaráætlun fylgir - fáðu stinnari og fallegri líkama á aðeins 4 vikum...




*pakki 1*

Slendertone belti
+ buxur eða pils
þjálfar rass og læri og kviðvöðva
kr. 33.900.-

*pakki 2*

Slendertone belti
+ armar
þjálfar kviðvöðva og upphandleggsvöðva
kr. 29.925.-

*pakki 3*

Slendertone buxur
eða pils + armar
þjálfar rass og læri og upphandleggsvöðva
kr. 33.900 .-

*pakki 4*

Tilboðsverð fyrir dömur
- alhliða pakki
Slendertone belti
+ buxur eða pils + armar
þjálfar og stinnir allan líkamann
kr. 39.900.-

*nuddtæki*

6 nuddkerfi
- Kneading Massage
- Swedish Massage
- Shiatsu Massage
- Deep Tissue Massage
- Athletes Massage
- Power Massage

Slökun - vellíðan - innri ró

verð kr. 16.990



SLENDERTONE™
System belti
fyrir kviðvöðva
dömu / herra
kr. 22.980,-
eða 7.660 á mán.
í 3 mán.




**Eitt stjórntæki** með hleðslubatterí, sem þú getur notað við allar tegundir Slendertone System

SLENDERTONE
System

*Tími til að líta vel út ...!*

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is
Sendum í póstkröfu

# 20 ára afmæli Jóa og félaga

„Stofan á tuttugu ára starfsafmæli um þessar mundir og af því tilefni verður haldið partí á morgun,“ segir Kjartan Sigurðsson, hárgreiðslumaður og framkvæmdastjóri Jóa og félaga. Veisluhöldin hefjast kl. 19 og fara fram á hárgreiðslustofunni, Skólavörðustíg 8. „Veislan er ekki bara hugsuð fyrir viðskiptavini okkar heldur alla þá sem langar að koma,“ segir Kjartan og býst við heljarinnar stuði en Eurovision-keppnin verður sýnd á stórum flatskjá á stofunni. „Ég get lofað mikilli Eurovision-stemningu og litríkum félagsskap enda eru margir af kúnnum okkar afar skrautlegt og skemmtilegt fólk í öllum regnbogans litum,“ segir Kjartan en Beggi og Pacas sjá um veislufönginn í afmælinu. *bergthora@frettabladid.is*



Kjartan er nú á fullu að undirbúa partíið annað kvöld.

# Páll Óskar klæðist pallíettum

„Partíið er eiginlega orðið fastur liður eins og venjulega en síðan ég byrjaði með Eurovision-kvöldin á Nasa hafa skapast ákveðnar hefðir,“ segir Páll Óskar en eins og alþjóð veit er hann mikill aðdáandi keppninnar. „Ég mun hafa búningaskipti þrisvar um kvöldið en það er ekki annað hægt þar sem mikill hiti og sviti myndast þarna inni og mun klæðast að mestu leyti fatnaði eftir Coco vin minn,“ segir Palli og fylgir fordæmi Eurovision-kynna í búningaskiptum en Palli kæmi væntanlega sterklega til greina sem kynnir keppninnar ef til þess kæmi að Ísland bæri sigur úr býtum í sjálfri keppninni. Frá því að Palli hélt fyrst Eurovision-partíið hafa Stebbi og Eyfi alltaf verið á svæðinu og tekið Nínu. „Mér féllust hendur þegar ég frétti að Stebbi yrði fjarri góðu gamni.“



Páll Óskar í hvítu pallíettujakkafötunum sem eru hönnuð af Coco vini hans.

En segja má að Stebbi hafi tekið golfið fram yfir Nínu sína í þetta skiptið því hann verður staddur í golfferð í Þýskalandi um helgina. Páll Óskar tók þó gleði sína á ný þegar Eyfi tilkynnti honum að hann ætlaði að flytja lagið án félaga síns. *bergthora@frettabladid.is*



Skilrúmið Stuðlar eftir Friðgerði Guðmundsdóttur vöruhönnuð er stillt út í gluggann á Laugavegi 83 ásamt hvolpum Finnans Ero Aarnio.

# Epal fegrar Laugaveginn

„Niðurníðsla miðbæjarins hefur verið í mikilli umræðu undanfarið og okkur langaði að leggja okkar að mörkum til að fegra bæinn,“ segir Kjartan Páll Eyjólfsson, framkvæmdastjóri verslunarinnar Epal, en fallegar gluggaútstillingar verslunarinnar í auðu húsnæði á Laugaveginum hafa sett svip sinn á miðbæinn. „Við komum okkur í samband við þá aðila sem hafa húsin í sinni umsjá og þeim leist vel á hugmyndina. Okkar langaði fyrst og fremst að lífga upp á bæinn og nota tækifærið um leið til að koma íslenskum hönnuðum á framfæri,“ segir Kjartan og bætir því við íslensk hönnun sé meginþema útstillinganna en það er Ólöf Jakobína Ernudóttir, innanhússhönnuður Epal, sem hefur yfirumsjón með útstillingunum. „Við byrjuðum á glugganum á Laugavegi 37 en þar er fatahengi Katrínar Pétursdóttur, Tré, stillt út ásamt dvergum eftir Phillipe Starck.“ Næsti gluggi sem Epal tók í gegn var á Laugavegi 83 en þar er útskriftarverkefni Friðgerðar Guðmundsdóttir frá Listaháskóla Íslands stillt út en skilrúmin fást í Epal. „Skilrúmið heitir Stuðlar en formið sækir hún til íslenska stuðlabergsins, þar er sömuleiðis finnskættaði hundurinn Puppy eftir Ero Aarnio en báðar útstillingarnar mynda skemmtilega og óvanalega heild.“ Á næstu dögum verður þriðja útstilling búðarinnar afhjúpuð í húsinu þar sem Indókína var til húsa og fleiri auð hús í miðbænum bíða nú þess að fá upplyftingu hjá Epal. Kjartan leggur mikla áherslu á að fyrirtækið hafi með fegrunarátakinu slegið tvær flugur í einu höggi, því það sé ekki síður að vekja athygli á fyrirtækinu. „Epal opnar útibú í versluninni Liborius á Laugavegi 7 í byrjun.júní en við deilum með þeim húsnæði. Við verðum með gjafavörurnar okkur og aðrar smávörur á boðstólum í svokölluðum lífsstílshluta verslunarinnar,“ segir Kjartan að lokum.

*bergthora@frettabladid.is*


Topp 20 SKÍFULISTINN Vinsælustu titlarnir

Skífulistinn er samantekt af mest seldu titlum í Skífunni og verslunum BT út um allt land. Listinn gildir 23-29 Maí 2008

VINSÆLASTA TÓNLISTIN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | Eurobandið | – | this is my life |
| 2 | Ýmsir | – | Pottþétt 46 |
| 3 | Ýmsir | – | 100 Eurovisionlög |
| 4 | Páll Óskar | – | Allt fyrir ástina |
| 5 | Sprengjuhöllin | ↑ | Tímarnir okkar |
| 6 | Dísa | N | DÍSA |
| 7 | Hjaltalín | ↑ | Sleepdrunk Seasons |
| 8 | Ýmsir | ↑ | Eurovision Sing Contest 2008 |
| 9 | Villi | ↓ | Myndin af þér (3CD) |
| 10 | Portishead | ↓ | Third |
| 11 | Mugison | ↓ | Mugiboogie |
| 12 | Madonna | ↓ | Hard Candy |
| 13 | Ýmsir | ↑ | LAUGARDAGSLÖGIN 2008 |
| 14 | Hjálmar | ↑ | Ferðasót |
| 15 | Rolling Stones | ↑ | Shine A Light 2CD |
| 16 | Blood Group | ↓ | Sticky Situation |
| 17 | James Blunt | A | All The Lost Souls |
| 18 | Eagles | A | Long Road Out Of Eden 2CD |
| 19 | Duffy | ↓ | Rockferry |
| 20 | Amy Macdonald | N | This Is The Life |

VINSÆLASTA DVD

| | |
|---|---|
| 1 | Golden Compass |
| 2 | Alvin og Íkornarnir |
| 3 | Latibær 7 |
| 4 | Bee Movie |
| 5 | Brettin Upp |
| 6 | Ratatouille |
| 7 | Hitman |
| 8 | American Gangster |
| 9 | Lions for Lambs |
| 10 | Mannaveiðar |
| 11 | Doddi þættir |
| 12 | Jungle Book 2 |
| 13 | Veðramót |
| 14 | Jane Austen Book Club |
| 15 | Toy Story 2 |
| 16 | The Mist |
| 17 | Simpsons Season 7 |
| 18 | Mýrin |
| 19 | Skoppa og Skrítla í Þjóðleikhúsinu |
| 20 | Hairspray |




S·K·Í·F·A·N



Hvaðan
koma allir
peningarnir?
HAGFRÆÐIDEILD
www.vidskipti.hi.is
SIGILLUM UNIVERSITATIS ISLANDIAE
HÁSKÓLI ÍSLANDS
Hjá okkur ættir þú að komast nær svarinu. BS-nám í hagfræði er sérlega góður grunnur fyrir starfsframa, svo sem í fjármálageiranum og annars staðar þar sem sérfræðiþekking á fjármálum kemur að gagni. BA-nám í hagfræði er unnt að móta að óskum nemenda og veitir þeim færi á að læra aðra námsgrein samhliða hagfræði, svo sem stjórnmálafræði og fjölmiðlafræði. Hagfræðinám er síðast en ekki síst góður undirbúningur fyrir framhaldsnám í hagfræði og fjármálum, innan lands og utan. Umsóknarfrestur er til 5. júní. Sótt er um rafrænt á www.hi.is

# fatastíllinn

*Tinna Aðalbjörnsdóttir „casting director“*



## MEÐ STELLU Í RÆKTINA

Ef þú vilt vera arfasmart í ræktinni þá fjárfestir þú í Stellu McCartney-íþróttafötum frá Adidas. Hönnuðurinn leggur mikið upp úr flottum sniðum og framúrskarandi efnum og fangar þannig þankaganginn að vera alltaf smart – líka í ræktinni. Þau fást í stóru Adidas-versluninni í Kringlunni.

# Klæðir sig upp spari

**Getur þú lýst þínum stíl?** „Hann er svartur og einfaldur.“

**Hefur þú alltaf verið mikið fyrir föt?** „Já, alveg frá því ég man eftir mér. Ég var til dæmis alltaf að klæða Barbie-dúkkurnar mínar í föt allan liðlangan daginn.“

**Hvað eyðir þú miklum peningum á mánuði í föt?** „Það er mjög misjafnt. Stundum eyði ég engum peningum.“

**Fyrir hverju fellur þú alltaf**? „Skóm.“

**Hefur þú lent í því að kaupa föt sem þú notar svo ekki?** „Já, allt of oft. Einu sinni keypti ég Vivienne Westwood-bol sem er hræðilegur á mér, ég held ég hafi keypt hann af því mig langaði bara í eitthvað.“

**Eru einhver tískuslys í fataskápnum þínum?** „Já, ég held að það leynist nokkrar flíkur inn á milli. Ég keypti mér röndóttar buxur einu sinni sem mér finnst hræðilegar núna.“

**Hvers konar flíkur kaupir þú oftast?** „Boli og skó.“

**Spáir þú mikið í það í hverju þú ert?** „Ég er frekar venjuleg þegar ég er í vinnunni, er bara í því þægilegasta sem til er í skápnum. Þegar ég fer út finnst mér gaman að klæða mig upp.“

**Hvað ertu lengi að taka þig til á morgnana?** „Svona 20 mínútur ef ég mála mig sem er ekki á hverjum degi.“

**Í hvað myndir þú aldrei fara?** „Úff það er svo margt.“

**Hvað verða allir að eiga í sumar?** „Fallega háhælaða skó og buxur sem eru háar í mittið.“








# Tiltekt



Við tökum til
og bjóðum valdar vörur
á stórlækkuðu verði.

FRITZ HANSEN, ROSENDAHL,
ERIK JORGENSEN, MARIMEKKO,
ARTIFORT, KNOLL, STELTON
OG ALLIR HINIR

Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is

epal

## 15 - 50% AFSLÁTTUR

**Í DAG FÖSTUDAG
OG Á MORGUN
LAUGARDAG**

*Vegur fatafyrirtækisins Nikita hefur legið lóðrétt upp á við síðan það var stofnað árið 2000. Í dag selur fyrirtækið um eitt þúsund og fimm hundruð flíkur á dag. Þrátt fyrir velgengnina hefur ekki farið mikið fyrir tveimur af eigendum Nikita, Rúnari Ómarssyni og Aðalheiði Birgisdóttur, í íslenskum fjölmiðlum. Marta María Jónasdóttir skyggndist bak við tjöldin.*

# Útrás er þreytandi frasi

Grunnurinn að Nikita-veldinu var lagður þegar Rúnar og Heiða, eins og hún er kölluð, urðu kærustupar árið 1995. Þá var hún á leið í listaháskóla í Lundúnum en hann hafði rekið bretta- og fataverslunina Týnda hlekkinn í nokkur ár. Hún ákvað að slaufa listnáminu og keypti þess í stað hlut í Týnda hlekknum. „Heiða fór fljótlega að kvarta yfir því að þessi brettafyrirtæki gerðu ekki nógu kúl föt fyrir stelpur, og ákvað að bæta úr því sjálf. Til að byrja með hannaði hún og saumaði allar flíkurnar, en fljótlega förum við að láta framleiða fyrir okkur í mjög smáu upplagi hér á Íslandi. Eftir að hafa þróað vörulínu og aukið söluna á henni stöðugt í um tvö ár kom hugmyndin um að selja búðina og fara á fullt í að markaðssetja okkar eigin vörulínu alþjóðlega,“ segir Rúnar. Árið 1999 ákváðu þau, ásamt tveimur meðeigenum í Týnda hlekknum, að selja búðina. Í byrjun ársins 2000 stofnuðu þau Nikita ehf. með Valdimari Kr. Hannessyni og Þórði Höskuldssyni. Í dag er Valdimar yfir fjármálasviði fyritækisins og því þriðja hliðin á Nikita þríhyrningnum ásamt Rúnari og Heiðu. Spurð um bakgrunn þeirra og menntun segja þau: „Við hættum bæði við að fara í háskólanám til að geta verið meira úti að leika – en auðvitað með það í huga að gera eitthvað nýtilegt við áhugamálin. Valdimar kláraði viðskiptafræðina samviskusamlega en var á kafi í brettasporti jafnhliða því. Við höfum að mörgu leyti sameiginlegan bakgrunn og áhugamál, en ólíka hæfileika,“ segja þau en í Nikita-þríhyrningnum hefur hver sitt sérsvið. Heiða hannar fötin, Rúnar sér um öll markaðsmál og Valdi um fjármál. Auk þeirra eru yfir þrjátíu starfsmenn á mismunandi sviðum í fyrirtækinu, sem er með skrifstofur í fjórum löndum. Þegar talið berst að háskólanámi segist Heiða hefði farið í listnám en Rúnar nefnir lögfræði.

„Ég hefði farið í lögfræði, og áttað mig svo á að langtíma innivera í utanbókarlærdómi á réttarheimildum íslenska réttarkerfisins ætti engan veginn við mig, heldur væri betra að vera sem mest á snjóbretti og reyna að vinna í kringum það,“ segir hann.

Hafið þið einhvern tímann fundið fyrir fordómum yfir að hafa ekki farið í háskóla? „Jú, vafalítið einhvern tímann, en það segir miklu meira um þann sem fordæmir en þann fordæmda. Minnir að slík viðhorf komi helst frá fólki sem gengur illa að koma sér áfram þrátt fyrir að hafa farið í gegnum nám. Í dag líta sennilega flestir á árangurinn sem mælistiku þess hvort við vitum hvað við séum að gera eða ekki. Hann er jú það sem skiptir máli,“ segja þau.

Nikita er að stærstum hluta í eigu VAR sem er í eigu Rúnars, Heiðu og Valda. Til að fjármagna vöruþróun, alþjóða markaðssetningu og framleiðslu fengu þau fjárfesta inn í fyrirtækið. „Strax á fyrsta ári seldum við hlut í félaginu til tveggja fjárfestingasjóða, Nýsköpunarsjóðs og Uppsprettu Venture Capital. Þetta eru helstu bakhjarlar fyrirtækisins ásamt foreldrum og forráðamönnum sem hafa gefið okkur tvö mjólkurglös á dag alla ævi og stutt við bakið á okkur eftir bestu getu.

Einnig hafa Landsbankinn og Kaupþing verið traustir í gegnum tíðina,“ segir Rúnar og brosir. Nikita selur að meðaltali um eitt þúsund og fimm hundruð flíkur á hverjum degi og veltir um einum milljarði króna á þessu ári, en sú sala dreifist á yfir eitt þúsund sérverslanir í um þrjátíu löndum. Spurð að því hvort þau hafi búist við þessari veltu þegar þau fóru af stað segjast þau auðvitað hafa ímyndað sér það. „Við settum þessa ímyndun skipulega á blað í formi viðskiptaáætlunar áður en við stofnuðum fyrirtækið og sú áætlun hefur í langflestum atriðum gengið eftir þessi átta ár sem liðin eru frá stofnun Nikita ehf. Við hefðum ekki farið af stað né þangað sem við erum komin ef við hefðum ekki haft fulla trú á að við kæmust hingað.“ Hafið þið mætt einhverjum hindrunum í vextinum? „Já, þetta hefur auðvitað verið endalaust hindrunarhlaup með gryfjum og tilheyrandi frá byrjun en við vorum ágætlega undir það búin. Það var til dæmis alls ekki sjálfgefið að fá fjármögnun á framleiðslu á fatnaði, út á fyrirfram pantanir frá dreifingaraðilum okkar, vörur sem aldrei koma til Íslands heldur fara beint frá framleiðendum, sem við vinnum með í nokkrum löndum, í vöruhús okkar ýmist í Evrópu eða Bandaríkjunum og þaðan inn áfram til dreifingaraðila og verslana. Bönkunum fannst erfitt að geta ekki tekið veð í vöru sem væri í vöruhúsi á Íslandi. Þessi hindrun var samt yfirstigin eins og aðrar,“ segir Rúnar. Þegar þau eru spurð að því hvað hafi verið erfiðast á þessum átta árum brosa þau. „Það hefur reynst langerfiðast að komast í sumarfrí.“

### Á ferð og flugi

Höfuðstöðvar Nikita eru á Íslandi en fyrirtækið er jafnframt



***Geisladiskurinn:*** ***H:*** Neil Young-Harvest. ***R:*** Valkvíði ...The Clash-Combat Rock.
***Uppáhaldsmaturinn:*** ***H:*** Austur-Indíafélagið takk. ***R:*** Já, fínt, ég kem með.
***Bíllinn minn er...*** ***H:*** Toyota Rav. ***R:*** Suburban jepplingur.
***Hafði þið eytt peningum í vitleysu?*** Alveg í lágmarki.
***Líkamsræktin:*** Fjölbreytni er mikilvægust en fátt sem toppar að ganga upp gott fjall með vinunum, vitandi að þú ert að fara að renna þér niður á snjóbretti í djúpum púðursnjó. Svo er alltaf jafngott að liggja alveg kyrr og anda djúpt.
***Uppáhaldsborgin:*** Tókýó og San Francisco; hefur mikið með fólkið þar að gera.
***Dýrmætasti hluturinn:*** ***H:*** Saumavélin mín og „krossarinn“ minn eru mér mjög kærir hlutir. ***R:*** iPod-inn minn er farinn að öðlast tilfinningalegt gildi.


Hún er dauðvona og efst á óskalista hennar er að sofa hjá áður en hún deyr

„Falleg frásögn um líf og ótta, grimmd og fegurð.“
Soffía Auður Birgisdóttir / Morgunblaðið

„Áður en ég dey er áhrifarík saga sem fólk á öllum aldri hefur gott af að lesa áður en það deyr. Því fyrr, því betra.“
Þórarinn Þórarinsson / Nýtt líf

„Falleg saga um ungt fólk.“
Gerður Kristný / Mannamál

Frumútgáfa Í KILJU




Þessari bók gleymirðu aldrei

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

Listhúsinu Laugardal
Reykjavík
Sími: 581 2233

Dalsbraut 1
Akureyri
Sími 461 1150

www.svefn.is

Svefn & heilsa

6 mán.
vaxtalausar raðgr.

Ég mæli hiklaust með
IQ-CARE

Eftir að ég fékk mér IQ-CARE
hef ég ekki fundið til í bakinu!



*Sölvi Fannar Viðarsson*
*Framkvæmdastjóri Heilsuráðgjafar*

# hvataferðir

FÖSTUDAGUR 23. MAÍ 2008

**Marta Eiríksdóttir** stendur fyrir hópefli með leikjaívafi BLS. 6





FRÉTTABLAÐIÐ

MYND/INGUNN PEDERSEN





**Frábær aðstaða til ráðstefnu- og fundahalda í Laugum**

**Fjölbreytt þjónusta tengd fundahaldi:**
• Baðstofa • Fyrirlestrar • Einkahóptímar • Hópefli

LAUGAR café
Sími 553 0000
www.laugarcafe.is





# Fundað í fallegu umhverfi á Hótel Glym

Í grónu umhverfi í Hvalfirði stendur Hótel Glymur vestan við Ferstiklu en um fjörutíu mínútur tekur að keyra þangað frá Reykjavík.

Á hótelinu er aðstaða til ráðstefnu- og fundarhalds og er ráðstefnusalur fullbúinn helstu tækjum sem með þarf, skjávarpa, tölvu og þráðlausri nettengingu auk myndvarpa, tjaldi og fleiru. Hægt er að koma um áttatíu manns í sæti en um fimmtíu manns þegar setið er við borð. Einnig eru minni stofur til reiðu ef halda þarf minni fundi.

Ráðstefnusalurinn hefur sitt eigið fagbókasafn með alþjóðlegt úrval bóka og lesefni sem tengist rekstri og stjórnun fyrirtækja. Ráðstefnu- og fundargestum býðst einnig sú þjónusta að fá gögn ljósrituð.

Á hótelinu er mikið safn listaverka og gamalla muna fyrir gesti að skoða. Auk þess býður hótelið upp á heita potta undir berum himni og nudd.



Hótel Glymur er í um fjörutíu mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík. MYND/HÓTEL GLYMUR

Ráðstefnu- og fundargestum býðst einnig ýmis afþreying á milli funda en meðal þess sem Hótel Glymur býður upp á eru sögu- og skemmtiferðir um Hvalfjörð þar sem farið er yfir hernámsárin í Hvalfirði, með leiðsögn og veitingum.

Boðið er upp á ævintýraferðir á fjórhjólum um svæðið og siglingar inn Hvalfjörðinn. Í siglingunni er boðið upp á veitingar og rennt fyrir fisk.

Á Hvanneyri geta hóparnir svo brugðið sér í sveitafitness og hrist af sér fundarslenið.

Hótelið er opið allan ársins hring nema 24. til 27. desember. Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu hótelsins, www.hotelglymur.is

*- rat*



Veitingasalinn er einnig hægt að útbúa undir fundi. MYND/HÓTEL GLYMUR



Vel fer um fundargesti í björtum og hlýlegum hótelherbergjunum. MYND/HÓTEL GLYMUR



Andrea leggst upp að Humarskipinu. Hilmar segir alltaf gaman að sníða ferðir fyrir hópa. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Sjóstangveiði vinsæl

**Sjóstangveiði og skemmtisigling eru góð leið til að hrista starfsmannahópinn saman. Það skemmir síðan ekki fyrir þegar listakokkur matreiðir aflann.**

„Við bjóðum upp á hvalaskoðunarferðir og sjóstangveiði auk þess sem við förum í skemmtisiglingar með hópa. Þetta er mjög vinsælt fyrir starfsmanna- og vinahópa og við skipuleggjum ferðirnar út frá þörfum og óskum hvers hóps fyrir sig,“ segir Hilmar Stefánsson, framkvæmdastjóri Hvalalífs, sem gerir út frá gömlu höfninni í Reykjavík.

Siglt er á bátnum Andreu og ferðirnar geta verið með ýmsu móti. Oft er byrjað á að sigla út í Akurey þar sem fuglalífið er skoðað og síðan áfram út á Faxaflóann þar sem litast er um eftir hval, síðan er rennt fyrir fisk á bakaleiðinni. „Það er ýmislegt hægt að gera. Við höfum til dæmis skipulagt ferðir þar sem siglt er upp á Akranes farið þar í golf eða fótbolta og svo siglt aftur til baka. Eins höfum við siglt inn í Hvalfjörð,“ segir Hilmar.

Fjörið er ekki búið þegar komið er í land því Hvalalíf á einnig og rekur Humarskipið sem er rekið sem veitingahús allt árið um kring. Afli hópsins endar oft í höndum kokksins þar sem útbýr ljúffenga máltíð fyrir hópinn. „Það er mikið sport að borða það sem maður veiðir sjálfur og jafnvel þegar fólk er orðið satt getur það haldið áfram að skemmta sér því við erum með karókí-bar um borð,“ segir Hilmar.

*- þo*



Oft er veiði dagsins borin á borð fyrir hópinn.



Þegar komið er í land er vinsælt að borða og skemmta sér í Humarskipinu.

# Samvinna, traust og samskipti

**Capacent ráðgjöf hefur sérsniðið liðsheildarnámskeið til að styrkja innviði fyrirtækja og annarra vinnustaða.**

Margir vinnustaðir leggja nú meiri rækt við að skapa andrúmsloft þar sem samskipti og samvinna eru í hávegum höfð og viðurkennt að einstaklingar leiti hver til annars og læri hver af öðrum. Capacent ráðgjöf hefur sérsniðið liðsheildarnámskeið til að styrkja innviði vinnustaða.

Sigurjón Þórðarson, ráðgjafi hjá Capacent og sérfræðingur á sviði liðsheildar, segir að í upphafi þurfi að greina stöðu vinnustaðarins í samvinnu við yfirmenn og starfsfólk hans. „Fyrsta skrefið er að kortleggja ástand vinnustaðarins og finna út hvaða markmiðum er verið að reyna að ná. Mjög algengt er að góð fyrirtæki vilji taka vinnustaðinn skrefi lengra og verða framúrskarandi. En við vinnum einnig við að leysa úr vandamálum sem skapast hafa innan veggja vinnustaðarins,“ útskýrir Sigurjón.

Capacent notar leiki og þrautir sem kennslutæki á liðsheildarnámskeiðum sínum og eru þau haldin bæði innan- og utanhúss. Að sögn Sigurjóns skila námskeið af þessu tagi betri árangri heldur en hefðbundnir fyrirlestrar. „Á námskeiðunum tökum við fyrir þá þætti sem þarf að skerpa á inni á vinnustaðnum og búum til verkefni sem tengjast þeim. Sem dæmi þá vinnum við mikið með samskipti, traust, breytingarferla og samvinnu. Grunnhugmyndin er sú að hópurinn geti notað sömu aðferðir og hann lærir á námskeiðunum hjá okkur til að leysa hvaða verkefni sem er.“

Á námskeiðunum skapast einstakt tækifæri til að skoða hegðun hópa utan frá; sjá hvernig þeir bregðast við nýjum aðstæðum, hvernig þeim gengur að fylgja stjórnendum, leysa verkefni og bregðast við áreitni sem kunna að fylgja nýjum verkefnum við framandi aðstæður.

Sigurjón bendir á að starfsmenn vinnustaða hafa tekið námskeiðunum vel. „Fólk er yfirleitt mjög áhugasamt um að ná árangri ef markmiðin eru nægilega skýr.“ Hann segir námskeið af þessu tagi njóta vaxandi vinsælda hjá vinnustöðum. Þeir sækist almennt eftir aukinni fræðslu og séu tilbúnari að verja meira fjármagni og tíma í fræðslu fyrir starfsfólk sitt en áður.

*- kka*



Sigurjón Þórðarson, ráðgjafi hjá Capacent, segir að liðsheildarnámskeiðin njóti vaxandi vinsælda á vinnustöðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# skór ársins. tvisvar

GEL-NIMBUS 9

EDITOR'S RUNNER'S WORLD International CHOICE 2007



hægri skór ársins



vinstri skór ársins

FLEXOR
NÆSTA SKREF
Suðurlandsbraut 34, 517 3900

asics
sound mind, sound body

# Upplifun og útikennsla án skólabóka

**Skólabúðirnar í Reykjaskóla í Hrútafirði hófu starfsemi sína fyrir tuttugu árum og hafa aldrei notið meiri vinsælda.**

„Starfsemi Skólabúðanna hófst árið 1988, þegar Héraðsskólinn hér á Reykjum í Hrútafirði lagði niður starfsemi. Þær hafa starfað allar götur síðan og notið mikilla vinsælda. Markmiðið hefur verið frá upphafi að brjóta upp hefðbundið skólastarf og má segja að þetta sé eins konar nám í lífsleikni," segir Þorvarður Guðmundsson, einn af forsvarsmönnum Skólabúðanna í Reykjaskóla í Hrútafirði.

„Nemendurnir sem koma til okkar eru langflestir úr 7. bekk og eru víða af landinu. Við fáum tvo þriðju hluta af þessum árgangi og það eru helst krakkar af Austfjörðum og suðausturhorninu sem vantar til okkar. Hins vegar fáum við marga af Vestfjörðum og í ár eru til dæmis krakkarnir frá Patreksfiði að koma í fyrsta sinn," segir Þorvarður og bætir við að það stefni í met á næsta ári enda 3.000 nemendur sem munu dvelja á Reykjum það árið.

Þorvarður tekur á móti nýjum hópi vikulega sem dvelur eina skólaviku, frá hádegi á mánudegi til hádegis á föstudegi. Í hverjum hópi eru um hundrað börn og með þeim fylgir kennari, auk þess sem aðstoðarfólk kemur með ef börn eru með fötlun eða greiningu.

„Við erum með sjö til átta starfsmenn hér og sjáum um alla kennslu. Síðan sjá kennarar hópsins um alla gæslu, eftirlit og kvöldvökur ásamt okkur," útskýrir Þorvarður og heldur áfram: „Kennslan er mikið byggð á útikennslu og upplifun auk þess sem við notum staðarhætti hér. Við förum í fjöruna og notum náttúruna mikið þar sem skólabækur eru notaðir í algjöru hófi. Auk þess erum við með sundlaug og íþróttahús fyrir krakkana. Síðan fara þau í svokallaðan stöðvaleik þar sem þau kynnast svæðinu og fá að upplifa Byggðasafnið á Reykjum. Einnig segjum við mikið af sögum, förum í leiki og reynum að ögra þeim, til dæmis með því að leyfa þeim að kljást við veru á heimavist."


Þorvarður Guðmundsson hjá Skólabúðunum í Reykjaskóla í könnunarleiðangri í fjörunni ásamt krökkum frá Borgarhólsskóla á Húsavík. MYND/INGUNN PEDERSEN

Nýjasta kennslugreinin í Reykjaskóla er í samstarfi við sparisjóðina á Íslandi og hefur þegar vakið miklar vinsældir að sögn Þorvarðar. „Undraheimur auranna er kennsla sem byggir á almennri fjármálafræðslu og endar á spili sem fjallar einmitt um skólabúðadvöl. Þar eru þau að græða og tapa á víxl og þurfa að leysa ýmsar þrautir. Þetta hefur algjörlega slegið í gegn hjá krökkunum og þau eru mjög spurul og vakandi í þessum tímum. Við erum mjög stolt af þessu verkefni enda ekki margir sem sinna þessu eins vel. Þarna fá þau kennsluefni með sér heim og það eru nánast einu kennslubækurnar sem hér eru notaðar," segir Þorvarður hlæjandi og bætir við að langflestir finni sig vel í skólabúðunum.

„Við tökum á móti öllum börnum sem hingað vilja koma og fötlun eða greining er engin fyrirstaða. Sveitastemningin er alls ráðandi og við byggjum mikið á heilnæmu mataræði og bönnum til dæmis sælgæti og farsíma. Fyrir suma er þetta alveg ómögulegt í fyrstu, þau sakna mömmu og tölvunnar, en þegar kemur að heimför á föstudegi vilja þau lengur og það segir heilmikið um hugarfar krakkanna. Hérna fá þau bara að vera úti í náttúrunni í friði og ró og fá hreinlega að vera þau sjálf."

Allar nánari upplýsingar á www.skolabudir.is

- rh




# Brunað um Hólaskóg

Rétt fyrir ofan Geysi í Haukadal, eða að Kjóastöðum III, er ferðaþjónustan Fjórhjólaferðir við Geysi starfrækt. Þar er boðið upp á fjórhjólaferðir um Haukadalsskóg fyrir allt að 45 manns.

Leiðirnar og lengd þeirra eru mismunandi og eru valdar með tilliti til hópsins sem ferðast hverju sinni.

Í klukkutíma ferðum er farið um Haukadalsskóg á skilgreindum slóðum og upp á Haukadalsheiði. Ekið er yfir bergvatnsár um skóg og upp á heiði þar sem sandurinn, auðnin og útsýnið tekur við.

Í dagsferðum er farið upp að Hagavatni, sem er jökullón austan undir Hagafelli í Langjökli. Farið er niður í gljúfur með fossum og flúðum og niður á jafnsléttu.

Á svæðinu er ýmiss konar önnur afþreying sem hópar og fyrirtæki geta nýtt sér. Í Haukadalsskógi eru auk fjórhjólaleiðanna meðal annars skilgreindar reiðleiðir, gönguleiðir og hjólastólastígar sem Sjálfsbjörg á Selfossi hefur látið gera fyrir fatlaða. Þá hefur skógræktin útbúið grillskýli fyrir allt að 100 manns og þar eru tveir skálar sem er hægt að leigja fyrir. Í seilingarfjarlægð eru síðan Gullfoss, Geysir og Hótel Geysir.

Mest er sótt í ferðirnar á vorin og haustin en fyrirtæki bjóða starfsmönnum sínum gjarnan í ferðir af þessu tagi í kringum árshátíðir eða til að umbuna þeim fyrir vel unnin störf.

Fjórhjólin eru líka þeim eiginleika búin að þau er hægt að nota við ólík veðurskilyrði og finnst mörgum gaman að keyra í slabbi, drullu eða snjó. Þeim má þó allt eins aka á sumrin og njóta náttúrunnar og veðurblíðunnar í leiðinni.

Að sögn forsvarsmanna Fjórhjólaferða við Geysi hafa konur sýnt ferðunum sérstakan áhuga að undanförnu og hafa heilu saumaklúbbarnir mætt í ferðir. Nánari upplýsingar má nálgast á www.4hjol.is/

- ve


Farið er yfir ýmsar torfærur. MYND/FJÓRHJÓLAFERÐIR




**Akstursfjarlægðir frá Vogum um upplýsta og tvöfalda Reykjanesbraut.**

Flugstöð Leifs Eiríkssonar 15 mínútur

Reykjanesbær 15 mínútur

Hafnarfjörður 20 mínútur

Smáralind 25 mínútur

VOGAR
– færast í vöxt




okkar vinsæla
## Árshátíðarævintýri

*Sérsniðið að ykkar óskum*



Hvernig væri að bregða undir sig betri fætinum, skreppa út fyrir borgarmörkin og eiga frábært kvöld, þar sem dekrað er við ykkur í mat og drykk.
**Árshátíðarpakkar á frábæru verði** sem erfitt er að standast.
Innifalið í verði er glæsilegur kvöldverður, dansleikur og rútuferðir.
Fjórir glæsilegir salir - allt að 350 manns.
Bjóðum alla hópa velkomna stóra sem smáa, að eiga frábært kvöld í faðmi fjalla... þar sem ævintýrin gerast!



## Spennandi umhverfi – frábær þjónusta...

**Þarft þú að þjappa starfsfólkinu saman og efla starfsandann?**
**Frábær aðstaða fyrir smærri og stærri hópa.**
**Endalausir möguleikar í náttúruparadís í faðmi fjalla.**
Í aðeins 30 km fjarlægð frá Reykjavík er náttúruperlan Hveradalir, en þar á einu virkasta hverasvæði landsins stendur Skíðaskálinn. Hvort sem halda á fund, ráðstefnu eða árshátíð er Skíðaskálinn í Hveradölum tilvalinn staður.
Útvegum allan búnað, aðgangur að þráðlausri internettengingu, frábær þjónusta, ljúffengur matur og endurnærandi umhverfi.
Bjóðum árshátíðarpakka fyrir stóra og smá hópa á frábæru verði.
Matur, dansleikur, rútuferðir...



**Skíðaskálinn í Hveradölum**
www.skidaskali.is - Netfang: skidaskali@skidaskali.is
Pantið tímanlega - s. 567 20 20

# Hópar hristir saman með dansi

**Gaman saman er hópefli með leikjaívafi sem Marta Eiríksdóttir hjá Púlsinum hefur sett saman en það er ætlað öllum sem vilja bregða á leik og njóta þess að læra eitthvað nýtt.**

„Skemmtiprógrammið Gaman saman hefur verið mjög vinsælt fyrir alls kyns hópa sem leita skemmtunar. Markmið þess er að þjappa fólki saman í gegnum gleði og fjör,“ segir Marta Eiríksdóttir hjá Púlsinum, og bætir við að oft hafi hún farið með hópefli inn á árshátíðir til að hrista allan salinn saman í dansi.

Marta veit hvað hún syngur þegar kemur að því að láta vinina, heilu hópana eða vinnustaðina hlæja og sprella saman þar sem hún hefur áralanga reynslu sem leiklistar-, dans- og jógakennari. Hún leyfir þátttakendum á hópeflisnámskeiðum að prófa skemmtilegar danshreyfingar í upphafi og blandar svo við það dansleikjum. „Þegar þátttakendum hitnar í hamsi fá þeir að spreyta sig á leiklistarleikjum sem vekja oft mikla kátínu. Leikirnir verða að samvinnuverkefni innan hópsins og hjálpa þátttakendum að sjá hvern annan í skemmtilegu ljósi. Markmið hópeflisins er að þjappa fólki saman í gegnum gleði og fjör,“ útskýrir Marta.

„Þegar kvennahópar koma í hópefli vilja þær gjarnan fá á sig slæðu um mjaðmirnar og dansa magadans. Karlmenn hafa nú líka viljað prófa magadansinn.

En þegar hópar eru blandaðir konum og körlum myndast alltaf skemmtileg stemning, sérstaklega þegar karlarnir sveifla mjöðmunum framan í kvensurnar. Þegar kynin henda sér í svokallað danseinvígi getur færst mikið fjör í leikinn með tilheyrandi hlátri. Við slíkar aðstæður sýnir fólk á sér splunkunýjar hliðar,“ segir Marta og hlær við tilhugsunina. Marta býður jafnframt upp á önnur og spennandi námskeið sem hægt er að afla sér nánari upplýsingar um á vefsíðunni www.pulsinn.is. *-vg*


Marta hefur áralanga reynslu sem leiklistar-, dans- og jógakennari og nýtir hana á námskeiðunum.


Marta Eiríksdóttir hjá Púlsinum hefur sett saman hópefli ætlað þeim sem vilja njóta lífsins og læra nýja hluti.


Leikirnir eiga að hjálpa þátttakendum að sjá hver annan í skemmtilegu ljósi að sögn Mörtu.


Þátttakendur fá að prófa danshreyfingar.




# Lausar byggingalóðir á LAUGARVATNI

Bláskógabyggð

Lóðum er úthlutað af byggðaráði Bláskógabyggðar. Umsóknareyðublöð fyrir byggingalóðir í Bláskógabyggð er hægt að nálgast á skrifstofu Bláskógabyggðar, á heimasíðu Bláskógabyggðar **www.blaskogabyggd.is** og á **www.laugarvatn.net**.

Öllum umsóknum skal skilað til skrifstofu sveitarfélagsins en hún er til húsa í Aratungu í Reykholti. Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofu sveitarfélagsins.
Sími skrifstofunnar er 486-8808.




Einnig hefur Byggingafélag Laugarvatns
til sölu einbýlishús á lóð í þessu nýja hverfi,
húsið verður tilbúið haustið 2008.
Hægt er að skoða það nánar
á **www.laugarvatn.net**
eða hafa samband í síma 891-6588.



Byggingafélag Laugarvatns ehf | Lindarskógur 10, 840 Laugarvatn | Sími: 891-6588 | solvi@laugarvatn.net | www.laugarvatn.net





# Er spilling í þínu fyrirtæki?

**Fyrirtækjum ber að skila spilliefnum.**
Við leggjum til heppileg ílát til söfnunar og sækjum ef óskað er. Móttökustöð okkar í Gufunesi er opin virka daga frá 7.30-16.15.

**Efnamóttakan hf**
*Spillum ekki framtíðinni*

Dæmi um spilliefni:
- Úrgangsolía
- Smurolía
- Olíusíur
- Rafgeymar
- Málningarafgangar
- Leysiefni
- Hreinsiefni
- Slökkvitæki
- Rafhlöður

PIPAR • SÍA • 80734



*Við sækjum!* S. 520 2220 www.efnamottakan.is


MAARUD
EUROVISION
Maarud...is my life!
MAARUD
POTETGULL
CLASSIC
SALT
Paprika
Sourcream
& onion
175g
250g

með mikla starfsemi í Hamborg í Þýskalandi, í San Francisco í Bandaríkjunum og í Hossegor/Frakklandi, sem er höfuðborg brimbrettabransans í Evrópu. Það vinna tæplega fjörutíu manns hjá fyrirtækinu og auk þess vinnur fjöldi fólks að því að selja fötin hjá dreifingaraðilum þeirra. Þegar þau eru spurð að því hvort það sé ekkert erfitt að hafa yfirsýn segja þau það vera flóknara í dag en það var. En bæta því svo við að það gangi samt bara vel.

### Vinna meira – tala minna

Á meðan Nikita selur eitt þúsund og fimm hundruð flíkur á dag halda margir að Heiða saumi sjálf öll Nikita-fötin. En hvers vegna skyldu þau hafa kosið að vera ekki í sviðsljósinu á Íslandi? „Þegar við fórum af stað voru nokkur íslensk fyrirtæki með miklar yfirlýsingar um hversu ævintýralega vel þeim væri að ganga við að koma sér á framfæri alþjóðlega. Okkur leist illa á að vera flokkuð með þeim í hópi þar sem við vorum nokkuð viss um að sum þeirra mest áberandi yrðu skammlíf, svo við ákváðum að „tala minna – vinna meira“. Það að gefa ekki út stórar yfirlýsingar um hversu langt við ætluðum að fara með okkar fyrirtæki gaf okkur vinnufrið sem við vöndumst og líkaði einfaldlega of vel til að fara að blaðra eitthvað að óþörfu,“ segja þau.

Oft er talað um að fatahönnunarmarkaðurinn á Íslandi sé svo lítill að fatahönnuðir neyðist til að vinna í akkorði til að vinna við fagið. Er ekki slegist um að vinna hjá ykkur? „Vinnan minnkar allavega ekki við að færa sig frá Íslandsvinningum og fara að vinna á alþjóðamarkaði. Smæð íslenska markaðarins gerir það að verkum að íslenskir hönnuðir eru oftast einyrkjar og sjá um að hanna, selja, framleiða og fjármagna sína starfsemi hver í sínu horni án tilkomu sölu- eða markaðsfólks, eða fjármála- og framleiðslufólks. Það er ágætis skóli en ekki auðvelt að láta það ganga upp fjárhagslega. Okkur hefur tekist að blanda saman fatahönnun, grafískri hönnun, markaðssetningu, sölu, tímanlegum afhendingum á vörum og skipulögðum fjármálum í kokteil sem bragðast vel víða um heim, og jú það eru margir sem vilja taka þátt í því. Okkur hefur sem betur tekist að fá frábært starfsfólk til okkar og það hefur nóg að gera.“

Í dag framleiðir Nikita fatnað sinn í fimm löndum, mest í Kína. Spurð að því hvort framleiðslan hafi breyst mikið þegar þau hófu framleiðslu þar í landi segja þau svo vera.

„Það sem var kannski mest afgerandi var að við gátum farið að stíla inn á að bjóða okkar vörur á þeim verðum sem ganga og gerast á markaðnum. Ísland er ekki beinlínis heppilegasta framleiðsluland í heimi fyrir föt, né reyndar flest annað. Einnig gátum við farið að gera hluti í fatnaðinum sem íslenskir framleiðendur ráða ekki við þar sem fagþekkingin ásamt tækjum og tólum er ekki til staðar.“

### Saman í baráttunni

Rúnar og Heiða hafa unnið saman frá því þau urðu par. Þegar þau eru spurð að því hvort það hafi aldrei verið erfitt svara þau því bæði játandi og neitandi. „Við þekkjum auðvitað mjög vel kosti og galla hvorts annars og getum unnið með þá í einhverju sem okkur finnst gaman að og tengist okkar helstu áhugamálum. Það er meira en flest pör fá að upplifa á ævinni, en getur auðvitað haft álag í för með sér. Á hinn bóginn vinna flest pör saman að mest krefjandi verkefnum lífs síns, þ.e. að eiga og ala upp börn, fæða þau og klæða, eyða aleigunni í hús og bíl og standa í meiri háttar skuldbindingum saman. Það að búa til eitthvað fatafyrirtæki saman bliknar í samanburði við þá ábyrgð.“ Þau segjast ekki hafa neinar reglur á því hvenær þau tali um vinnuna og hvenær ekki. „Við tölum um vinnuna þegar okkur finnst við þurfa þess og sleppum því þess á milli. Við tölum um allt mögulegt, en vinnan okkar og áhugamálin blandast mjög mikið saman, og stundum er erfitt að greina á milli hvort er hvað.“ Aðspurð um fataáhugann segja þau hann yfir meðallagi, en það fari samt eftir því hvað fólk miðar við.

„Við erum væntanlega langt yfir meðallagi áhugasöm um hvað er að gerast í tísku- og fatabransanum en skilgreinum það samt ekki beinlínis sem áhugamál. Okkur er t.d. slétt sama í hvaða skóm Kate Moss er í á morgun en erum meira að spá í hvort okkur sjálf langi ekki í eitthvað nýtt sem við gætum búið til sjálf,“ segja þau en játa í framhaldinu að klæðast oft einhverju öðru en eigin hönnun. Hvað þarf maður að hafa til að meika það í fatabransanum?

„Okkur er mjög illa við að alhæfa eitthvað um það. Það fer til dæmis alveg eftir því hvernig maður skilgreinir „meikið“ sjálft. Til þess að hafa atvinnu af því að hanna og selja föt þarf maður þó klárlega að geta búið til eitthvað sem fólk er tilbúið til að borga fyrir að vera í og afhenda því það á réttum stað og stund á réttu verði og í réttum gæðum.“ Þegar orðið „útrás“ ber á góma fer hrollur um Rúnar.

„Ég eyði litlum tíma í að hugsa neikvætt svo „þoli ekki“ er kannski of sterkt til orða tekið. Ég verð að viðurkenna að mér finnst „útrás“ eitt ofnotaðasta hugtak síðustu ára á Íslandi. Íslendingar eru búnir að lifa á því í áratugi að flytja fisk úr landi, það er „útrás“, en allt í einu var þetta orðin einhver sykurhúðuð skilgreining á því hvenær Íslendingar væru að meika það í útlöndum. Íslenskt fyrirtæki mátti ekki fá fyrirspurn frá útlöndum þá var eins og haft hefði verið samband frá fjarlægum hnetti og orðið „útrás“ komið í allar fréttatilkynningar. Mér finnst þetta bara þreytandi frasi,“ segir Rúnar. Þegar þau eru spurð að því hvort þau séu orðin forrík neita þau. „Okkar veraldlegu eignir eru að mestu bundnar í fyrirtækinu okkar en það er auðvitað orðið talsvert verðmætt,“ segir Rúnar. Þegar þau eru spurð að því hvort þau ætli að láta þetta gott heita segja þau svo ekki vera. Þau hyggjast á frekari landvinninga og eru því rétt að byrja.



# tíska

*ferskleiki dagsins í dag*

## SVARTAR OG SEIÐANDI

Íslenska fatamerkið e-label er komið með splunkunýja línu á markað. Hún er svört og seiðandi eins og sú fyrri. Línan er full af ferskum og sniðugum sniðum sem hressa upp á fataskápinn. Vörurnar eru eingöngu seldar á netinu á síðunni e-label.com.



*Ódrepandi andi áttunda áratugarins*

# Áhrif frá áttunda áratugnum



Ítalska töffaramerkið Diesel er 30 ára um þessar mundir en það var stofnað árið 1978 af Renzo Rosso, sem er textílhönnuður, og félögum hans. Árið 1985 keypti hann þá út og þá fór boltinn að rúlla fyrir alvöru. Í dag er hann forstjóri fyrirtækisins og er ávallt með puttana í hönnuninni. Renzo Rosso vildi gera Diesel að tískuvöru sem almúginn gæti nálgast án þess að borga formúu fyrir. Honum hefur tekist ætlunarverk sitt – að fá fólk úti um allan heim til að klæðast Diesel.

Diesel var eitt af fyrstu gallabuxnafyrirtækjunum til að koma með öðruvísi þvotta á gallabuxum en hver og einn þvottur getur tekið allt að átta klukkustundir sem gerir buxurnar sérstakar og eftirsóttar. Íslendingar kynntust Diesel árið 1986 þegar Sautján fór að selja gallabuxurnar frá þeim. Í dag eru niðurþröngar gallabuxur mest áberandi en þær eru með mismunandi rassvösum í mismunandi þvottum. Litapallettan tekur þó töluverðum breytingum en ljósgrái liturinn kemur sterkur inn í gallabuxum. Sumartískan frá Diesel er í heild sinni svolítið í anda áttunda áratugarins þar sem áprentanir á boli eru áberandi í allri sinni mynd. Í tilefni af afmælinu mun fyrirtækið, NTC, halda risastórt Diesel-partí á skemmtistaðnum Nasa í samvinnu við Nova.

*martamaria@365.is*


**Tækniskólinn**
skóli atvinnulífsins

## REKSTUR OG STJÓRNUN Í FLUGREKSTRI

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins, býður uppá diplómanám í rekstri og stjórnun í flugrekstri. Námið hentar öllum þeim sem hafa reynslu í flugtengdri starfsemi. Námið er krefjandi og hefur sömu námskröfur og eru gerðar á háskólastigi en boðið er upp á sveigjanleika í skipulagningu og skilum á verkefnum nemenda. Námið er þróað og unnið af Flugskóla Íslands í samstarfi við Háskólann í Reykjavík.



**Haust 2008**
Fornámskeið 4 dagar
Hagnýt stærðfræði I
Rekstrarhagfræði
Reglugerðaumhverfi og gæðastj. í flugrekstri

**Haust 2009**
Fornámskeið 3 dagar
Lögfræði og vátryggingamál
Rekstrar- og birgðastjórnun
Markaðsfræði í flugrekstri

**Vor 2009**
Fornámskeið 3 dagar
Þjóðhagfræði
Fjárhagsbókhald
Rekstur flugfélaga

**Vor 2010**
Mannauðsstjórnun
Verkefnastjórnun
Rekstur annarra félaga í flugtengdri starfsemi

**Sumar 2009**
Fjármál I
Markaðsfræði

**Sumar 2010**
Lokaverkefni
Útskrift í september 2010

Námið er blanda af fjarnámi og lotunámi og er hægt að hefja nám vor og haust. Hvert fag er 3 einingar (6 ECTS) og er kennt í 6 vikna lotum, eitt fag kennt í senn. Í 2. og 5. viku hverrar lotu koma nemendur í skólann í 3ja daga staðnám, fim-fös-lau. Hverju fagi lýkur með heimaprófi eða verkefnavinnu.

Flugskóli Íslands
Tækniskólinn

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY


Sundance® Spas
Heilsunuddpottar
2008 línan er komin
TENGI
Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Fax: 414 1001 • www.tengi.is
Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050 • Fax: 414 1051 • tengi@tengi.is

# Útlit

*smáatriðin skipta öllu máli*

**SUMARILMURINN FRÁ GIVENCHY**

fær mann til að iða af lífi og fjöri og langa til að dilla sér í takt við sumarblíðuna. Það kemur kannski ekki á óvart því hann ber nafnið „Summer Coctail“. Givenchy hugsar um bæði kynin því dömurnar fá rautt glas en herrarnir blátt og geta því sameinast í sumarkokkteil.



## Ólífrænt fólk í vanda



**Marta María Jónasdóttir**
martamaria@365.is

Ég fékk hálfgerða hugljómun þegar ég las grein í tímaritinu Style sem fjallaði um klofna persónuleika nútímans - fólkið sem vildi bæði lifa lífrænu lífi og ferðast um á einkaþotu. Þótt þetta um einkaþotuna sé „svo 2007“ þá fangaði þetta þá stemningu sem ríkt hefur innra með mér undanfarið. Langar ekki flesta að lifa lífrænu lífi og baða sig í velmegun og lúxus á sama tíma?

Þótt ég standi mig þokkalega þegar kemur að lífrænu eldhúsi og matreiðslu þá vantar töluvert upp á í öðrum þáttum. Á til að mynda ekki safnhaug í garðinum (það stendur til bóta í sumar) og í ofanálag keyri ég um á bíl sem eyðir svo miklu bensíni að ég hef varla undan að fylla á hann. Blæðandi bíladella kemur þó í veg fyrir að ég skipti á honum og rafmagnsbíl.

Var að velta lífrænni tilveru fyrir mér þegar ég var stödd í sænska móðurskipinu H&M um daginn. Þar hékk aragrúi af lífrænum bómullarfötum á slám verslunarinnar og eitt augnablik hugsaði ég með mér hvort ég ætti ekki að kaupa þetta frekar en óumhverfisvænu glamúrfötin sem hengu á næstu slá. Eftir smá umhugsun komst ég að því að ég hef einfaldlega ekki lífrænan fatasmekk. Þótt sumir séu sætir í víðum ólituðum hörbuxum, í bómullarbol með lífrænan túrban í hárinu þá gerir þetta ekkert fyrir sjálfa mig. Fyrir mér eru þetta bara föt til að vera í þegar garðurinn er sjænaður en á ekki heima á vinnustað hvað þá í partíum. Á sama tíma eru háhælaðir skór eitthvað það ólífrænasta sem hægt er að hugsa sér, samt gæti ég ekki hugsað mér lífið án þeirra.

Ég held reyndar að fyrsta skrefið fyrir þá ólífrænu sé að hugsa sig tvisvar um áður en fjárfest er í dauðum hlut. Nú eiga einhverjir sem mig þekkja eftir að fá hláturskast og finnast þetta koma úr hörðustu átt en batnandi manni er best að lifa.

Þegar það voraði upplifði ég það sterkt að kannski væri ég á batavegi þegar ég dró fram öll gömlu sumarskópörin sem ég hef sankað að mér í gegnum tíðina. Ég fékk þá tilfinningu að gömlu skórnir væru splunkunýir því þeir voru allir svo fallegir. Kannski upplifði ég þetta því ég var ekki búin að hafa þá fyrir augunum lengi. Kannski er þetta lykillinn að lífrænu lífi – að pakka reglulega niður fötum og taka þau upp aftur. Þá líta þau út fyrir að vera ný og gera það sama fyrir „sjoppaholikinn“ sem býr innra með allt of mörgum. Skora á ykkur að prófa!



Nýjasta útlitið frá Mac heitir Naughty Nauticals. Blái liturinn í kringum augun er afar sjarmerandi og flottur með eldrauðum vörum.

*Naughty Nauticals er sumarlínan frá MAC*

## Blár er nýi svarti

Naughty Nauticals heitir nýjasta línan frá MAC. Það sem er svo skemmtilegt við hana er að hún hvetur konur til að hugsa út fyrir rammann og vera pínulítið öðruvísi. Einhvern tímann var því fleygt fram að ef augun væru mikið máluð ættu varirnar að vera lítið málaðar en það er greinilega ekki málið hérna því bæði varir og augu eru áberandi. Frostblátt naglalakk í stíl við kalt augnaráð er málið. Lark About pigment stardust er borið á augnbeinið og augnlokin. Í þessu útliti á andlitið að vera alveg slétt og jafnt, enginn kinnalitur eða neitt slíkt. Til að fanga stemninguna er fallegt að lýsa upp kinnbeinin til að fá fallega áferð. Til að fullkomna förðunina er grár blýantur settur alveg við augnhárin en hann heitir Greyprint Technakohl. Glossinn sem toppar sumarstemninguna heitir Ensign Lustreglass. Er hægt að biðja um eitthvað meira?

martamaria@365.is




1.Submarine heitir þessi augnskuggi frá MAC. 2. Lark About glimmerduft er borið yfir augnlokið þegar búið er að bera augnskuggann á. 3.Frost naglalakk frá MAC.

## Ástríðufull Naomi



Hugmyndin að ilminum, Seductive Elixir, er komin frá Afríku þar sem forfeður fyrirsætunnar Naomi Campbell áttu heima. Ilmfræðingurinn Guilaume Flavigny heillaðist af rauðum drykk sem er gerður úr blöðum stokkarósarinnar, Hibiscus, sem innfæddir segja að sé heilög. „Þetta var eins og undursamlegur töfradrykkur, svo spennandi og algerlega framandi,“ segir hann og bætir því við að ilmurinn eigi að endurspegla seiðandi fegurð Naomi. Hver vill ekki vera eins ástríðufull og seiðandi og ofurfyrirsætan?




Forðast þú aukaefni í mat?

*En í snyrtivörunni!*

Það skiptir jafnmiklu máli hvað þú setur á húðina, og það sem þú borðar. Aubrey Organics hefur framleitt hágæða náttúrulegar snyrtivörur í yfir 40 ár. Núna eru þeir byrjaðir að framleiða þessa frábæru sólarvörn sem hentar öllum húðgerðum. Allar varnirnar vernda gegn UVA/UVB geislum sólarinnar.

- SPF 8 létt vörn með góðum raka og PABA filter
- SPF 10 frábær vörn í spray formi, fyrir andlit og líkama, sniðugt að hafa í töskunni þegar hitnar
- SPF 20 lyktarlaus vörn, fyrir viðkvæma húð
- SPF 25 sólarvörn fyrir útivistarfólk, heldur húðinni rakafullri klukkutímunum saman
- SPF 25 fullkomin vörn fyrir börn og fullorðna, semi vatnsheld
- After-sun áburður fyllir húðina raka eftir heita daga í sól, sundi og hita
- Aloe vera gel, ekkert er betra til að kæla húðina eftir sólardaginn, gert úr 98% lífrænu Aloe vera

***Hugsaðu um hvað þú berð á húðina þína og barnanna þinna!!!***

*Fæst í Lyfju og Heilsuhúsunum.*

heilsa -hafðu það gott




**KONUR OG MENN**
LAUGAVEGUR 66, 101 REYKJAVÍK

GK REYKJAVÍK

# bland

*í gær og á morgun ...*

HELGIN

**FÖSTUDAGUR:**
Heimsfrumsýning á dansverkinu Ambra í Borgarleikhúsinu kl. 20 í kvöld. Verkefnið er samstarfsverkefni Íslenska dansflokksins og Carte Blanche frá Bergen. Höfundur verksins er Ina Christel Johannessen.



**SUNNUDAGUR:**
Óperan Dagbók Önnu Frank verður frumsýnd kl. 20 í Íslensku óperunni en þetta er í fyrsta skipti sem þetta verk er sýnt hér á Íslandi. Þetta er sýning sem aðdáendur Önnu mega ekki missa af.

## díana mist

**FÖSTUDAGUR 16. MAÍ**
Vaknaði timbruð eftir saumaklúbb gærkvöldsins og hugsaði með mér hvernig ég ætti að komast í gegnum daginn. Venjulega erum við ekkert að skvetta í okkur á virkum dögum en þar sem ein af okkur kom út úr skápnum var ekki annað hægt en að taka tappa úr flösku. Ákvað þegar ég vaknaði að hringja í vinkonu mína, sem er læknir, og fá góð ráð hjá henni. Læknavinkonan benti mér á að ónæmislyf væri hinn helsti timburmannabani. Ég skellti mér í dragtina, meikaði yfir vibbann og kom við í apóteki á leið í vinnuna. Dældi þessu í mig og var orðin nokkuð hress um hádegið þegar vinnufélaginn sem ég endaði í sleik við um síðustu helgi kom labbandi að skrifborðinu mínu og spurði hvort ég væri til í að fara með honum í „lunch“. Fokk, hvað var málið með það? Fannst „lunch“ og einnar nætur gaman ekki eiga neina samleið og leit vandræðalega undan meðan ég sagði honum að ég þyrfti að heimsækja ömmu mína á elliheimilið og kæmist því alls ekki. Hann horfði á mig hatursfullu augnaráði og labbaði í burtu. Ákvað að vera heima um kvöldið og fara snemma að sofa. Um nóttina fékk ég SMS frá honum og í því stóð: „Er með þig á heilanum.“

**LAUGARDAGUR 17. MAÍ**
Þótt það væri þjóðhátíðardagur Norðmanna var ég ekki í neinu stuði en lét til leiðast þegar vinkona mín hringdi og bað mig að koma í bæinn. Fórum á Listasafn Reykjavíkur en þar voru Ari Alexander, Gerður Kristný rithöfundur og Hanna Rúna Moggaskvísa í góðum fíling. Eftir bæjarferðina fór ég heim í slökun til að vera sem hressust þegar ég upplifði erótísku danssýninguna, Systur, í Iðnó. Við vinkonurnar mættum og fundum okkur sæti og settum trefil í sætin til að taka þau frá meðan við fórum á barinn. Þegar við komum til baka voru María Ellingsen leikkona og Pálmi Gestsson leikari sest í sætin og neituðu að færa sig. Merkilegt að fólk sem kennir öðrum framkomu skuli koma svona fram. Þarna var líka Lára Ómarsdóttir, upplýsingafulltrúi Iceland Express, og Einar Örn sykurmoli. Gamla góða stemningin ríkti á 101 seinna um kvöldið. Þar voru Halldór Friðrik Þorsteinsson fjármálasnillingur, Obby hjá Baugi, Ragga Gísla, Birkir Kristinsson og Ágústa á samnefndri snyrtistofu, sem hefur aldrei litið betur út. Var að hugsa um að biðja hana um að taka mig í smá trítment enda veitir ekki af eftir marineringu síðustu vikna. Ég hafði þó engan tíma til að hugsa um það því stuttu síðar var ég dregin á Apótekið þar sem hinn granni Sveinn Andri Sveinsson spókaði sig um á skyrtunni en þar var líka Andri Ottesen. Á þessu stigi málsins var ölvunin samt orðin svo yfirþyrmandi að ég ákvað að drífa mig heim áður en ég myndi gera eitthvað sem ég ætti eftir að sjá eftir í framtíðinni …




# NAIL ENVY
NAGLAHERÐIR




Þessi upprunalegi.
Goðsögnin.

Frábær naglaherðir fyrir neglur sem flagna og brotna.

O·P·I


# Védís Hervör Árnadóttir söngkona

## TOPP 10



**Mac-tölvan mín. Ég geymi allt í þessari elsku og fer ekki í gegnum daginn án þess að vinna við hana, í henni, gegnum hana. Ég er ekki mikil símamanneskja og reyni að hafa allt á tölvuformi. Ég tek upp tónlist á hana, skrifa ritgerðir, glósa, nefndu það!**






**a beautiful life – recovery project. Sólóplatan mín og stoltið mitt.**



**Við hjúin eigum ágætlega myndarlegt bókasafn og gluggum oft í bók. Hvort sem það er til heimildaöflunar eða bara fyrir svefninn.**



**Gamla brúðan hennar ömmu Ingu. Langamma Inga keypti þessa brúðu fyrir um hálfri öld og hafði hana alltaf á miðju rúmi þeirra hjóna, prúðbúna og fína. Hún arfleiddi mig að henni þar sem ég hafði stofnað til mikillar vináttu við hana sem barn, svo mikilli vináttu að hún týndist oft í annars lítilli íbúð þar sem ég hafði dregið hana með mér út um allar trissur svo hún myndi upplifa umheiminn svolítið betur. Langamma heklaði þennan fína gula kjól á hana áður en hún lést. Það er heilmikil væntumþykja tvinnuð í kjólinn og ég vil meina að amma Inga vaki yfir mér í gegnum hana (samt ekkert í líkingu við Chucky-brúðuna).**



**'Hjartans matur' - uppskriftadagbókin mín. Ég skrifa niður þær uppskriftir sem ég bý til jafnóðum svo ég gleymi þeim ekki. Svo kvittar fólk fyrir sig og skrifar jafnvel eitthvað sniðugt, gefur matnum einkunn og slíkt. Þetta er því svona uppskriftadagbókargestabók. Hinn ýmsi viðbjóður er skráður niður þó að þetta heppnist langoftast vel.**




**Píanóið er gleðigjafi og helsti möguleiki til andlegrar útrásar á heimilinu. Alvöru píanó er betra til lagasmíða að mínu mati. Nóg er til af hljómborðum í litla hljóðverinu mínu, en þetta gamla þýska Fazer-píanó á engan sinn hljóm líkan.**



**Gamla fermingargræjan og geisladiskasafnið. Þetta er hundgömul græja og enn í fullu fjöri þó svo að takkarnir séu óðum að hrynja af. Geisladiskar eru hverfandi munaður og ég elska þá! Ég fer reglulega á plötumarkaðinn í Perlunni og sanka að mér góðri músík.**



**Hringarnir mínir. Ég er alltaf með þessa hringa á mér. Annar er frá systur minni sem býr í Lundúnum og hinn er svokallaður tímamótahringur frá unnustanum, þar sem ég fæ demant viðbættan fyrir hver tímamót hjá okkur eða mér.**



**Ljósmyndasafnið. Ég er ljósmyndasjúk. Þetta er uppi um alla veggi og skapar mikla stemningu. Margir vina minna búa erlendis og frábært að hafa þá hér hjá okkur og frábær eftirminnileg staðir gera oft vart við sig.**



**Hafragrauturinn og íslenskt vatn. Þetta borða ég alla morgna. Hafragrauturinn er besti orkugjafinn fyrir strembinn dag.**

**Nú er tækifærið að fata sig upp fyrir sumarið:**

Hlaupafatnaður
Herrafatnaður
Dömufatnaður
Barnafatnaður
Aerobikfatnaður
Sundfatnaður

## VSK-dagar á íþróttafatnaði!

# Fellum niður

**Vaskinn**

**af öllum íþróttafatnaði**
**frá fimmtudegi**
**til sunnudags**

Nike
Adidas
Puma
Casall
Reebok
Hummel
USA Pro
Speedo
Seafolly

En að sjálfsögðu greiðum við virðisaukaskattinn til yfirvalda.

HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • SÍMI 545 1500

**ÚTILÍF**

ÍSLENSKA/SIA.IS/UTI 42467 05/08


Lynx GOLFVÖRUR
GOLFVÖRUR á góðu verði
Pro Quip Silk Touch
Besti gallinn skv.
Todays Golfer.
Jakki aðeins kr. 12.560
Buxur aðeins kr. 8.960
silk touch WATERPROOF
Golfkerrur
Þriggja hjóla kr. 9.520
Venjuleg frá kr. 3.740
Rafmagnsgolfkerra
Powerhouse Freedom
28 AH geymir kr. 39.900
Fjarstýrð kr. 49.900
HIPPO XXL 460
Verðlauna driverinn.
Carbon – titanal haus,
með nýja laginu gefur
beinni og lengri högg.
Verð aðeins kr. 13.515
Opnunartími mánudaga – föstudaga 11 til 18
Barna- og unglingagolfsett
í poka verð frá kr. 9.900
Pútter, kylfa og
kúlur kr. 4.500
HOWSON Attacker Rescue 21°
Margverðlaunaður hálfviti. Herra
og dömu, verð aðeins kr. 4.590
Howson
Golfsett í poka
Heilt sett frá kr. 24.900
Hálft sett í poka frá kr. 14.820
Golfboltar -15%
í heilum kössum
Golfboltar 10 stk, kr. 900
Golfpokar frá kr. 3.400
Golfskór 30 – 60% afsláttur
HIPPO HEX driver
Verðlauna driverinn
Carbon – titanal haus, með nýja
laginu. Gefur beinni og lengri högg.
Verð aðeins kr. 16.915
HiPPO
Golf Outlet
Ármúla 40 • 2.hæð • Sími 553 9800
Full búð af hjólum
Barnahjól
VIVI Scrambler barnahjól.
Létt, sterk og meðfærileg
barnahjól með hjálpardekkjum
og fótbremsu.
3-4 ára 9.920
4-5 ára 10.320
5-7 ára 10.800
GIANT MTX fjallahjól
Vandað fjallahjól með álstelli,
dempara og Shimano gírum.
20" 6-8 ára 23.900
24" 8-11 ára 27.900
Barnahjól
VIVI Sweety barnahjól.
Létt, sterk og meðfærileg
barnahjól með hjálpardekkjum
og fótbremsu.
3-4 ára 9.920
4-5 ára 10.320
Þríhjól m/skúffu
Transporter með skúffu.
Vandað, létt og endingargott
kr. 8.900
Scott Voltage fjallahjól
Super stíft álstell með fram-
dempara fyrir hressa stráka.
21 gíra Shimano
GIANT ROCK fjallahjól
Vandað fjallahjól með álstelli,
fram dempara og Shimano gírum.
Dömu og herra stell í XS - XL.
Kr. 32.900
MARKIÐ
www.markid.is • sími 553 5320 • Ármúla 40
Upplýsingar um raðgreiðslur veittar í versluninni.
Hjólin eru afhent tilbúin til notkunar, samsett og stillt á fullkomnu reiðhjólaverkstæði. Aðeins vönduð hjól með ábyrgð, öll barnahjól með CE viðurkenningu.Frí uppphersla fylgir innan tveggja mánaða.

### Barnabílstólar og dekk
4 nýleg Bridgestone sumardekk 165/65 R14 seljast á 15 þús. 2 stk. Concord Trimax X-line Barnabílstólar 9-18 kg. Kosta 25 nýir seljast ódýrt. Uppl. Í síma 617 3330

Hobby Hjólhýsi til sölu, staðs. í Þjórsárdal. Nýtt Fortj. og pallur. S. 8445290

Verslunarinnrétting úr barnafataverslun hentar mjög vel í ferðamannaverslun, stórir speglar, loftljós, kastarar, 2 gínu ofl. Einnig er til sölu Orbitek æfingatæki. S. 868 4110.

## Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

## Óskast keypt

### Gallery Gónhóll Eyrarbakka.
Erum að undirbúa sumarsölumarkaðinn! Vantar afgreiðsluborð, sölustanda , skápa rekka ofl. á markaðstorg Einnig vörur og gamla lagera, vélar, bíla og fl.ofl. í umboðssölu: Upplýsingar og pantanir símar 842-2550 og 862-1936)

## Hljóðfæri

Harmonikkur nýjar og notaðar. Mikið úrval. EG tónar, Rvk. s. 824 7610 & Ak. s. 660 1648.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Vélar og verkfæri



Til sölu 2 stk pökkunarvélar Ilpra carrera 500 og 1000 með álímingarbúnaði og prentara í góðu ástandi upplýsingar í S:6605606 eða arnthor@somi.is.

## Til bygginga

Mótaborð (dokar) 1.675 kr/m, mótabitar 1.185 kr/m, alheflað timbur 23x147 og 48x98 á 208 og 289 kr/m, allt verð með vsk.Kíktu á ulfurinn.is eða s. 840-7273, Halldór.

Doki + uppistöður + setur til sölu ca. 80fm. Selst á 200 þ. S. 770 6631.

## Verslun










## Heilsuvörur




5-7 kíló á 9 dögum með Aloe Vera, nánari uppl. í síma 6978928 Sigríður



Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is



### Aloe vera drykkurinn
**Var með ristil- og magavandamál í 22 ár. Aloe Vera næringardrykkurinn hjálpaði mér. Sjálfstæður dreifingaraðili FLP, Guðmundur A. Jóhannsson, s. 662 2445 eða á www.4ever.is Frí heimsendingarþjónusta**

### Nudd fyrir heilsuna (G.Ben Jurtavörur)
**Verð á Eyrarbakka 24. og 25. maí. með grænu kremin mín í Gallerý Gónhól. Líkamshlustun og greining.**

**Tek öll kort.**
**Gerður Benediktsdóttir grasalæknir.**

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s. 862 5920.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

### Ég er á LR-heilsukúrnu
Orka, vellíðan og kílóin fjúka. Vertu með!!!!! Uppl. Kristína 869 2024 & 894 0045. www.dietkur.is

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

LR Gigtarkúrinn er ótrúlegur. Léttist um 8 kg. á 3 vikum á LR Henning hann er auðveldur og hraðvirkur. Lr-anna@simnet.is eða s. 662 5599.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Whole body massage Telepone 841 8529.

Heilnudd. Uppl. í s. 849 5247.

## Snyrting




### Nýtt á Íslandi ! CALLUS PEEL Frábær meðferð til að ná siggi af hælum og tábergi
**Meðferð sem tekur aðeins 15 mínútur Örþunnir klútar lagðir á svæðið fóturinn pakkaður inn í plastfilmu í 10 mín Skafa ÞÉTT með spaðanum í 2 mín og raspa húðina vel á eftir Að lokum borið á krem Pakki með sköfu, raspi ásamt 10 auka raspfilterum kremi, 5 pakkningar af undraklútunum með 2 stk í pk. og kremtúpu Á verði einnar fótsnyrtingar Útsölustaðir Snyrtistofur Fótaaðgerðastofur Apótek Verð kr 5900 www.eyglo.is**

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið




### 50% Off summer prices
ICELANDIC I, II & III Level I: 4 weeks Md-Frd; 18-19:30 start 26/5, 26/6. Level II: 7 weeks: Md/Wd/Frd; 20-21:30 start 16/6, 6/8. Level III:10 weeks; Tsd/Thrd; 20-21:30 start 8/7, Ármúli 5. s.588 1169-www.icetrans.is/ice

# HEIMILIÐ

## Húsgögn



### Glæsileg sófasett með hágæða ítölsku leðri.
Fást nú með veglegum afslætti m.v stgr. Einnig er boðið upp á 10 mánaða greiðsludreifingu á kort VAXTALAUST. Ath. Aðeins er um fáein eintök af hverjum og einum sófa að ræða. Eigum einnig nokkrar aðrar týpur en myndirnar sýna. Einnig eru fáeinir stólar og legubekkir í boði. Frekar upplýsingar veitir Sigurður í síma 868-5001 milli kl: 08:00-18:00



Kíkið við hjá Maddömunum á Selfossi! Opið mið-fös. 13-18 og lau. 11-14. Maddomurnar.com.

Til sölu vegna flutnings eldhúsborð, hvítt + 6 stólar. Beige litlað sófasett 3+1+1, Uppþvottavél, 2 rúm 90x200 og eitt 105x200, mahony skenkur fylgir. Stórar lifandi plöntur, omfl. S. 661 7216.

## Heimilistæki

Sprzedam pralke na gwarancji. Washing machine on guaranty for sale. Tel 824 0556.

## Dýrahald



Tilboð á stórum búrum m/flísmottu 1006 búr # Stærð: L 120 . B 75 . H 83 aðeins 12,500 kr .www.liba.is

### Hundagalleríið auglýsir
**Smáhundar til sölu. Kíktu á heimsíðu okkar: www.dalsmynni.is**
**Sími 566 8417 og www.dalsmynni.is**



Boxer hvolpar til sölu, afhendast ættbókfærðir frá Íshundum og heilsufarsskoðaðir. Uppl. í s. 456 1510 & 847 0606 & 869 7612. skessa126@simnet.is myndir inná boxer.bloggar.is Erum í Rvk.



Dverg Schnauzer hvolpar til sölu með HRFÍ ættbók. Uppl. í s. 897 6229.

### Solid Gold
**Hunda-og kattamatur.**

**1,8 kg. 1.450**

**6,8 kg. 3.390-**

**14,8 kg. 5.980-**

**Ný sending, óbreytt verð. Dýrabær Smáralind og Hlíðasmára 9, Kóp. www.dyrabaer.is**



Am.Cocker Spaniel hvolpar til sölu með ættbók frá HRFÍ. Tegundin er blíð og henta vel sem fjölskylduhundar. Uppl á www.draumora.com eða í S.696 4488

Til sölu 3 labrador hvolpar, 3 mán. gamlir. Góðir sem heimilis-og veiðihundar. S. 866 0502.

Til sölu Chiuahua tík 8 mán. blíð og góð. Uppl. í s. 426 7548.

1 árs Púðluhundur fæst fyrir 10 þús. Uppl. í s. 848 1476.

## Ýmislegt







# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðaþjónusta




### Sjóstangveiði - Andrea
Hvalaskoðun, Skemmtisiglingar. Tilvalið fyrir fyrirtæki og starfsmannahópa. Símar 562 2300, 892 8433. Nánari upplýsingar www.hvalalif.is / hvalalif@hvalalif.is

## Hestamennska



Leðurjakkar kr. 29,950 svartir og brúnir. Leðurbuxur kr. 23.500 og kr. 23.950 svartar og brúnar.

Tito.is - Súðarvogi 8 - Gsm 861-7388

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Rooms for long term rent in Reykjavik and Hafnafjordur. Free use of kitchen, bathroom, washer, dryer, staterlight TV and internet. Call 824 4532.

### Íbúðir til leigu
Skrifstofa Leiguliða auglýsa lausar nýjar og notaðar íbúðir til leigu í Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfirði. www.leigulidar.is eða 517-3440.

Þarftu að leigja íbúðar- eða atvinnuhúsnæði? Hafðu samband. www.husaleiga.is S. 471 1000

Reykjahlíð til leigu, glæsileg sérhæð, laus frá og með 1. júní. Leiga 190 þ. per mán. Þangbakki til leigu, góð 2 herb. íbúð í lyftuhúsi, laus strax, leiga 85 þ. per mán. Laxalind til leigu 210 fm parhús með innb. bílskúr. Laus 1. ágúst. Leiga 230 per mán. Sólvallargata til leigu stúdíóíbúð, laus 1. júní leiga 65 þ. per mán. Allar nánari uppl. arsalir@arsalir.is

3ja herb. íbúð (100fm) til leigu í 112. RVK með innbúi. verðhugmynd:130þús á mán. nánari uppl. á maili = geir@aholding.eu

Gistipláss/herb. til leigu á svæði 104. Rooms for rent contact number 661 4096 & 698 3211.

Til leigu nýl. 4ra herb. raðhús í Hraunbæ Rvk. Leiga pr. mán. kr. 185.000, auk bvt. Greiða þarf fyrirfram tryggingu í pen. kr. 555.000. Laust nú þegar. Uppl. í s: 898 3420

Hraunbær/Reykjavík/laus Falleg 91,4 fm. 3ja herbergja íbúð. Uppl. s. 696 5570

### Íbúð í sumar
80fm íb. í Vesturbænum. til leigu frá 1.7 -31.8. 1 svefnherb. & 2 stofur, húsg. fylgja. Leiga 120 þ. á mán. + tr. S. 893 1433.

4ra herb. íbúð á svæði 104 til leigu m. húsg. Trygging er samningsatriði. S. 821 4820.

Til leigu 58fm 2 íbúð í 220 hafnarfj. Auka herbergi í kjallara + þvottahús. 105þús á mán. uppl. 8660734

Björt og góð 2ja herb íbúð í Vesturbæ, nálægt KR vellinum. Aðeins reglusamir ásamt skilvísum greiðslum koma til greina. Leiga 120 þús á mán. Uppl. í s. 898 1188.

## Húsnæði óskast

Þýsk hjón óska eftir herbergi til leigu til langtíma. Uppl. í s. 844 6821.

Kona óskar eftir fallegri og góðri 2ja berb íbúð m geymslu til langtímaleigu frá 1 júní. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið Uppl í síma 615-1039

## SUMARTILBOÐ



## Húsnæði til sölu

**Stop! Stop! Stop!**
Fallegt útsýni! 6 herb. íbúð til sölu. Aukatekjur. Leikvöllur. Stutt í gönguleiðir. Miðsvæðis í Rvk. V. 22.5 m. 4,15% fastir vextir. Uppl. í s. 697 3217.

## Sumarbústaðir






**Frábær staðstetnig mikið útsýni**
96m2 sumarhús í Hraunborgum til sölu 130m2 sólpallur, rafmagn,rotþró, rétt við sundlaug og stutt í 4 gólfvelli. Útveggir einangraðir. Lagnir í plötu. Upplýsingar síma 693 6717 Kristinn.

27 fm. bjálkahús til sölu á 1.350 þús. Og fán karteflu upptökuvél á 70 þús. S. 861 8828.

## Atvinnuhúsnæði



Til leigu á besta stað í Hfj atvinnuhúsnæði 200 fm. Góður & bjartur salur, skrifstofa, geymsla & wc. Allt ný málað og yfirfarið. Gott útisvæði. Leiga pr. mán. kr. 290.000, auk bvt. S. 898 3420.

Skrifstofuhúsnæði til leigu fyrir aðila á heilsumarkaði í Holtasmára 1, Kópavogi (Hjartaverndarhúsið) Fjölbreyttar stærðaeiningar í boði. Nánari upplýsingar í síma 770-2221 eða aslaug@eva.is

**Vilt þú spara milljónir á ári í húsnæðiskostnað ?**
Til leigu NÝSTANDSETT atvinnuhús á Eyrarbakka 1.500m2 og 250m2 S. 661-6800

## Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar. www.buslodageymsla.iceware.net

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Kvöld og helgarvinna**
Okkur vantar öflugt og skemmtilegt fólk til starfa! Ekki síður skemmtilegt fullorðið fólk. Hringdu núna í síma 575 1500 simstodin@simstodin.is www.simstodin.is

**miðlun**

**Vilt þú starfa í söluverinu okkar?**

Miðlun ehf rekur söluver sem annast fjölbreytt verkefni fyrir öflug og góð fyrirtæki.

Starfið er mjög fjölbreytt og unnið við góðar vinnuaðstæður. Starfsfólk þarf að hafa ánægju af mannlegum samskiptum og vera áhugasamt og iðið. Miðlun býður starfsþjálfun fyrir nýtt starfsfólk.

Við leitum að fólki til kvöld- og helgarvinnu í símaverum okkar í Reykjavík og Akureyri. Þeir sem hafa áhuga á að starfa með okkur eru beðnir að hafa sambandi við Andra í netfangið **andri@midlun.is**

**Viltu vinna vaktavinnu?**
**Hlöllabátar Þórðarhöfða óska eftir duglegu og hressu fólki í vaktavinnu. Mikið að gera. Íslenskukunnátta skilyrði. Hlöllabátar Þórðarhöfða. S. 892 9846.**

**Matreiðslumaður óskast**
**Óskum eftir matreiðslumanni sem fyrst. Í boði er sumarafleysingar eða framtíðarstarf. Upplýsingar og umsóknir á www.kringlukrain.is eða í s. 863 8900.**

**Loftorka Reykjavík**
**Óskar eftir vönum manni á valtara í malbikunarframkvæmdir. Upplýsingar í síma 565 0875 & 892 0525.**

**Bettís**
**Starfsfólk óskast í afgreiðslustörf á kvöldin og um helgar. Yngri en 18 ára kemur ekki til greina. Íslenskukunnátta skilyrði. Upplýsingar í síma 899 8212.**

**Skalli Vesturlandsvegi**
**Starfsfólk óskast í fullt starf og aukavinnu. Upplýsingar á staðnum.**

**Veitingahúsið - Lauga-ás.**
**Okkur vantar áhugasaman og lífsglaðan starfskraft í sal og starfskraft í uppvask og aðstoð í eldhús. Góður starfsandi. Góð laun fyrir réttan aðila. Íslenskukunnátta skilyrði. Nánari upplýsingar á staðnum. Veitingahúsið Lauga-ás, Laugarásvegi 1. S. 553 1620.**

Finnst þér gaman að daðra við karlmenn? Rauða Torgið leitar samstarfs við hlýjar og vinalegar símadömur. Nánari upplýsingar á www.raudatorgid.is.

Smiður verkamenn. Smiði og verkamenn vana flekauppslætti vantar strax. Uppl. í síma 856 5555 & 663 7434.

Thorvaldsen er að leita að duglegum vaktstjóra sem þolir mikið álag. Ekki undir 24 ára og þarf ad hafa einhverja reynslu. Erum einning að leita að fóki í kvöld og helgar vinnu. Uppl. veitir Kristín í s: 6163001 eða Rósa Amelía í s: 8447978

Veitingahús óskar eftir starfsfólki í sal, einnig uppvask. Hlutastörf. Upplýsingar á staðnum. Kína Húsið, Lækjargötu 8, sími. 551 1014.

Óska eftir hörkuduglegum starfsmönnum í slátt. Uppl. í s. 821 2676 á milli 15-19.

**Vatnsvirkni ehf.**
óskum eftir að ráða starfsmenn í jarðvinnu og aðstoðarmenn við pípulagnir. Bæði sumar- og framtíðarstörf í boði. Uppl. í s. 517 0116 / 821 4787.

**Fiskvinnsla**
Starfsfólk vantar í fiskvinnslu í Hafnarfirði. Uppl. í s. 896 3180.

**Veitingarstaður í miðbænum**
Óskar eftir aðstoð í eldhús í aukavinnu. Nánari uppl. í s. 659 0646

**Framtíðarstarf**
Okkur vantar vana menn til stafa við smíði & uppsetningu á álgluggum. Mjög góð vinnuaðstaða, góða laun fyrir góða menn. Uppl. sendast á algluggar@algluggar.is Álgluggar JG, Flugumýri 34, 270 Mosf.

Óskum eftir traustum einstaklingi á aldrinum 25-40 ára Í útkeyrslu, sölustarf og fleira frá kl. 08:00 til 17:00. Nánari upplýsingar í síma 565-7744 milli kl. 16:00 og 17:00. Ökuréttindi og íslenskukunnátta skilyrði.

Potrzebujemy kobiety do pracy (filetowanie). Zapewniamy zakwaterowanie. Blizsze informacje pod nr tel. 567 7040/8993199.

Handflakari. Handflakari óskast í hálfsdagsstarf. Flakarar á öllum aldri koma til greina. Nánari upplýsingar í síma 567 7040 & 899 3199.

Óska eftir vönum meiraprófbílstjóra til framtíðarstarfa (trailervinna). Uppl. í s. 844 5270.

**Sumar/Framtíðarstarf strax**
Óskum eftir duglegu fólki í garðvinnu á aldrinum 17-27 ára, verður að hafa bílpróf. Stundvísi og áreiðanleiki skilyrði. Umsóknir á www.gardlist.is

**Verkfag ehf.**
Poszukuje ludzi do napraw w mieszkaniach.Najlepiejz doswiadczeniem i znajomoscia jezyka islandzkiego lub angielskiego informacje pod numerem. Yórei 690 9855.

Sjómann vanan netaveiðum vantar á 80 tonna netabát sem gerður er út frá Suðurnesjum. S. 892 5522.

## Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
**Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar. Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.**



B.S.J Gröfuþjónusta Getur bætt við sig verkefnum. Tekur að sér bæði Stór sem smá verk. Uppl. í síma 866 1500.

20 ára Stákur leitar skemtilegrar vinnu, helst um eða yfir 200 tíma á mánuði Smári 8234687

Vanur bókari óskar eftir að taka að sér bókhald smærri fyrirtækja. Uppl. 823 2904.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**Símaþjónusta Spjalldömur**

**S. 908 6666 Opið allan sólarhringinn.**



Til sölu 15 feta quick silver bátur 90 hestafla Mercury mótor. Góður sjóskíðabátur. Verð 1200 þús. Upplýsingar í sima 822-1176

**908 6666**
Við viljum vera sumardísirnar þínar í nótt. Opið allan sólarhringinn.

# FUNDIR / MANNFAGNAÐIR

## Aðalfundur
### Félag Skipstjórnarmanna

Aðalfundur Félags Skipstjórnarmanna verður haldinn að Grand Hótel Reykjavík kl. 14.00 í dag föstudaginn 23. maí. Félagsmenn fjölmennið.

Dagskrá samkvæmt lögum félagsins um aðalfund. Sjá nánar á heimasíðu félagsins **www.skipstjorn.is eða www.officer.is**

Léttar veitingar

***Stjórnin***

# TIL SÖLU



## Fyrirtæki til sölu eða leigu

Til sölu veitingastaður að hagamel 67, er í 65 fm eigin húsnæði, 10 manns í sæti. Nýlega standsettur. Góð staðsetning, góðir tekjumöguleikar.

Uppl í síma 842-2800 eða 8610500. redchili@redchili.is

# ATVINNA

## HÁR ! HÁR !

Við hjá hársnyrtistofu Dóra Langholtsvegi 128 óskum eftir að ráða hársnyrtir til starfa sem fyrst. Góð laun í boði.

**Upplýsingar veitir Inga í símum 568 5775 og 863 7949**

## VANTAR ÞIG
**SMIÐI, MÚRARA, JÁRNABINDINGAMENN EÐA HJÚKRUNARFRÆÐINGA?**

Höfum á skrá fólk sem að óskar eftir mikilli vinnu.
Getur hafið störf nú þegar.

**Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000**

## Kranamaður

**Erum með vanann kranamann á skrá sem óskar eftir vinnu**

**Uppl. í síma 89 59 300 (Arnar)**
**Kraftafl ehf**

**BLIKKSMIÐJAN VÍK**

**Óskum eftir að ráða blikksmið**
til vinnu sem fyrst.Þarf að geta starfað sjálfstætt.

Upplýsingar Eyjólfur 699-1204 eða Jóhann 699-5642

## Yfirvélstjóri

Óskum eftir að ráða yfirvélstjóra (1000 hö) á nýja línu– og netaskipið okkar sem er 760 brúttótonn að stærð. Skipið kemur til með að stunda línuveiðar með beitingavél og netaveiðar. Skipið er útbúið með öflugri frystingu og er áætlað að frysta aflann um borð hluta úr ári.

Nánari upplýsingar í síma
893-5458 og 892-5374 og
á www.fiskkaup.is

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netfangið halldor@fiskkaup.is

FISK KAUP HF

**Kynnisferðir**

**Kynnisferðir ehf. - Flugrútan**
óskar eftir að ráða í eftirfarandi störf á verkstæði félagsins sem fyrst, um getur verið að ræða fullt starf, hlutastarf, helgarvinnu, sumarvinnu eða framtíðarvinnu.

**Bifvélavirki, bílasmiður**
eða maður með sambærilega menntun, eða maður með mikla reynslu af bílaviðgerðum.

**Aðstoðarmaður á verkstæði,**
þarf helst að hafa aukin ökuréttindi.

**Bifvélavirkjar**
til að vinna á kvöld- og helgarvöktum, fullt starf.

Verkstæði Kynnisferða ehf. – Flugrútunnar er í nýju og rúmgóðu húsnæði í Vesturvör 34 í Kópavogi, yst á Kársnesi. Góð laun í boði.

Hjá Kynnisferðum vinnur stór hópur manna og kvenna sem stuðla að því að gera vinnustaðinn skemmtilegan og eftirsóknarverðan. Sterkt og virkt starfsmannafélag.

Við leitum að einstaklingum sem eru með jákvætt lífsviðhorf og vilja og getu til að góðra verka. Glaðlegt viðmót og vingjarnleg samskipti við vinnufélaga skipta líka máli.

Umsóknir sendast í Vesturvör 34, 200 Kópavogi sem fyrst, á umsóknareyðublöðum sem fást í afgreiðslu Kynnisferða ehf. - Flugrútunnar á BSÍ og í Vesturvör 34. Umsóknir má líka senda á tölvupósti á netfangið agnar@re.is.

# Ambögusmiður í afneitun

**UMRÆÐAN**
Sverrir Stormsker svarar Stefáni Hilmarssyni


SVERRIR STORMSKER

Ég virðist hafa hitt á einhvern afar viðkvæman blett í sálartetri Stefáns Hilmarssonar með grein minni í síðustu viku þar sem ég kom lítillega inn á hans persónu eða hans karakterleysi öllu heldur, því hann skrifar grein í Fréttablaðið þann 21. maí alveg sótrauður af bræði þar sem hann fárast yfir því að ég skyldi hafa hitt naglann á höfuðið.

Rangfærslurnar og dylgjurnar í grein hans eru svo yfirgripsmiklar að ég þarf tvær greinar til að leiðrétta þær. Ekki til að hafa síðasta orðið heldur það sem sannara reynist.

Það veit öll þjóðin nema Stefán hver það var sem „dröslaði honum á lappir og samdi ofan í hann fyrstu vinsælu lögin sem hann söng inn á plötur og gerðu hann að því sem hann vildi verða – frægan,“ eins og ég orðaði það í grein minni. Ég er síst af öllu að telja það mér til tekna og ætlast síst af öllu til þess af manni eins og Stefáni að hann hafi hátt um það þó hann hafi fjölyrt um það í öllum fjölmiðlum á sínum tíma. Það er enginn að biðja hann um að hrópa þessi sannindi á torgum í dag en úr því að hann er að tjá sig um sinn feril á annað borð, t.d. á heimasíðu sinni, þá á hann náttúrlega að fara með rétt mál. Það lýsir ekki beysnum karakter að reyna að ljúga með æpandi þögninni. Stefán var mjálmandi í mér einsog smákrakki öllum stundum biðjandi mig að gera sig frægan: „Gerðu það gerðu mig frægan. Mig langar svo að verða frægur.“ Og ég gerði það. Þessi Kvennaskólakrakki hafði sérkennilega háa rödd, ekki óáþekka Mikka mús. Áður hafði hann sungið örfá handónýt endurvinnslulög inn á plötur sem vöktu enga athygli en fyrstu lögin sem gerðu hann vinsælan voru eftir mig: „Við erum við,“ „Búum til betri börn,“ Horfðu á björtu hliðarnar,“ og svo „Sókrates“ sem kom honum endanlega á koppinn. Þetta er ekkert flókið. Það muna þetta allir yfir þrítugt. Allir nema Stefán sem er í afneitun og feluleik. Aumkunarvert og broslegt í senn. Maður roðnar eiginlega fyrir hans hönd því öll þjóðin veit þetta, en þetta skiptir í sjálfu sér alls engu máli þar sem í hlut á svo sem enginn stórsöngvari heldur (kot)roskin kelling sem er aðallega í samkeppni við Andrés önd. En rétt skal vera rétt.

Það er einkennilegt að allt sem hann sakar mig um í dylgjugrein sinni, svo sem „metnaðarleysi, óreglu, dramb og hroðvirkni“ eru einmitt helstu einkenni Stefáns og það er mjög auðvelt að færa rök fyrir því. Stefán er veistu-ekki-hver-ég-er-gæi. Drambið og óregluna þekkja nú flestir, skál fyrir því, en metnaðarleysið og hroðvirknina þekkja hugsanlega færri því menn eru ekki alltaf svo snöggir að kveikja. Skal nefna nokkur dæmi: Er einhver metnaður fólginn í því að endurvinna Vilhjálm Vilhjálmsson og „heiðra“ þann góða söngvara með þeim afleiðingum að maður heyrir ekki lengur lögin í hans flutningi í útvarpinu heldur bara einhverra eftirapa eins og Stefáns og fleiri? Heldur Stefán virkilega í drambi sínu að hann komist með tærnar þar sem Vilhjálmur hafði hælana? Þetta er afætubisness, metnaðarleysi, andleysi og heimska. Er það metnaðarfullt að stæla Bítlana í Háskólabíói eins og Stefán er að gera baki brotnu? Nei. Menn geta ekki lagst mikið lægra. Þetta er það metnaðarlausasta og lágkúrulegasta sem nokkur „tónlistarmaður“ getur tekið sér fyrir hendur. Í þessu rugli er Stefán alveg upp fyrir haus. Viðbrögð hans við gagnrýni minni eru viðbrögð sandkassakrakkans: „Ef þú segir að ég sé aumingi þá geturðu bara sjálfur verið aumingi.“ Engin rök. Bara bull.

Besta dæmið um metnaðarleysi og hroðvirkni Stefáns (eiginleika sem hann vænir mig um) er textahnoð hans. Það þarf ekki að fletta lengi í textum Stefáns til að sjá að þar fer maður sem á eingöngu að syngja. Þar er allt yfirfljótandi af ambögum, málfræðivillum og kunnáttuleysi í bragfræði. Dæmi úr frægum texta Stefáns: „Hvar eru gleði mín og sorg?“ Ambögurnar eru efni í heila skólabók um það hvernig ekki á að gera texta. Hann reynir að nota stuðlasetningu en kann það ekki. Þetta er allt kolvitlaust ort. Hvaða maður með gramm af kröfuhörku, metnaði og viti yrkir svona illa? Jú, maður sem hugsar eingöngu um STEF-gjöldin.

STEFán rifti okkar samstarfi á sínum tíma m.a. af því að ég leyfði honum ekki að semja metnaðarlausa heimskulega texta við mín lög. Hann vildi nefnilega fá STEF-gjöld eins og ég. Í því lá hans metnaður. Hann vildi fórna gæðum fyrir STEF-gjöld. Ég vildi hins vegar vanda til verksins og láta hann bara sjá um það sem hann kunni og það var að gaula. En Stebbi litli vildi yrkja því Stebbi litli vildi líka fá STEF-gjöld. STEFán hefur aldrei getað skilið að það er betra að þegja og vera álitinn vitlaus en að opna kjaftinn og eyða öllum vafa.

*Höfundur er tónlistarmaður og rithöfundur. Lengri útgáfu greinarinnar má lesa á Vísi.*

# Hagvöxtur um allt land

**UMRÆÐAN**
Örlygur Hnefill Jónsson skrifar um byggðamál


ÖRLYGUR HNEFILL JÓNSSON

Í dag, föstudaginn 23. maí 2008, heldur Byggðastofnun ársfund sinn á Egilsstöðum. Í framhaldi venjulegra aðalfundarstarfa verður fjallað um brýnt mál sem varðar landsmenn alla, þ.e. hagvöxt um allt land.

Byggðastofnun vann nýlega ásamt Hagfræðistofnun Háskóla Íslands skýrslu um hagvöxt einstakra landsvæða á árunum 1998-2005. Vakti skýrsla þessi mikla athygli, þar sem fram kom mikill mismunur á hagvexti milli einstakra landsvæða. Hagvöxtur er mestur á höfuðborgarsvæðinu og á Austurlandi rúmlega 50%. Annars staðar er hagvöxtur undir landsmeðaltali, sem er 40% á umræddu tímabili. Á tveim landsvæðum er hagvöxtur neikvæður á tímabilinu, þ.e. á Vestfjörðum, um 3% og á Norðurlandi vestra, um 9%.

Það er réttlætis- og jafnréttismál að hagur þegnanna sé með sem líkustum hætti óháð búsetu. Tekur það til allra þátta eins og þjónustu, menntunar, heilsugæslu, samgangna, fjarskipta og alls þess sem nútímamaðurinn telur til eðlilegra og góðra lífskjara. Því er brýnt að efla og bæta hagvöxt þeirra landsvæða sem hafa orðið undir í þróun síðustu ára. Atvinnuuppbygging, orku- og auðlindanýting heima í héraði er virkasta tækið til þessa. Bættar samgöngur og efling innviða í veikari byggðum stuðlar einnig að þessu. Byggðastofnun hefur komið af fullum þunga, fyrir tilstyrk ríkisstjórnar Íslands, að málum vegna niðurskurðar veiðiheimilda á yfirstandandi fiskveiðári og að uppbyggingu hefðbundinna atvinnugreina og nýsköpun, sem ætíð er fagnaðarefni á landsbyggðinni.

Þessa dagana er mikið rætt um Íbúðalánasjóð, þá ágætu stofnun. En hverjum hefur sú stofnun nýst best hin síðari ár. Hvar hefur uppbygging íbúðarhúsnæðis verið með ódýru lánsfjármagni Íbúðalánasjóðs í krafti ríkisábyrgðar. Það er á höfuðborgarsvæðinu. Í svari þáverandi félagsmálaráðherra við fyrirspurn minni á Alþingi 2001, hvert lán Íbúðalánasjóðs hafi farið á árunum 1990-2000 kom fram að rúm 90% af þeim fóru til uppbyggingar á áhrifasvæði höfuðborgarinnar. Þessi ein stærsta byggðaaðgerð Íslandssögunnar efldi auðvitað hagvöxtinn á höfuðborgarsvæðinu og ekkert nema gott um það að segja.

Hins vegar skiptir jafnvægi í byggð miklu og allar nágrannaþjóðir okkar hafa markvissa stefnu í þeim málum. Eitt af því og það sem hvað mestu skiptir í því sambandi er að efla hagvöxt einstakra svæða. Það verður umræðuefni fulltrúa Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Samtaka atvinnulífsins auk heimamanna á Austfjörðum að ræða þetta á fundi Byggðastofnunar sem er öllum opinn.

*Höfundur er formaður stjórnar Byggðastofnunar.*




## BRÉF TIL BLAÐSINS

### Eftir góða skíðavertíð

**Hermann Valsson, fulltrúi VG í íþrótta- og tómstundaráði Reykjavíkur, skrifar:**

Nú hefur skíðasvæðum borgarbúa verði lokað eftir besta vetur í þó nokkurn tíma. Þessi vetur hófst með nokkrum látum sem snerust um mönnun á svæðunum. Erfiðlega gekk til að byrja með að ráða í lausar stöður og að halda svæðunum opnum á fullum krafti í ljósi þessa. Sjálfur tók ég þátt í þessari orrahríð sem formaður stjórnar skíðasvæðanna í tíð hundraðdaga meirihlutans. Þar fuku á tíðum stór orð og var ég sakaður um rangfærslur í mínu máli og krafinn um opinbera afsökun. Ég átti síðan ágæt samtöl við þá sem þar komu að og vona ég innilega að við höfum lokið okkar missætti. Hvað sem því líður þá virðist sem þessi umfjöllun, þó neikvæð væri, hafi skilað sér í fleiri starfsmönnum í fjöllin. Nóg til þess að hægt var að fara í fulla opnun bæði í Bláfjöllum og Skálafelli. Stundum er neikvæð umræða af hinu góða.

Á þeim tíma sem ég var við stjórnvölinn var unnið að samningi um framtíðaruppbyggingu og var sú vinna á lokastigi þegar ég fór frá vegna meirihlutaskiptanna síðustu. Ég sá til þess að núverandi formaður fengi allar þær upplýsingar sem hann þurfti til að klára málið og vona ég að því fari að ljúka með uppsetningu á snjógerðarvélum á báðum skíðasvæðunum og uppsetningu snjógirðinga án frekari tafa – skíðamenn eiga það skilið. Ég vil að lokum þakka starfsfólki skíðasvæðanna fyrir frábæra vinnu. Svæðin voru til mikillar fyrirmyndar í vetur, vel troðin og sérlega gaman að koma í fjöllin. Með þessu framhaldi verður skíðaíþróttin að nýju þessi stórskemmtilega fjölskylduíþrótt sem hún var áður. Takk kærlega fyrir frábæran skíðavetur. Sjáumst þann næsta.

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

# Í NÝJU LAUGARDALSHÖLLINNI NÆSTA MÁNUDAGSKVÖLD!



# BOB DYLAN

## ÁSAMT HLJÓMSVEIT

# Tónleikar ársins eru eftir 3 daga

**Á mánudaginn kl. 20:00
stígur Bob Dylan á stokk
í nýjum og stórglæsilegum
sal Laugardalshallarinnar**

## *Hvar verður þú?*

**AÐEINS ÖRFÁIR MIÐAR EFTIR Í A-SVÆÐI**

MasterCard

10% afsláttur af öllum viðburðum Concert ef greitt er með MasterCard á sérstökum MasterCard forsöludegi

CONCERT

Forsala aðgöngumiða á www.midi.is og öllum afgreiðslustöðum Miða.is

midi.is

## Sparaðu með Brimborg
### Ný rekstrarleiga með bílafrelsi og bensínverðvernd

# Í dag. Þú get bílnum efti

**Nýjung**
Bílafrelsi Brimborgar: styttri samningstími eða 24 mánuðir í stað 36

**Nýjung**
Bílafrelsi Brimborgar: ef þú vilt þá geturðu skilað bílnum eftir 12 mánuði eða 24

**Bílafrelsi Brimborgar 12-24.**

# Í dag. Dæmi um tilboð og bílafrelsi

Tilboð. Rekstrarleiga 71.581 kr. á mánuði.
**Volvo V50 SE m/leðri** 2,4i 140 hö 220 Nm sjálfskiptur Station
CO2 losun 217 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 9,1 l/100 km
Staðgreiðsluverð: 4.563.000 kr.*
Bílafrelsi rekstrarleiga 71.581 kr. á mánuði í 24 mánuði. Innifalinn í leigugreiðslum er lántökukostn. 667.141 kr.
4 bílar á þessu tilboði.



Hringdu núna í síma 515-7000

Tilboð. Rekstrarleiga 59.950 kr. á mánuði.
**Ford Escape XLS AWD** 2,3i 153 hö 206 Nm sjálfskiptur 5 dyra
CO2 losun 206 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 9,9 l/100 km
Staðgreiðsluverð: 3.690.000 kr.*
Bílafrelsi rekstrarleiga 59.950 kr. á mánuði í 24 mánuði. Innifalinn í leigugreiðslum er lántökukostn. 549.943 kr.
6 bílar á þessu tilboði.



Hringdu núna í síma 515-7000

visthæf skref með Brimborg
*Farðu á brimborg.is og þú ert kominn af stað*

GCI GROUP GREY ALMANNATENGSL

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6-8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | brimborg.is

* Brimborg og birgjar fyrirtækisins áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Rekstrarleiga er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 24 mán. sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári.

Bensínverðvernd Brimborgar & ÓB

99 kr.

Nýjung. Bensínverðvernd Brimborgar: tryggir þér 1.500 lítra af bensíni á 99 krónur.

ÓB ódýrt bensín

# ur skilað r 12 mánuði!

**Nýtt. Þú getur skilað bílnum eftir 12 mánuði.**

Bílafrelsi Brimborgar er ný útfærsla á rekstrarleigu. Nýjungin felst í tvennu: leigan er til 24 mánaða í stað 36 og þú getur skilað bílnum eftir aðeins 12 mánuði ef þú vilt. Öruggara getur það ekki verið. Þú nýtir þér bílafrelsi Brimborgar í dag og færð aukalega bensínverðvernd Brimborgar: Aðeins 99 krónur bensínlítrinn. Brimborg tryggir þér bensínlítrann á 99 krónur næstu 12 mánuði eða 1.500 lítra og gildir í 12 mánuði. Tilboðin gilda aðeins fyrir kaup eða leigu á nýjum bílum.

Komdu í Brimborg í dag og kynntu þér tilboðin sem fylgja bílafrelsi Brimborgar. Veldu öruggan stað að vera á. Komdu í Brimborg og kynntu þér bílafrelsi og bensínverðvernd Brimborgar. Kynntu þér einnig einstök kjör á nýjum bílum hjá Brimborg.

**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg**

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg í dag. Komdu í kaffi og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan bíl hjá Brimborg í dag.

# Brimborgar á nýjum bílum:

## Tilboð. Rekstrarleiga 34.977 kr. á mánuði.

**Mazda3 Touring**

1,6i 105 hö 145 Nm 5 gíra 5 dyra
$CO_2$ losun 172 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 7,2 l/100 km
Staðgreiðsluverð: 2.590.000 kr.*
Bílafrelsi rekstrarleiga 34.977 kr.
á mánuði í 24 mánuði. Innifalinn í leigugreiðslum er lántökukostn. 354.910 kr.
8 bílar á þessu tilboði.



Hringdu núna í síma 515-7000

## Tilboð. Rekstrarleiga 28.900 kr. á mánuði.

**Citroën C3 SX**

1,4i 75 hö 118 Nm 5 gíra 5 dyra
$CO_2$ losun 145 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 6,1 l/100 km
Staðgreiðsluverð: 1.980.000 kr.*
Bílafrelsi rekstrarleiga 28.900 kr.
á mánuði í 24 mánuði. Innifalinn í leigugreiðslum er lántökukostn. 275.678 kr.
5 bílar á þessu tilboði.



Hringdu núna í síma 515-7000

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Forsendur útreiknings rekstrarleigu miðast við andvirði fjögurra afborgana í tryggingafé. Ef leigutaki ætlar að nýta sér Bílafrelsi eftir 12 mán., þarf viðkomandi að láta Brimborg vita með 15 daga fyrirvara. Lántökukostnaður eru vextir og stofngjöld vegna rekstrarleigu. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

**ANATOLY KARPOV SKÁKMEISTARI ER 57 ÁRA.**

*„Að vera meistari krefst meira en að vera sterkur skákmaður, maður þarf einnig að vera sterk manneskja.“*

***Rússneski skákmeistarinn Anatoly Karpov var heimsmeistari samfellt frá árinu 1975 til 1985. Í dag lætur hann sig mannleg málefni mestu varða.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 23. MAÍ 1933

## *Verðlaunahesturinn Seabiscuit fæðist*



Seabiscuit var einn frægasti hestur sögunnar. Hann var hreinræktaður keppnishestur frá Bandaríkjunum en virtist í fyrstu ekki búa yfir miklum hæfileikum. Hann var lítill, með útstæð hné og vildi helst aðeins sofa og borða. Til að byrja með var hann þjálfaður af hinum fræga tamningamanni Sunny Jim Fitzsimmons sem sá tækifæri í hestinum, en fannst hann þó heldur latur. Seabiscuit tapaði fyrstu tíu keppnum sínum og gerðu tamningamenn og knapar grín að honum. Þegar Tom Smith tók við honum skiluðu óhefðbundnar þjálfunaraðferðir óvæntum árangri. Með tímanum fór Seabiscuit að vinna sigra og árið 1937 vann hann ellefu af fimmtán keppnum og varð stöðugasti veðhestur Bandaríkjanna það árið. Seabiscuit var vel markaðssettur og varningur tengdur honum seldist eins og heitar lummur. Helsti andstæðingur hans, War Admiral, mætti honum í nóvember árið 1938 og eru þær kappreiðar taldar einn mesti íþróttaviðburður í sögu Bandaríkjanna. Seabiscuit vann og var útnefndur hestur ársins 1938.

Seabiscuit, hesturinn sem enginn vildi upphaflega, varð sá hestur sem gefið hefur mest af sér í sögu kappreiða í Bandaríkjunum. Þegar hann hætti keppni komu yfir fimm þúsund manns á búgarðinn þar sem hann bjó til að hitta hann. Grafreitur hans hefur aldrei verið gefinn upp.

**MERKISATBURÐIR**

- **1805** Napóleon Bonaparte er krýndur konungur Ítalíu í dómkirkjunni í Mílanó.
- **1846** Mexíkó lýsir yfir stríði við Bandaríkin.
- **1965** Danska þingið samþykkir að afhenda Íslendingum handritin, sem lengi hafði verið deilt um.
- **1985** Alþingi samþykkir þingsályktun um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum. Þar er áréttað „að á Íslandi verði ekki kjarnorkuvopn“.
- **1987** Hannes Hlífar Stefánsson verður heimsmeistari sveina í skák, 16 ára og yngri, 14 ára að aldri.
- **2004** Hluti byggingar hins alþjóðlega flugvallar í París, Charles De Gaulle, hrynur. Fjórir látast og þrír aðrir slasast.



†

*Þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts okkar ástkæra*

**Ágústs Sigurðar Karlssonar**
Kúrlandi 19.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki 11-B LSH og líknardeildar í Kópavogi, Ásgerði Sverrisdóttur lækni og hjúkrunarþjónustu Karitas fyrir einstaka umönnun. Einnig þökkum við öllum þeim sem studdu hann í erfiðum veikindum.

| | |
|---|---|
| Rut Sigurðardóttir | |
| Birna Ágústsdóttir | Júlíus Sigmundsson |
| Sigurður Karl Ágústsson | Linda Sjöfn Sigurðardóttir |
| Guðlaugur Ágústsson | Sigríður Ósk Pálmadóttir |
| Ævar Ágústsson | Ragnheiður Júníusdóttir |
| Ína Björg Ágústsdóttir | |
| Magnús Ágústsson | |
| Berglind Ágústsdóttir | Hjálmar Hjálmarsson |

barnabörn og barnabarnabörn.



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigurveig Sigurðardóttir,**

sem lést á Sjúkrahúsi Suðurlands föstudaginn 9. maí verður jarðsungin frá Selfosskirkju laugardaginn 24. maí kl.13.30.

| | |
|---|---|
| Sverrir Hjaltason | Guðrún Eyja Erlingsdóttir |
| Sigurður Hjaltason | Aagot F. Snorradóttir |
| Anna Hjaltadóttir | Guðmundur Þorsteinsson |
| Þorvarður Hjaltason | Ólafía Sigurðardóttir |

barnabörn og barnabarnabörn.



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar tengdamóðir og amma,*

**Jóhanna Hrafnhildur Kristjánsdóttir**
frá Patreksfirði, Sólvangsvegi 1, Hafnarfirði,

lést miðvikudaginn 21. maí á St. Jósepsspítala í Hafnarfirði. Útförin verður auglýst síðar.

| | |
|---|---|
| Helgi Hersveinsson | |
| Hera Helgadóttir | Reimar Georgsson |
| Kristján Arnar Helgason | Jóna S. Marvinsdóttir |
| Helgi Hrafn Reimarsson | |
| Arnar Marvin Kristjánsson. | |


# Legsteinar
í miklu úrvali



Steinsmiðja
• Viðarhöfða 1
• 110 Reykjavík
• ☎ 566 7878
• Netfang: rein@rein.is
REIN




†

*Ástkær bróðir okkar, mágur og frændi,*

**Jónas Halldór Geirsson**
vélstjóri, Rekagranda 1, Reykjavík,

lést laugardaginn 17. maí. Útför hans fer fram frá Neskirkju miðvikudaginn 4. júní kl. 13.00.

| | |
|---|---|
| Jón K.F. Geirsson | Sigrún Hjartardóttir |
| Margrét Geirsdóttir | Gísli Guðmundsson |
| Nína S. Geirsdóttir | Orville J. Pennant |
| og systkinabörn. | |



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Runólfur Dagbjartsson**
múrarameistari (Dúddi múr)
Hraunbúðum, Vestmannaeyjum,

andaðist á heimili sínu 19. maí sl.
Útförin auglýst síðar.

| | |
|---|---|
| Ómar Runólfsson | Auður Eiríksdóttir |
| Margrét Runólfsdóttir | Sigurður Rafn Jóhannsson |
| Dagmar Svala Runólfsdóttir | Guðjón Sigurbergsson |
| Kristín Helga Runólfsdóttir | Ari Tryggvason |

barnabörn og barnabarnabörn.



†

*Ástkær bróðir okkar,*

**Örn Bjarnason**

sem lengst af bjó á Skólavörðustíg 40 lést laugardaginn 10. maí á hjúkrunarheimilinu Víðinesi. Hann verður jarðsunginn frá Fossvogskapellu föstudaginn 23. maí kl. 13.00.

**Systkini hins látna og aðrir aðstandendur.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigrún Sigurðardóttir,**

sem lést sunnudaginn 18. maí, verður jarðsungin frá Selfosskirkju laugardaginn 24. maí kl. 16.00.

| | |
|---|---|
| Guðrún Kristófersdóttir | Lárus Gunnlaugsson |
| Þorvarður Kristófersson | Anna María Arnardóttir |
| Birna Kristófersdóttir | |
| Kristófer Kristófersson | |
| Sigurður Kristófersson | Steinunn Þorfinnsdóttir |
| Jón Páll Kristófersson | Ólína Þorleifsdóttir |

barnabörn og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000**.



**MIKIL STEMNING** Karítas Skarphéðinsdóttir Neff, fræðslu- og menningarfulltrúi Fjallabyggðar, hlakkar mikið til hátíðarhalda. MYND/ALBERT GUNNLAUGSSON

**SIGLUFJÖRÐUR:** 90 ÁRA KAUPSTAÐARAFMÆLI

# Sameining og síld

Síðastliðinn þriðjudag voru níutíu ár síðan Hvanneyrarhreppur fékk kaupstaðarréttindi og breytti nafni sínu í Siglufjarðarkaupstað. Bærinn stendur við samnefndan fjörð á Norðurlandi, nyrst á Tröllaskaga í sveitarfélaginu Fjallabyggð.

Árið 2006 sameinuðist Siglufjörður Ólafsfirði og tilheyra nú báðir sveitarfélagsinu Fjallabyggð. „Mismunandi hefðir eru í stitthvorum firðinum, en eftir sameiningu var farið í að móta sameiginlega fræðslu-, menningar-, íþrótta- og tómstundastefnu. Þetta starf hefur gengið mjög vel og það er mikill hugur og jákvæðni í fólki hér,“ segir Karítas Skarphéðinsdóttir Neff, fræðslu- og menningarfulltrúi Fjallabyggðar.

Bærinn byggir afkomu sína að mestu á sjávarútvegi og í dag búa um þrettán hundruð manns á Siglufirði, sem er mikil fækkun frá blómaskeiði bæjarins á fimmta og sjötta áratugnum. Þá bjuggu þar allt að þrjú þúsund manns á síldarárunum þegar ein afkastamesta síldarbræðsla landsins var starfrækt í bænum og mikið var um aðkomufólk í uppgripavinnu. Siglfirðingar minnast þessa tímabils enn í dag, því í bænum er starfandi Síldarminjasafn og árlega er haldin „Síldarhátíðin á Sigló“ um verslunarmannahelgi.

Ýmislegt verður gert til þess að halda upp á kaupstaðarafmælið og á sjálfan afmælisdaginn var haldin hátíðardagskrá þar sem opnuð var myndlistarsýning úr listaverkasafni Fjallabyggðar auk þess sem hátíðarfundar bæjarstjórnar fór fram í Ráðhúsinu. Á morgun verður svo haldin vegleg afmælishátíð fyrir bæjarbúa og gesti.

„Dagskráin verður fjölbreytt en Grunnskóli Siglufjarðar byrjar á því að opna sýningu tileinkaða siglfirskum sagna- og tónlistararfi auk þess sem leikskólinn verður með vorsýningu. Síðan er Síldarminjasafnið opið, svo og Þjóðlagasetur séra Bjarna Þorsteinssonar. Einnig munu listamenn Siglufjarðar vera með vinnustofur sínar opnar í tilefni dagsins,“ segir Karítas.

Hoppkastalar verða fyrir börnin á torginu og mótorhjólaklúbburinn Smaladrengir verður með mótorhjólasýningu. Kaffisamsæti verður í Bíókaffi fyrir bæjarbúa og gesti milli klukkan þrjú og sex. Þar munu nemendur tónlistarskólans spila auk þess sem ávörp verða flutt, sönghópur eldri borgara mun syngja og myndir verða frá fyrri tíð sýndar.

Karítas segir miklvægt að allir íbúar Fjallabyggðar geti fagnað þessum tímamótum saman svo þess vegna verði gripið til sértækra ráða á morgun. „Við verðum með rútuferðir frá Ólafsfirði yfir til Siglufjarðar svo Ólafsfirðingar geti komið líka og fagnað með okkur“, segir Karítas og bætir við að mikil stemning sé fyrir hátíðarhöldunum. Allar upplýsingar um hátíðarhöld og sveitarfélagið Fjallabyggð er að finna á heimasíðunni: www. fjallabyggd.is

**klara@frettabladid.is**

# Eurovision tilboð

Öll raftæki fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum

OPIÐ til 20 alla daga




## Dantax 40" LCD sjónvarp

40LCDV7

- 40" HD 16:9 LCD Sjónvarp
- Upplausn: 1366x768 punktar
- Progressive Scan
- Skerpa: 2.000:1 og svartími: 8ms
- Sjónsvið (H/V): 178/178° og birtustig: 550 cd/m2
- Nicam Stereó hljóðkerfi
- 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component og heyrnartólstengi
- Textavarp með 1.000 síðna minni
- Borðstandur fylgir
- Mál í cm (bxhxd): 108x81,2x14,2

**119.990kr**
FRÁBÆRT VERÐ

Dantax tækið fæst aðeins í Hagkaupum Kringlu og Smáralind

**Með hverju seldu 40" Dantax sjónvarpstæki fylgir eftirfarandi kaupauki:***
6 x 2 l Coke
Maarud Sprö Mix
Nóa Kókos bitar
Nóa Myntumolar
Geislaplatan 100 Eurovision lög

## Panasonic 32" LCD sjónvarp

TX32LE7

- 32" HD 16:9 LCD Sjónvarp
- Upplausn: 1366x768 punktar
- HD Ready
- V-Real tækni - Einstök myndgæði
- Progressive Scan
- Skerpa: 3.000:1 og birtustig: 500 cd/m2
- Backlight Control
- VIERA Link
- 16w Nicam Stereó hljóðkerfi
- 2 x Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- Textavarp með 200 síðna minni
- Borðstandur fylgir
- Passar á Vogels EFW6205 ásamt EFA6875 veggfestinguna (fylgir ekki)
- Mál í cm (bxhxd): 79,1x56,3x10,7 og þyngd: 16kg



**89.990kr**
FRÁBÆRT VERÐ

## Philips 32" LCD sjónvarp

32PFL5322

- 32" HD 16:9 LCD Sjónvarp
- Upplausn: 1366x768 punktar
- Pixel Plus HD Myndtækni
- HD Ready
- Skerpa: 4.000:1 og svartími: 8ms
- Sjón0svið (H/V): 178/178° og birtustig: 500 cd/m2
- Active Control og Contrast Plus
- 2 x 20w Nicam Stereó hljóðkerfi með Incredible Surround
- 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- Textavarp með 1.000 síðna minni
- Svefnrofi og fjarstýring
- Borðstandur með snúningi fylgir
- Passar fyrir VESA200x100 veggfestingar (fylgir ekki)
- Mál í cm (bxhxd): 80,5x54,6x11,5 og þyngd: 15,5kg



**109.990kr**
Verð áður 134.990

## Panasonic 42" LCD sjónvarp

TH42PV70F

- 42" HD Ready 16:9 Plasma sjónvarp
- Upplausn: 1024 x 768 punktar
- V-Real 2 Engine tækni - Frábær myndgæði
- Advanced 3D Colour management
- Motion Pattern Noise Reduction
- Sub-Pixel Control
- HD Ready
- Progressive Scan
- Real Black Drive 10.000:1 skerpa
- VIERA Link
- 20w Nicam Stereó með V-Audio Surround hljóðkerfi
- 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS og PC tengi
- Textavarp með 1500 síðna minni
- Borðstandur fylgir
- Passar á Vogels EFW6305 veggfestinguna (fylgir ekki)
- Mál í cm (bxhxd): 102 x 68 x 9,7 og þyngd: 34 kg



**199.990kr**
ÓTRÚLEGT VERÐ

## Toshiba 42" LCD sjónvarp

42C3530

- 42" 16:9 LCD Sjónvarp
- Upplausn: 1366x768 punktar
- PIXEL PROcessing IV Myndtækni
- HD Ready
- Skerpa: 4.000:1
- Sjónsvið (H/V): 178/178° og birtustig: 500 cd/m2
- Faroudja DCDI og Real Digital Picture
- Innbyggður DVB-T móttakari
- 2 x 25w Nicam Stereó Hljóðkerfi með SRS WoW Surround
- 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- Textavarp með 500 síðna minni
- Fjarstýring
- Borðstandur fylgir
- Passar fyrir VESA200x200 veggfestingar (fylgir ekki)
- Mál í cm (bxhxd): 102,7x67,3x12,4 og þyngd: 24,8kg



**169.990kr**
ÓTRÚLEGT VERÐ

*Gildir til 25. maí eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð




SKJÁLF-
ANDI

HENRY BIRGIR LÆTUR ÞIG HEYRA ÞAÐ Í NÝJUM ÍÞRÓTTAÞÆTTI Á X-INU Í HÁDEGINU ALLA VIRKA DAGA

ALLT SEM ÞÚ ÁTT AÐ VITA UM ÍÞRÓTTIR, HVORT SEM ÞÉR LÍKAR ÞAÐ BETUR EÐA VERR

ENGIN FROÐA EKKERT RUGL

X 97.7

## STUÐ MILLI STRÍÐA Glæpur og refsing

**ÖRLYGUR HNEFILL ÖRLYGSSON** ÆTLAR ALDREI AÐ STELA SÉR SÚPU



Fréttablaðið greindi frá því í gær að maður nokkur hefði verið dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur í fimm mánaða fangelsi fyrir súpuát í verslun 10-11 í Austurstræti. Þar hafði maðurinn tekið súpu úr hillu og borðað í búðinni án þess að greiða fyrir. Þá hafði maðurinn einnig stolið flösku af vínlíki úr verslun Hagkaupa í Kringlunni og var heildarvirði hins stolna varnings því rétt um þúsund krónur.

Með brotunum rauf maðurinn skilorð en hann hafði árið 2005 verið dæmdur í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi. Fyrir utan fimm mánaða setu í fangaklefa var manninum að auki gert að greiða sakarkostnað sem nam 185 þúsundum króna.

Þessi frétt náði strax augum mínum, enda ansi dýr súpa það. Með því að stela súpunni og vínlíkinu bætti hann einum mánuði í fangaklefanum við dóm sinn frá 2005 auk þess kostnaðar sem fellur á hann. Fólk hefur mismunandi skoðanir á lengd dóma hér á landi sem og í öðrum löndum. Eflaust finnst sumum mánuður stuttur tími og öðrum langur. Ég er á engan hátt að gera lítið úr brotum mannsins, enda er allur stuldur, stuldur, hversu lítill sem fengurinn er. Mér þykir samt áhugavert að setja þennan mánuð fyrir súpuna og vínlíkið í samhengi við dóma sem hafa fallið að undanförnu í kynferðisbrotamálum, bæði gegn börnum og fullorðnum. Refsigleði Íslendinga er mikil og alltaf er kallað eftir þyngri dómum.

Persónulega efast ég um að kynferðisbrotamenn komi nokkru bættari út í samfélagið eftir langa setu í tukthúsinu. Engu að síður blöskrar manni að sjá þá sem skemma líf og heilsu barna hljóta dóma sem eru nánast hlægilegir í samanburði við dóma fyrir önnur brot. Það er því ekki skrítið að fólki þyki þetta harkalegt. Það er eðlileg krafa að dómar séu í samhengi við brotin sem þeir refsa fyrir. Það verður nefnilega endalaust hægt að skýla sér á bak við dómafordæmi ef ekki er vilji kerfisins til að breyta því.

# myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Ég sagði ykkur það!

**Ég skipulagði ekki lætin sem verða á Grensásvegi 10 á morgun, laugardag.**
EJS-menn sáu um það, ég ætla hinsvegar að vera á staðnum, gera góð kaup og bjóða þeim sem kíkja við upp á grillaðar pylsur og líflegt spjall.

Sturla Jónsson mótmælandi

## Góð vinnuvél
**... eða verkfæri til skipulagningar**

### Dell Inspiron 1525
Í tilefni vorhreingerningar veitum við **15.000** króna afslátt af þessari vinsælu véll auk þess sem við gefum 1gb minnislykill með.

**Verð nú: 129.900**



## Viltu eina með reynslu?
**... en samt vel spræka**

Tryggðu þér fartölvu fyrir smápeninga.
Við erum að selja sýningarvélar og notaðar vélar.
Líttu inn og ræddu við sölumenn okkar.

**Verð frá: 29.900**



**42" TATUNG Full HD LCD sjónvarp**
**30.000** kr afsláttur. Vorverð: **199.900**



**17" Dell skjár**
**25%** afsláttur. Vorverð: **14.900**



**20" Hantarex LCD sjónvarp**
með innbyggðum DVD spilara
**10.000** kr afsláttur. Vorverð: **59.900**



**Unicorn HD**
**margmiðlunarflakkari**
á **gamla** verðinu og núna fylgir 320 gb harður diskur frítt með.



**Topcom**
**þráðlaust símtæki**
**50%** afsláttur.
Vorverð: **3.990**

EJS
... fyrir fólkið í landinu!

... ótalmörg önnur tilboð!
Við byrjum kl. 10 í fyrramálið

verslun Grensásvegi 10 sími 563 3000

Þjóðleikhúsið
Á öllum sviðum lífsins
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Afgreiðsla miðasölu á Hverfisgötu er opin frá kl. 12.30–18.00 mán. og þri. Aðra daga frá kl. 12.30–20.00. Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is







Tilnefnd til Grímuverðlaunanna sem barnasýning ársins!




**! Kl. 18**
*Halldór Haraldsson píanóleikari kynnir þrjá nýja geisladiska sína í versluninni Hljóðfærahúsinu, Síðumúla 20, í dag kl. 18. Diskarnir þrír eru gefnir út saman undir nafninu Portret, en á þeim er farið yfir feril Halldórs. Á kynningunni í dag mun Halldór velja tóndæmi af diskunum til útskýringar og einnig flytja nokkur vel valin verk frá ferli sínum.*

**> Ekki missa af...**

Ljósmyndasýningunni Staðir eftir Einar Fal Ingólfsson, sem stendur nú yfir í Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Á sýningunni má sjá myndir úr dagbók ljósmyndarans sem spanna tuttugu ára tímabil og taka til ýmissa staða á jörðinni. Nú fer þó hver að verða síðastur að sjá þessa áhugaverðu sýningu þar sem komandi sýningarhelgi er sú síðasta.

# menning
menning@frettabladid.is



**VÍÐIR GUÐMUNDSSON OG ORRI HUGINN ÁGÚSTSSON** Eru allt í öllu í leiksýningunni Lirfur, misjafnlega mikið þó.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Tveir menn fastir á ótilgreindum stað

**Fram undan eru þrjár sýningar á leikritinu Lirfur eftir Víði Guðmundsson. Í sýningunni er tekist á við ýmsar spurningar um lífið og tilveruna á frumlegan og áhugaverðan hátt.**

Leikritið Lirfur var æft og frumsýnt í Borgarleikhúsinu fyrr á árinu þar sem það var sýnt á lokuðum sýningum í mánuði unga fólksins. Viðtökur áhorfenda voru góðar og því þótti aðstandendum sýningarinnar liggja beint við að efna til sýninga þar sem almenningi gefst kostur á að berja herlegheitin augum. Leikarar í verkinu eru tveir, þeir Orri Huginn Ágústsson og Víðir Guðmundsson, sem jafnframt er höfundur þess og leikstjóri.

Lirfur fjallar um tvo menn sem eru fastir saman á ótilgreindum stað. Þeir komast ekki frá hvor öðrum þótt þeir fegnir vildu og neyðast því til þess að eiga í samskiptum hvor við annan, oft með kostulegum afleiðingum. „Mennirnir tveir reyna að hafa ofan af fyrir sér með spjalli og skemmtun, en það er þó alltaf eitthvað sem kemur í veg fyrir gleðina. Þeir hoppa á milli aðstæðna og umræðuefna og minna um margt á þær samræður sem fara fram innra með okkur sjálfum í hvert skipti sem við stöndum frammi fyrir einhverri ákvörðun. Þrátt fyrir að verkið gerist við heldur afmarkaðar aðstæður takast persónurnar á við ýmislegt úr samtímanum, til að mynda neysluhyggjuna og spurninguna um hvað er raunverulega mikilvægt í lífinu. Áhorfendur ættu því að geta fundið vissan hljómgrunn með persónunum," útskýrir Víðir. Ekki er laust við að verkið hljómi eilítið framúrstefnulega út frá lýsingunni, en áhorfendur þurfa þó ekki að óttast að skilja ekki neitt.

„Það er dálítið erfitt að lýsa nákvæmlega söguþræði verksins, en persónurnar og aðstæður þeirra eru þó alveg skýrar í leikritinu. Fólk þarf ekkert að hafa áhyggjur af því að það muni ekki skilja neitt í neinu, hlutirnir útskýrast jafnóðum," segir Víðir og hlær.

Sem stendur eru aðeins fyrirhugaðar þrjár sýningar á verkinu, á sunnudaginn kemur og svo 30. og 31. maí og hefjast sýningarnar öll kvöldin kl. 20. Sýningarnar fara fram í húsnæði á horni Vitastígs og Skúlagötu þar sem leikhópurinn Vér morðingjar hefur aðsetur. Það er því ljóst að leikhúsáhugafólk ætti að hafa hraðar hendur og tryggja sér miða á eina sýninguna sem allra fyrst. Miðar kosta 1.000 kr. og þá má nálgast með því að hringja í Víði í síma 697 3799.

vigdis@frettabladid.is

Salurinn

**FIMMTUDAGUR 22. MAÍ KL. 20**
PÍANÓTÓNLEIKAR FRÁ LHÍ
HÁKON BJARNASON
Aðgangur ókeypis!

**ÞRIÐJUDAGUR 27. MAÍ KL. 20**
SAMKÓR REYKJAVÍKUR
30 ára afmælistónleikar
Miðaverð 2000 kr.

**FIMMTUDAGUR 29. MAÍ KL. 20**
KEITH TERRY Í SALNUM
Body percussion.
Miðaverð 1000 kr.

**FÖST 30. MAÍ KL. 20 UPPSELT!**
**LAUG 1. JÚNÍ KL. 20 ÖRFÁ SÆTI!**
VÍKINGUR HEIÐAR ÓLAFSSON
TIL MINNINGAR UM BIRGI EINARSON
Miðaverð 2500 kr.

BYR SPARISJÓÐUR
SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS

## Pétur í Reykjavík Art Gallery

Myndlistarmaðurinn Pétur Halldórsson opnar sýningu á verkum sínum í Reykjavík Art Gallery, Skúlagötu 30, á morgun kl. 14.

Pétur lærði myndlist á Íslandi, í Englandi og í Bandaríkjunum. Hann hefur haldið einkasýningar bæði innan lands og utan og meðal annars sýnt í Norræna húsinu, Pleiades Gallery í New York og í Hafnarborg, lista- og menningarstofnun Hafnarfjarðar. Auk þess hafa verk hans birst í annálunum Graphics Annual og Modern Publicity.

Sýning Péturs stendur til 15. júní næstkomandi. - vþ



**MYNDLIST** Verk eftir Pétur Halldórsson.

KRINGLU KRÁIN
Sixties með sveitaball í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

## NÝJAR BÆKUR

SÚ ÞRÁ AÐ ÞEKKJA OG NEMA nefnist safn greina um og eftir séra Jónas Jónsson frá Hrafnagili (1856-1918). Háskólaútgáfan gefur út en í ritið skrifa Árni Björnsson, Emilía Sigmarsdóttir, Halldóra J. Rafnar, Hjalti Hugason, Rósa Þorsteinsdóttir, Terry Gunnell og Viðar Hreinsson. Þá eru í safninu fjórar ritgerðir eftir Jónas.



HUGUR – tímarit um heimspeki 19/2007 er komið út í ritstjórn Geirs Sigurðssonar. Meðal efnis í ritinu er viðtal Roberts Jack við Eyjólf Kjalar Emilsson, greinar eftir Pál Skúlason, Bryan Magee í þýðingu Gunnars Ragnarssonar, Jón Á. Kalmansson og Stefán Snævarr. Þema heftisins er Heimspeki menntunar og leggja þar sitt til málanna þeir Ólafur Páll Jónsson, Ármann Halldórsson og Kristján Kristjánsson. Félag áhugamanna um heimspeki gefur út.



AÐ KVEIKJA SÉR Í VINDLI – ljóð eftir Charles Bukowski er komin út á vegum Brúar. Kverið er 85 síður og geymir 45 ljóð í þýðingu Hallbergs Hallmundssonar. Bukowski fæddist í Þýskalandi 1920 en ólst upp á götum Los Angeles. Hann fór að yrkja seint, 35 ára, og gaf út á fimmta tug ljóðabóka. Hallmundur skrifar inngang að bókinni. JPV útgáfa dreifir.




GERÐUBERG
www.gerduberg.is



**Stefnumót við safnara III**
Hljómfagurt stefnumót við tónlistarmenn og safnara!
Leiðsögn um sýninguna kl. 14. á laugardag



**Milli fjalls og fjöru**
Alþýðulistamennirnir Michael Guðvarðarson og Ósk Guðmundsdóttir sýna landslagsmálverk í Boganum.



**Kynjaskepnur úr íslenskum þjóðsögum**
Sýning á teikningum Jóns Baldurs Hlíðberg. Listamaðurinn verður með leiðsögn kl. 15. laugardag



**Handavinnu- og listmunasýning í Félagsstarfi Gerðubergs**
Föstudag: kl. 10 – 17. Laugardag og sunnudag: kl. 13 -16.

**Ath! Safnaramarkaði sem vera átti 24. maí er frestað til 6. september**

Sýningar eru opnar virka daga frá kl. 11-17 og helgar 13-16.
Sími 575-7700 – gerduberg@reykjavik.is


# Almenningsfræðsla í hundrað ár

Sýningin „Að vita meira og meira – brot úr sögu almenningsfræðslu á Íslandi í hundrað ár“ verður opnuð almenningi í Þjóðarbókhlöðunni í dag og stendur til 31. ágúst.

Tilefni sýningarinnar er að nú eru 100 ár liðin frá því að Kennaraskóli Íslands tók til starfa og að sömuleiðis er öld liðin frá setningu fyrstu fræðslulaganna. Sýningin veitir innsýn í skólastarf, menntun og þróun kennarastéttarinnar og áhrif hennar á daglegt líf og samfélag. Sérstakur gaumur er gefinn að framlagi kennslukvenna og áhrifum þeirra á samfélagsmynd liðinnar aldar og þátt kvenna í heilsugæslu skólabarna.

Um leið og sögð er saga skóla og menntunar hér á landi í heila öld eru sýndar svipmyndir og munir sem lýsa tíðarandanum á mismunandi tímabilum liðinnar aldar. Fræðsla barna og ungmenna var í örri þróun og víða hafði risið myndarlegt skólahúsnæði. Með fræðslulögunum og menntun kennara var þessi þróun sett í ákveðinn farveg og öllum sveitarfélögum gert skylt að halda skóla fyrir börn og ungmenni 10-14 ára eða sjá þeim fyrir fræðslu. Foreldrum og forráðamönnum var líka gert skylt að senda börn sín í skóla eða sjá til þess að þau fengju kennara eða kennslu í einhverri mynd. Þar með lauk margra ára deilu milli þeirra sem töldu íslenskri menningu best borgið með heimafræðslu og hinna sem töldu jafnvel almenningsfræðsluna aleflingu sálar- og líkamskrafta mannsins. - vþ



**ÞJÓÐARBÓKHLAÐAN** Hýsir áhugaverða sýningu um almenningsfræðslu á Íslandi.


**Upplifðu dansstemmninguna með þeim bestu**
**á Dansfestivali DanceCenter Reykjavík 30. og 31. maí!**




**Dansfestival 2008**

Sérkjör fyrir 2 VILD

**SJÓÐHEITIR DANSTÍMAR hjá Laurie Ann Gibson danshöfundi Honey**

Laurie Ann hefur fyrir löngu skapað sér nafn í dansheiminum í Bandaríkjunum og hefur m.a. samið fyrir Puff Daddy (Making The Band á MTV), Jude Law í Alfie, Madonnu, Missy Elliott, Aliciu Keys, Brandy o.fl. Þá er Laurie Ann mikil fagmanneskja og útskrifaðist frá Alvin Ailey Dance School.

**Laurie Ann Gibson í maí!**

**Föstudaginn 30. maí og laugardaginn 31. maí í Íþrótta- og sýningarhöllinni í Laugardal - og danspartý í lokin!**

**Sabra Johnson í ágúst!**
**Danny Tidewell í nóvember!**

**100% skemmtun lofað!!! - námskeiðin eru fyrir ALLA!**
**Tryggðu þér sæti og skráðu þig strax!**
Seinast komust færri að en vildu

Skráning fer fram á www.dancecenter.is Nánari upplýsingar fást með því að senda fyrirspurn á info@dancecenter.is, eða hjá Nönnu Ósk Jónsdóttur í síma 861 5658.

DANSLIÐ
So You Think You Can Dance?
kemur sérstaklega á vegum:

DANCE CENTER REYKJAVÍK
www.dancecenter.is

DANSGLEÐI með:
2 skemmtilegri · ICELANDAIR · ÍTR · OUTFITTERS NATION · Kristall plús GÓÐUR OG SVALANDI · SAMSKIPTI prentlausnir fyrir skapandi fólk



SIGURÐUR GUÐMUNDSSON



WOLF PARADE

## > Í SPILARANUM

Sigurður Guðmundsson og Memfismafían - Oft spurði ég mömmu
Neil Diamond - Home Before Dark
Shearwater - Rook
Dísa - Dísa
Wolf Parade - At Mount Zoomer

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Red Hot í ársfríi

Fönkararnir í Red Hot Chili Peppers eru komnir í ársfrí og ætla að nota tímann til að hvíla sig eftir erfiða törn að undanförnu, þar sem einkalífið hefur setið á hakanum.

„Við vorum mjög lengi að taka upp Stadium Arcadium-plötuna. Þetta var erfitt og langt ferli, sem kom í kjölfar tveggja álíka langra verkefna, Californication og By the Way,“ sagði söngvarinn Anthony Kiedis í viðtali í tímaritinu Rolling Stone. „Við stöldruðum ekki við fyrr en tónleikaferðinni okkar lauk í fyrra. Við vorum allir orðnir búnir á því andlega og ræddum um að gera ekkert í að minnsta kosti eitt ár nema lifa lífinu, borða og læra nýja hluti,“ sagði hann. „Ég er bara heima hjá mér núna að læra á brimbretti. En ég er samt kominn með smá fiðring og er farinn að hugsa um að semja lög á nýjan leik.“



**RED HOT CHILI PEPPERS** Hljómsveitin Ret Hot Chili Peppers er í ársfríi um þessar mundir.



## > Plata vikunnar

Steintryggur - Trappa

★★★

„Trappa er skemmtilegt samkrull af tónlist víða að úr heiminum þó að grunnurinn sé taktar trommaranna Sigtryggs Baldurssonar og Steingríms Guðmundssonar.“

TJ



## TÓNNINN GEFINN
**Steinþór Helgi Arnsteinsson**

# *Eurovision-lágmenning*

Þegar rýnt er í menningarfyrirbæri hefur tíðkast að flokka menninguna í há- og lágmenningu. Ég geri mér ekki alveg grein fyrir hvar mörkin liggja en þó er algengara að rauðvín og annað fínerí fylgi hámenningunni. Dægurtónlist hefur yfirleitt flokkast undir hatt lágmenningarinnar, mér til mikillar gremju, aðallega sökum þess hve hún fléttast mikið saman við poppmenningu og daglegt amstur. Listin að gera fallega tóna hefur af þeim sökum alltaf farið hallloka gegn „fínni“ listgreinum. Hér er þó ekki átt við sígilda tónlist sem þykir blússandi hámenning, jafnvel þegar „tónskáld“ fremja voðaverk á sex óbó, fjórar hörpur og eitt langspil sem eru í engum takti við tilgang tónlistar.



**LÁGMENNING** Eurobandið keppti fyrir Íslands hönd í Serbíu í gærkvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þegar kemur hins vegar að keppnum eins og Eurovision, sem kölluð er sönglagakeppni, er ekki að furða þótt mörgum finnist tónlist vera argasta lágmenning. Keppnin, sérstaklega eins og hún hefur þróast undanfarin ár, er ótrúlega skrautlegur fýr, vægast sagt. Hér er tekin ákveðin sena, með nokkuð afmörkuðum en dyggum og áköfum aðdáendahópi, og búin til fáránlega dýr keppni. Tónlistin sem fær að hljóma í keppninni er nokkuð sér á báti og á sér frekar fáar hliðstæður. Það er ekki oft sem tónlist er samin með það að leiðarljósi að heilla heila heimsálfu á þremur mínútum. Ef við tökum samt íslensku lögin sem dæmi, og öll lögin úr undankeppnum síðustu ára, þá eru furðu fá lög sem hafa náð að sitja eftir svo einhverju nemur í þjóðarsálinni. Hvað veldur eiginlega? Eiga þessi lög ekki að grafa sig í meðvitundina hjá manni?

Ég ætla því að gefa mér það að íslensku Eurovision-lögin séu verri en flest íslensk dægurlög. Samt er verið að eyða milljónum í þetta batterí sem hlýtur þá að vera á kostnað annarra tónlistargreina. Skilar sér til baka sem góð landkynning myndu einhverjir segja. Allt í lagi, nokkrir stórfurðulegir gaurar frá útlöndum þekkja öll íslensku lögin og koma hingað reglulega en væri einhver til í að halda því fram að Eurobandið sé eins góð landkynning og til dæmis Mugison eða Emilíana Torrini (ætla að leyfa mér að sleppa að nefna nöfn á borð við múm, Sigur Rós og Björk)?

Viðurkennum það bara, peningarnir sem fara í Eurovision eru greiðsla fyrir afþreyingu enda er keppnin lítið annað. Hún er reyndar fín sem slík og virkar vel þannig. Ég vona hins vegar að þeir sem borga brúsann séu ekki að halda því fram að þeir séu að styrkja og glæða íslenskt tónlistarlíf og auka hróður þess út fyrir landsteinana. Nei, RÚV, þið eruð einfaldlega að gefa okkur landsmönnum löglegan partídag og ástæðu til að detta í það.

# Yfirburðasveit í rappsögunni

**Bandaríska hiphop-sveitin The Roots hefur fyrir löngu sannað sérstöðu sína. Áttunda hljóðversplata þeirra Ahmirs „Questlove“ Thompson og Tariqs „Black Thought“ Trotter, Rising Down, kom út fyrir skemmstu. *Trausti Júlíusson* spáði í The Roots.**



**THE ROOTS** Þeir Questlove (með afróið) og Black Thought halda áfram að brillera á nýju plötunni.

Philadelphiu-rappsveitin The Roots er þegar orðin ein af lífseigustu hiphop-sveitum sögunnar. Hún fagnar tuttugu ára afmæli á næsta ári og var að senda frá sér nýja plötu, þá áttundu í röðinni. Ástæður fyrir langlífi The Roots eru nokkrar, þar á meðal sú staðreynd að sveitin er fyrst og fremst skipuð ástríðufullum tónlistarmönnum, en ekki sjálfhverfum klíkuforingjum með mikilmennskubrjálaði. Meðlimirnir hafa bakgrunn í fönki, djassi og soul-tónlist, en sjö manna tónleikasveit The Roots er eins konar hirðhljómsveit hiphop-senunnar og hefur meðal annars spilað undir hjá Jay-Z og Erykuh Badu.

**Rödd og trommusett**

Höfuðpaurar The Roots eru rapparinn Tariq Trotter sem kallar sig Black Thought og trommuleikarinn og upptökustjórinn Ahmir „Questlove“ Thompson. Þeir hittust fyrst í september 1987 þegar þeir voru við nám í sama listaskóla í Philadelphiu. Þá hafði Ahmir verið trommuleikari í hljómsveit föður síns í nokkur ár. Hann eignaðist sitt fyrsta sett þriggja ára. „Ahmir var nörd,“ segir Tariq í nýlegu viðtali við Rolling Stone, „en það sem dró okkur saman var að hann gat endurskapað öll breikin sem voru ríkjandi í hiphoppinu um miðbik níunda áratugarins. Alla þessa takta sem Big Daddy Kane eða Kool G Rap röppuðu yfir. Níu af hverjum tíu þeirra voru komnir frá James Brown. Ahmir gat bara sest niður og spilað þá.“

**Erfiður uppvöxtur**

Ahmir og Tariq eiga ólíkan bakgrunn. Ahmir ólst upp í tónlistarfjölskyldu og var tólf ára gamall farinn að ferðast með hljómsveit föður síns, en Tariq átti vægast sagt erfiða æsku. Pabbi hans var virkur í trúarsamtökunum Nation of Islam og fór í moskuna fimm sinnum á dag. Að sögn Tariqs var trúarstarfið samt bara yfirvarp yfir glæpastarfsemi og pabbi hans var tekinn af lífi á hrottalegan hátt í mafíuhefndaraðgerð þegar Tariq var aðeins árs gamall. Þegar hann var unglingur var móður hans rænt, henni nauðgað og hún myrt af geðbiluðum morðingja. Til að króna þetta var svo bróðir hans lengst af í fangelsi. „Hann hefur setið í inni í 27 af þessum 42 árum sem hann hefur lifað,“ segir Tariq í fyrrnefndu viðtali. Tariq virðist þó hafa komist ótrúlega heill frá þessum hörmungum.

**Sexy Back og Zeppelin**

Questlove er eftirsóttur upptökustjóri og útsetjari. Hann er til dæmis tónlistarstjóri yfirstandandi risatónleikaferðar Jay-Z og nýbúinn að stjórna upptökum á nýrri plötu soul-goðsagnarinnar Al Green sem mikill spenningur er fyrir.

Nýja Roots-platan, Rising Down, hefur fengið fína dóma og er enn ein staðfestingin á ágæti sveitarinnar. Hún er harðari og pólitískari en oft áður og full af flottum töktum. Á meðal gesta má nefna Mos Def, Dice Raw, Porn, Common, Chrisette Michele og Talib Kweli.

Tónleikar með The Roots eru nokkuð sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara. Bandið er að sögn drulluþétt og auk þess að spila lög sveitarinnar dettur það í miðri dagskrá yfir í að spila Led Zeppelin-gítarriff og slagara eins og Sexy Back með Justin Timberlake og Roc Boys með Jay-Z. Hljómar ekki illa...


# Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið


# Lífið of gott til að vera satt

„Mér finnst mest gaman að röppurum sem geta verið með fjölbreytt þema,“ segir Sesar A, sem hefur gefið út sína þriðju sólóplötu, Of gott. „Hluti af þessu snýst um að spyrja sig spurninga, velta hlutunum fyrir sér og vera með umræður, ekki bara að velta sér upp úr eigin egói. Það er dauðadæmt,“ segir hann.

Sesar A, sem heitir réttu nafni Eyjólfur Eyvindarson, deilir víða á peninga- og markaðshyggju þjóðfélagsins á plötunni og ber titillinn merki þess. „Hann vísar til þess að þessi lífsstíll sem við lifum á Vesturlöndum sé of góður til að vera sannur. Hann hlýtur að vera á kostnað einhvers.“

Sesar A vann plötuna með hléum samhliða því sem hann nam kvikmyndaleikstjórn og matreiðslu er hann bjó á Spáni. Á meðal þeirra sem aðstoða hann er hljómsveitin IFS sem hann söng með í Barcelona. Hún samanstendur af níu manns frá átta löndum sem syngja á allt að tíu tungumálum. Því til undirstrikunar eru lagatextarnir birtir á fjórum tungumálum í umslaginu.

Lagið Hosur grænar fer í spilun á næstunni auk þess sem myndband við lagið er á leiðinni. DVD-mynddiskur með heimildarmyndum og myndböndum er síðan væntanlegur með plötunni Of gott í viðhafnarútgáfu seinna á árinu.

Aðspurður segir Sesar að rappið sé síður en svo dautt eins og margir hafa haldið fram. „Það sem vantar er ákveðinn vettvangur fyrir rappið. Ég held að allt annað sé til staðar, bæði gróskan og sköpunargleðin.“ - fb



**SESAR A** Rapparinn Sesar A hefur gefið út sína þriðju sólóplötu, Of gott. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# TVÆR GÓÐAR

GAGNRÝNENDUR OG ÁHORFENDUR ERU Á EINU MÁLI

PANTAÐU MIÐA NÚNA!

## DAUÐASYNDIRNAR

**GUÐDÓMLEGUR GLEÐILEIKUR**

LAUSLEGA BYGGT Á VERKI DANTE ALIGHIERI

★★★★
Fréttablaðið



TAKMARKAÐUR SÝNINGAFJÖLDI

„Ég var alveg orðin tvöföld í sætinu af hlátri ..."
„ ... sýningin er dýrleg leikhúsreynsla ..."

Silja Aðalsteinsdóttir
Tímarit Máls og menningar
(tmm.is)

„Allur frágangur á sýningunni er fyrsta flokks. "
„Ekki missa af Dauðasyndunum."

Páll Baldvin Baldvinsson
Fréttablaðið

★★★½
DV

## GÍTARLEIKARARNIR

**HLÝLEGUR GAMANLEIKUR** EFTIR **LINE KNUTZON**



SÍÐUSTU SÝNINGAR

„Það var gaman að sjá þennan leikarahóp að störfum ..."

Páll Baldvin Baldvinsson
Fréttablaðið

„Leikararnir fjórir eru hverjir öðrum betri ..."

Arndís Þórarinsdóttir
24 stundir

**Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is**

BORGARLEIKHÚSIÐ

## > SCARLETT FÆR C

Fyrstu plötu Scarlett Johansson, sem samanstendur að mestu leyti af lögum eftir Tom Waits, hefur ekki verið tekið neitt gríðarlega vel. Entertainment Weekly gefur plötunni einkunnina C og kallar rödd Scarlett „blæbrigðalausa“. Rolling Stone gefur henni 2,5 af fimm mögulegum stjörnum og kallar rödd leikkonunnar „óeftirtektarverða“. Það lítur því út fyrir að Johansson hljóti sömu örlög og svo margar aðrar leikkonur sem hafa spreytt sig á söngnum.



**Fólk**

folk@frettabladid.is



## CANNES 2008 HANNA BJÖRK VALSDÓTTIR FYLGIST MEÐ BESTU KVIKMYNDAHÁTÍÐ HEIMS

# ¡Viva La Revolucion!

Rauði dregillinn var pakkaður af stjörnum í gær þegar Steven Soderbergh frumsýndi Che, sem einnig keppir um Gullpálmann. Myndin er hvorki meira né minna en fjórir og hálfur tími og stóð hún fyllilega undir sér. Hvergi var dauður punktur í myndinni. Soderbergh á það mikið að þakka Benicio Del Toro sem leikur Ernesto „Che“ Guevara listilega vel. Hrein unun að horfa á og þessi goðsagnakennda persóna verður ljóslifandi á hvíta tjaldinu.

Í hinum vestræna neysluheimi hefur Che orðið ákveðin tískuvara og unglingar um allar trissur eiga stuttermabol með andlitinu á honum án þess að vita nákvæmlega hvað maðurinn stendur fyrir. Í Suður-Ameríku hefur hann allt aðra merkingu. Myndin setur Che vissulega á ákveðinn stall en sýnir hann fyrst og fremst sem manneskju sem berst við yfirvöld og hugsar um fátæka fólkið. Margir vilja sjá hann sem hetju eða Guð en svo eru aðrir sem eru mótfallnir þeim aðferðum sem hann beitti í uppreisninni. Það er spurning hvort myndin eigi eftir að hafa áhrif á uppreisnarseggi og sósíalista um allan heim en þó er nokkuð ljóst að ný tískubylgja í hinum vestræna neysluheimi á eftir að fara í gang. Che hefur aldrei verið meira kúl. Og ekki Benicio heldur.

Annars fer að líða að lokum kvikmyndaveislunnar í Cannes og aðeins á eftir að sýna nokkrar myndir í keppninni en nokkuð óljóst er hvar Gullpálminn mun enda. Óvenju margir frægir leikstjórar eru í keppninni, Clint Eastwood, Steven Soderbergh og Walter Salles sem eru sigurstranglegir. Og enn eigum



**BYLTINGARLEIÐTOGI** Benicio Del Toro leikur Che Guevara. NORDICPHOTOS/GETTY

við eftir að sjá mynd Charlie Kaufman og Wim Wenders. Ef tekin er saman stjörnugjöf gagnrýnenda á Cannes þá er það samt sem áður tyrkneska myndin Þrír apar, eftir Nuri Bilge Ceylan, sem trónir á toppnum. Það verður spennandi að sjá hvað dómnefndin með Sean Penn í fararbroddi ákveður á sunnudaginn.

# Sirrý spákona opnar nornasafn

Spákonan Sirrý Sigfúsdóttir opnar nornasafn á heimili sínu á sunnudag. Þar gefst gestum kostur á að skoða hátt í þrjú hundruð brúður í nornalíki, sem Sirrý hafa áskotnast í gegnum tíðina. „Það hefur tekið mig um tuttugu ár að komast upp í þessa tölu. Fyrsta dúkkan var reyndar keypt af konu úti í Ameríku, sem fannst hún vera svo lík mér. Hún er upphafið að öllu safninu. Svo þótti öllum þetta svo rosalega sniðugt, það var svo lítið mál að gefa mér afmælisgjafir,“ segir Sirrý og hlær, en hún kveðst hafa keypt minnst af dúkkunum sjálf.



**OPNAR HEIMILI SITT** Gestum býðst að skoða nornabrúður Sirrýar Sigfúsdóttur spákonu á heimili hennar á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Hún hefur nú stillt þeim upp eins og til sýningar á safni, og þegar blaðamaður sló á þráðinn var Sirrý á leið í verslun til að kaupa króka og hengja síðustu brúðurnar upp í gluggana hjá sér. Sirrý segir lengi hafa verið ýtt á hana með að sýna safnið almenningi. „Þær sem vissu af þessu voru alltaf að pikka í mig og segja mér að gera eitthvað í þessu. Mér hefur líka verið boðið að taka þátt í safnarasýningum, en ég hef ekki þorað því,“ segir Sirrý. „Sumt af þessu er mjög viðkvæmt og ég yrði að vera alltaf nálægt því. Það væri allt of mikið vesen. Ég er til dæmis með mjög sniðugar dúkkur hérna inni í glerskáp hjá mér. Þær eru með alvöru tarotspil, bolla og alvöru kristalkúlu,“ útskýrir hún.

Sirrý verður með heitt á könnunni á sunnudag, en safnið verður opið frá 14 til 17. Hún hyggst ekki endurtaka leikinn í bráð, svo þeir sem hafa áhuga á nornadúkkum verða að leggja leið sína á heimili spákonunnar, að Bleikargróf 15 í Reykjavík. - sun

# 19 ára verslunareigandi

**María Bjarnadóttir opnar fataverslunina Vintage í dag, aðeins nítján ára gömul. Vintage á rætur sínar að rekja til veikinda Maríu fyrir tæpum tveimur árum.**

María Bjarnadóttir opnar verslunina Vintage á Laugavegi í dag en hún er sprottin upp úr myspace-síðu sem María stofnaði í veikindum fyrir tæpum tveimur árum, þá átján ára gömul. „Þetta byrjaði þannig að ég var veik heima í tvær vikur og leiddist alveg hræðilega,“ útskýrir María, sem þá var í námi við MH. „Ég fór að líta í kringum mig og áttaði mig á að ég ætti rosalega mikið af fötum, og mikið af flottum fötum sem ég notaði ekkert. Ég ákvað þess vegna að selja þau og þar sem ég var rúmliggjandi tók ég bara upp tölvu og stofnaði myspace-síðu,“ útskýrir hún.

Hún segist ekki hafa séð fyrir hversu góðar undirtektirnar yrðu. „Allt í einu var ég komin með 1.500 stelpur inn á síðuna sem vini, af því að fólk þurfti að sækja um aðgang að henni. Þær voru að biðja um sérstakar skóstærðir, en allir skórnir mínir voru náttúrlega í sömu stærð. Ég fór þess vegna að kaupa svona eitt og annað skópar og svo stækkaði þetta og stækkaði,“ segir María.

Vefverslunin stækkaði reyndar svo mikið að eftir örfáar vikur hætti María í skóla til að hafa nægan tíma til að sinna henni. „Mamma var nú ekkert sérstaklega ánægð með það til að byrja með, en þegar hún sá hvað þetta gekk vel hvatti hún mig bara til eltast við drauminn minn,“ segir María, en myspace-síðan hefur verið hennar lifibrauð síðasta eina og hálfa árið. „Ég sá nú samt ekki fyrir að ég yrði komin í verslunarrekstur á rúmu ári,“ bætir hún við og skellir upp úr. Tvítugsafmælið bíður Maríu í næstu viku, svo hún nær þeim merka áfanga að opna eigin búð aðeins nítján ára gömul. „Já, það verður opnunarpartí í kvöld og svo afmælispartí eftir helgi. Það er nóg að gera,“ segir hún og hlær við.

Í Vintage er að finna bæði ný og notuð föt, sem María kaupir inn alls staðar að. „Ég blanda saman notuðum fötum, antíkskartgripum og hef tekið inn alveg eldgamla kjóla og belti. Svo verð ég líka með nýjar gallabuxur frá Tripp, sem er mjög vinsælt merki í New York en hefur ekki fengist hér áður,“ útskýrir María.



**LÆTUR DRAUMINN RÆTAST** María hætti í skóla nokkrum vikum eftir að hún stofnaði vefverslun á myspace, til að ná að sinna eftirspurn. Í dag opnar hún verslun við Laugaveginn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Opnunarteiti Vintage hefst klukkan 17 í kvöld og stendur til um það bil 20. Verslunin er til húsa á Laugavegi 25, 2. hæð. Allir eru velkomnir.

sunna@frettabladid.is


Flugfreyjur

FLUGFREYJUR/-ÞJÓNAR

**Keilir býður flugfreyju/-þjónanám, til fullra réttinda í fyrsta sinn á Íslandi.**

Námið mun fara fram við bestu aðstæður á Keflavíkurvelli í nábýli við alþjóðlegan flugvöll, með einstakri, verklegri aðstöðu fyrir nemendur.

**Námið er í nánu samstarfi við Icelandair, Iceland Express, Flugfélag Íslands og JetX.**

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 13. JÚNÍ.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Jessica Alba** gekk að eiga unnusta sinn **Cash Warren** á laun á mánudag. Það var þó engin veisla haldin í felum, heldur gengu þau í það heilaga í dómshúsi í Beverly Hills, innan um hvít plastblóm og án allra gesta. „Ég held að þetta sé gott fyrir hana. Ég samgleðst henni,“ segir faðir Jessicu, sem var ekki viðstaddur athöfnina. Talið er að Alba og Warren hafi viljað drífa sig upp að altarinu til að koma í veg fyrir að væntanlegur erfingi fæddist utan hjónabands.



Söngkonan **Rihanna** ætlar að færa sig yfir á hvíta tjaldið. Hún ku hafa hreppt hlutverk í myndinni Mama Black Widow, sem gerð verður eftir bók **Iceberg Slim**. Sagan fjallar um fjölskyldu sem flyst frá Mississippi-svæðinu til fátækrahverfis í Chicago á fjórða áratug síðustu aldar. Meðleikarar Rihönnu verða meðal annars þær **Kerry Washington** og tónlistarkonan **Macy Gray**.



**Britney Spears** ku vera í viðræðum um að setja á svið sýningu í Las Vegas. Til hennar sást á kvöldverðarfundi með eiganda Palms-hótelsins og spilavítisins þar í borg, **George Maloof Jr.**, í vikunni. Samkvæmt heimildum National Enquirer áformar Spears íburðarmikla endurkomu. „Hún vill að sýningin verði mjög orkumikil og full af flottum búningum.“ Talið er að Spears hafi verið boðnar allt að tíu milljónir Bandaríkjadala fyrir nokkrar sýningar.

**Jodie Foster** er hætt með kærustu sinni til fjórtán ára, **Cydney Bernard.** Ástæðan ku vera önnur kona, handritshöfundurinn **Cindy Mort**, sem Foster hitti við tökur á myndinni The Brave One í fyrra. „Þær hafa verið að hittast alveg síðan,“ segir heimildarmaður National Enquirer. Jodie og Cydney búa enn undir sama þaki, en Foster mun flytja út á næstunni.









Nýtt í bíó

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

EKKI MISSA AF STÆRSTU ÆVINTÝRAMYND SÍÐARI ÁRA!!!

★★★★ - V.J.V., Topp5.is / FBL

FORGETTING SARAH MARSHALL ★★★1/2 SV MBL

★★★★ "Ein besta gamanmynd ársins" - V.J.V., Topp5.is / FBL

500 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| INDIANA JONES 4 - POWER | kl. 2, 4.30, 7 og 10 | 12 |
| HAROLD & KUMAR 2 | kl. 4, 6, 8 og 10.10 | 12 |
| FORGETTING SARAH MARSHALL | kl. 8 og 10.10 | 12 |
| BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU | kl. 2 | L |
| SPIDERWICK CHRONICLES | kl. 2, 4 og 6 | 7 |

SAMbio.is SAMBÍÓIN

stórvirki nóbelsverðlaunahafans Gabriel Garcia Marquez, einnig til á kilju

FRÁBÆR RÓMANTÍSK ÖRLAGASAGA

LOVE IN THE TIME OF CHOLERA „ÁSTIN Á TÍMUM KÓLERUNNAR"

ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| INDIANA JONES 4 DIGITAL | kl. 3D - 5:30D - 8D - 10:40D | 12 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:40 | VIP |
| LOVE IN THE TIME OF... | kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:40 | 7 |
| NEVER BACK DOWN | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 14 |
| NIM´S ISLAND | kl. 3 | L |
| IRON MAN | kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| DRILLBIT TAYLOR | kl. 3 - 5:30 | 10 |
| IN THE VALLEY OF ELAH | kl. 8 | 16 |
| THE HUNTING PARTY | kl. 10:40 | 12 |

KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| INDIANA JONES 4 DIGITAL | kl. 4D - 6:30D - 9D - 10D | 12 |
| NEVER BACK DOWN | kl. 11:30 | 14 |
| NIM´S ISLAND | kl. 4 - 6 - 8 | L |
| U2 3D 3-D DIGITAL | kl. 11:40/3D | L |
| IRON MAN | kl. 4 - 6:30 - 9 | 12 |

SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| INDIANA JONES 4 | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| IRON MAN | kl. 5:30 | 12 |
| DEFINETLY MAYBE | kl. 8 | L |
| SHINE A LIGHT | kl. 10:30 | L |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN | kl. 5:40 | 12 |
| NEVER BACK DOWN | kl. 8 | 12 |
| NIM´S ISLAND | kl. 6 - 8 | 12 |

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| INDIANA JONES 4 | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| NIM'S ISLAND | kl. 6 | L |
| MADE OF HONOR | kl. 8 | L |
| THE HUNTING PARTY | kl. 10:10 | 12 |

SparBíó 550kr Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU

NÝTT Í BÍÓ!

★★★★ „Trú forverum sínum og er kærkomin viðbót í þessa mögnuðu seríu. Meira er ekki hægt að biðja um." - V.J.V., Topp5.is/FBL

LÚXUS

★★★ "Þrælskemmtileg mynd um baráttu kynjanna. Húmorinn missir sjaldan marks." T.V. - Kvikmyndir.is

★★★ "Stendur fyllilega undir væntingum..." - K.H.G., DV

★★★ "Bragðgóður skyndibiti sem hæfir árstíðinni fullkomlega" - S.V., MBL

FÓR BEINT Á TOPPINN Í BANDARÍKJUNUM!

HAROLD OG KUMAR ERU MÆTTIR AFTUR!

ÓSKUR BERA ENGAN ÁRANGUR!

PROM NIGHT NÓTT DAUÐANS

★★★ „HUGLJÚF OG SKEMMTILEG" VJV - TOPP5.IS/FB

★★★ 24 STUNDIR

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| INDIANA JONES 4 DOLBY DIGITAL | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| INDIANA JONES 4 LÚXUS DOLBY D | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | |
| PROM NIGHT | kl. 6 - 8 - 10 | 14 |
| WHAT HAPPENS IN VEGAS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | |
| MADE OF HONOUR | kl. 8 - 10.15 | |
| SUPERHERO MOVIE | kl. 4 - 6 | 7 |
| BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU | kl. 4 | |
| HORTON | kl. 4 ÍSLENSKT TAL | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

TILBOÐSVERÐ GILDIR Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ RAUÐU

| | | |
|---|---|---|
| KICKIN´IT OLD SKOOL | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 7 |
| HAROLD & KUMAR ESCAPE FROM GB | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| MADE OF HONOUR | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | |
| 21 | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 ENSKUR TEXTI | 7 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| INDIANA JONES 4 | kl. 6 - 8.30 - 11 | 12 |
| PROM NIGHT | kl. 6 - 8 - 10 | 14 |
| WHAT HAPPENS IN VEGAS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | |
| STREET KINGS | kl. 10.30 | 16 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 ÍSLENSKUR TEXTI | 7 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| INDIANA JONES 4 | kl. 5 - 7.20 - 9.40 - 12* | 12 |
| HAROLD & KUMAR ESCAPE FROM GB | kl. 6 - 8 | 12 |
| WHAT HAPPENS IN VEGAS | kl. 10 | |

* KRAFTSÝNING

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR


# Eldra gítarrokk



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

John Fogerty er á langri hljómleikaferð til að minna á sig og kynna nýja plötu, Revival, sem hefur reyndar fengið þokkalega dóma. Eftir tónleika hans í Laugardalshöllinni á miðvikudag pakkaði bandið saman og flaug til Svíþjóðar. Hann verður á ferðinni allt fram á verslunarmannahelgi, spilar víða í Evrópu áður en hann heldur til Bandaríkjanna og verður þar að. Þetta er þétt prógram fyrir mann sem er kominn yfir besta aldur. Hann gat um það snemma á tónleikunum á miðvikudag að hingað hefði hann komið einu sinni áður til að taka bensín. Það hefur verið á þeirri ferð sem skóp Creedence Clearwater Revival nokkurt orð í Evrópu. Hann spilar til dæmis aftur í Royal Albert Hall hinn 24. júní, í annað sinn eftir 37 ára hlé.

John var harla fyrirferðarmikill á síðari hluta sjöunda áratugarins sem frontmaður og lagasmiður í litlu rokk-kómbói. Raunar var í mörg ár ekki hægt að hreyfa sig mikið án þess að rekast á tónlistina hans. Hópurinn sem kom saman í höllinni var enda komin af besta skeiði, miðaldra menn og konur, „bolir" eins og Bó kallar þá, orðnir framsettir. Margir góðglaðir og enn á lofti eftir vítaspyrnukeppnina. Fogerty tók að spila seinna en áætlað var og á undan honum gekk KK með sína sveina: Þorleif, Ásgeir Óskars, Bjögga Gísla og Guðmund Pétursson. Mikill munur var á hljómi heimamanna og gestasveitarinnar, grunn hljómkviða fór á undan þéttum rokkgrunninum hjá Könunum.

Ég verð að viðurkenna að ég var aldrei Fogerty-maður. Hann smíðaði marga fína standarda sem svo eru kallaðir, lög sem njóta slíkrar ástar að margir fleiri hafa hljóðritað þau þótt upphaflegar verstjónir hans og þeirra í CCR eins og hann kallaði gamla bandið sitt séu raunar alltaf bestar í einfaldleika sínum. Sá þétti hljómur sem bandið hans bauð upp á á miðvikudag var víðast breiðari og meira undirbyggður en einfaldleikinn sem einkenndi CCR. Röddin í kappanum er hærri og vantaði þá þungu dýpt sem hann réð yfir á sínum yngri árum og var sumpart lykill að trúverðugleika hans sem söngvara. En það er gaman að sjá góð bönd spila. Hér var engin tilraunamennska á ferðinni heldur staðið fast á fornum slóðum eins og ég trúi að þessi hópur vilji heyra. Það stökk hjarta í mörgum manninum þarna og unaðslegt að sjá þunglamalega durti taka kippi gleðibrosandi í einskærum fögnuði við endurfundina. Enda blasti kynslóðabilið við sem er örlög poppsins. Þar eru stórir flákar af efni aðeins bundnir tilteknum aldurshóp og fylgja honum til grafar og eru þar með úr sögunni nema fyrir nörda.

Hitt er jafnljóst að með sinn brotakennda og erfiða feril er John Fogerty einstakur tónlistarmaður og hefur skilað afbragðslögum til þeirra sem njóta og frammistaða hans á miðvikudag var til marks um að hann hefur ekki áunnið sér sína stöðu að ófyrirsynju. **Páll Baldvin Baldvinsson**

**TÓNLEIKAR**

**John Fogerty og hljómsveit**

KK og félagar hituðu upp

Laugardalshöll 21. maí.

★★★★

Einstakur tónlistarmaður sem stóð vel fyrir sínu í Höllinni.

# Góð stemning á Fogerty

Rokkarinn úr hljómsveitinni Creedence Clearwater Revival, John Fogerty, hélt upp mjög góðri stemningu á tónleikum sínum í Laugardalshöll í fyrrakvöld. Spilaði hann öll sín þekktustu lög, þar á meðal Proud Mary, Down on the Corner og Who´ll Stop the Rain.



**ÞRÍR FÉLAGAR** Gítarleikarinn Vignir Snær Vigfússon mætti á tónleikana ásamt félögum sínum Fjalari og Óla Fannari.



**SÁU JOHN FOGERTY** Sjónvarpskonan Elsa María Jakobsdóttir og söngkonan Ragnheiður Gröndal létu sig ekki vanta á tónleika Johns Fogerty.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


SparBíó 550kr föstudag

SAMbio.is SAMBÍÓIN REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS

INDIANA JONES 4 KL. 3 Í ÁLF. KL. 4 Í KRI., OG KL. 5:30 Í KEFL. OG Á SELF.

IRON MAN KL. 3 Í ÁLF. KL. 4 Í KRI., KL. 5:30 Á SELF. OG 5:40 Á AK.

NIMS ISLAND KL. 3 Í ÁLF. KL. 4 Í KRI., OG KL. 6 Í KEFL. OG Á AKUREYRI

DRILLBIT TAYLOR KL. 3 Í ÁLFABAKKA

LOVE IN THE TIME OF CHOLERA KL. 3 Í ÁLFABAKKA

Sími: 553 2075 LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus

Ódýrt í bíó

Bubbi Byggir Í VILLTA VESTRINU

ATH. SÝND KL.2

ATH. SÝND KL.2

ATH. SÝND KL.2

LAUGARÁS BÍÓ 500kr. á fyrstu sýningar dagsins

# Nú er tækifærið
## til að fá sér nýtt grill

**Ef þú kaupir eftirfarandi Grandhall grill tökum við gamla grillið uppí á 10.000kr.***

### Grandhall Freedom 326S
- Hitamælir í loki
- Slá fyrir viskastykki
- Hitaplata úr pottjárni
- Elektrónísk kveikja
- Mót fyrir gaskút í skáp, heldur gaskútnum stöðugum
- 304 ryðfrítt stál
- 5 aðskildir brennarar úr ryðfríu stáli
- Bakbrennari, 4,2 kWh (14.000BTU)
- Heildargeta 22kWh (75.000 BTU)
- Eldtemjarar
- Breidd: 163 sm, Dýpt: 66 sm
  Hæð: 122 sm

Þú borgar **69.999kr** ef þú skilar gamla grillinu



**79.999stk.**

OPIÐ til 20 alla daga

*Frí samsetning og heimsending á öllum grillum á stórhöfuðborgarsvæðinu og á Akureyri*

### Grandhall Premium 327
- 22kWh, 5 brennarar úr 304 ryðfríu stáli
- 4.5kWh hliðarhella
- Eldunargrindur úr massífu ryðfríu stáli
- Porselín húðaðir eldtemjarar
- Elektrónískt kveikjukerfi
- Tvöfaldur skápur með hurðum
- Innbyggður hitamælir

Þú borgar **89.999kr** ef þú skilar gamla grillinu



**99.999stk.**

### Grandhall Premium 323
- 14kWh, 4 brennarar úr 304 ryðfríu stáli
- 4.5kWh hliðarhella
- Porselín húðaðar járngrindur til eldunar
- Hitaplata úr pottjárni
- Ytra birgði úr stáli með há-glans áferð
- Porselín húðaðir eldtemjarar
- Elektrónískt kveikjukerfi
- Innbyggður hitamælir

Þú borgar **69.999kr** ef þú skilar gamla grillinu



**79.999stk.**



**19.999stk.**
Verð áður 21.999.-

### Broil Mate 13023
- 8.8kW / 30,000 BTU I-brennari úr ryðfríu stáli
- 2710 sm² - heildar umfang með hliðarborðum/hellu
- 1677 sm² - án hliðarborðs/hellu
- Porselín húðaðar járngrindur til eldunar
- Porselín húðað Flav-R-Wave™ eldunarkerfi
- Lineral Flow™ gas ventlar
- Sure-Light™ elektrónískt kveikjukerfi
- Innbyggður hitamælir
- Hágæða Perma-Mold XL™ niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrókum
- 18 sm / 7" hjól



**29.999stk.**
Verð áður 31.999.-

### Broil Mate 13863
- 11.4kW / 48,000 BTU Dual H™ brennari úr ryðfríu stáli
- 3742cm² - heildar umfang með hliðarborðum/hellu.
- 2129cm² - án hliðarborðs/hellu
- Porselín húðaðar járngrindur til eldunar
- Porselín húðað Flav-R-Wave™ eldunarkerfi
- Hágæða Accu-Temp™ hitamælir
- Lineral Flow™ gas ventlar
- Sure-Light™ elektrónískt kveikjukerfi
- Hágæða Perma-Mold XL™ niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrókum
- 18cm / 7" hjól

## Úrval af Grillpro grillaukahlutum á frábæru verði



**349pk.** Grillpenslar



**149pk.** Maís höldur



**629stk.** Gaskveikjari



**579pk.** Grillpinnar



**349pk.** Trépinnar



**1.199pk.** Keramic steinar



**1.999stk.** Kjúklingagrind



**1.799stk.** Hamborgaragrind

Gildir til 25. maí eða á meðan birgðir endast.
* Gamla grillið er tekið við heimsendingu.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## > Atvik umferðarinnar



Jöfnunarmark Eysteins Lárussonar, fyrirliða Þróttar, gegn FH langt inni í uppbótartíma. Nokkrum mínútum áður hafði hann fengið á sig vítaspyrnu. Gott stig hjá nýliðunum í 4-4 dramatík á Valbjarnarvelli.

## > Bestu ummælin

„Það er búið að vera að berja í okkur að við spilum fallegan fótbolta en náum engum árangri. Nú vildi ég sjá aðeins meira stál og smá standpínu í menn. Það kom heldur betur í dag," sagði Ólafur Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks, við Stöð 2 Sport eftir sigur liðsins gegn KR.



**sport**
sport@frettabladid.is

**3. UMFERÐ LANDSBANKADEILDAR KARLA:** FJÖLNIR OG KEFLAVÍK MEÐ FULLT HÚS

# *Íslandsmeistararnir heillum horfnir*

Þriðja umferð Landsbankadeildarinnar hafði nánast allt fram að færa. Dramatík, spenna, sóknarbolti, varnarbolti og umdeild atvik litu dagsins ljós ásamt óvæntum úrslitum.

Íslandsmeistarar Vals töpuðu sínum öðrum leik í sumar á Fylkisvelli. Fylkir hafði spilað illa fram að leiknum en meistararnir voru heillum horfnir. Sanngjarn Fylkissigur í Árbænum.

Flestir bjuggust við öruggum sigri FH á nýliðum Þróttar en annað kom á daginn. Leikurinn var frábær, í það minnsta fyrir hlutlausa sem vilja sjá skemmtilegan sóknarbolta. Átta mörk í dramatísku jafntefli.

Ekkert lát virðist vera á velgengni Fjölnismanna. Þeir sýndu á sér varnarhliðina í Grindavík en uppskáru öll stigin og tróna á toppnum ásamt Keflvíkingum sem lögðu HK. Kópavogspiltar eru á botninum ásamt Grindvíkingum án stiga.

Skagamenn unnu sinn fyrsta leik á sjálfsmarki. Guðjón Þórðarson gat því glaðst á meðan Framarar töpuðu sínum fyrstu stigum í sumar.




## TÖLURNAR TALA

**Flest skot:** 19, KR
**Flest skot á mark:** 11, Grindavík
**Fæst skot:** 6, Fjölnir
**Hæsta meðaleink.:** 6,97, Fylkir
**Lægsta meðaleink.:** 4,23, Valur
**Grófasta liðið:** 19 brot, Fylkir
**Prúðasta liðið:** 6 brot, Keflavík
**Flestir áhorf.:** KR-Breiðablik, 2123
**Fæstir áhorf.:** HK-Keflavík, 820
**Áhorfendur alls:** 7.634

> **Besti dómarinn:** Jóhannes Valgeirsson hlýtur þennan heiður. Hann dæmdi leik HK og Keflavíkur í Kópavogi og hélt vel á sínum spilum. Hann fékk 8 í einkunn hjá Fréttablaðinu.

# Marksúlurnar eru vinir okkar

**Þórður Ingason lék lykilhlutverk í naumum 1-0 sigri Fjölnis á Grindavík og er leikmaður 3. umferðar hjá Fréttablaðinu. Þórður er uppalinn Grafarvogsbúi og segir leikmannahópinn einstaklega samrýmdan. „Við höfum gaman saman."**

**FÓTBOLTI** Þórður Ingason á heima steinsnar frá Fjölnisvellinum, þar sem hann byrjaði að mæta á æfingar átta ára gamall. Hann hefur aðeins fengið á sig eitt mark í Fjölnismarkinu í sumar og á milli æfinga í sumar vinnur hann við slátt og ýmislegt tilfallandi í bæjarvinnunni. Hann á svo eitt ár eftir af Menntaskólanum við Sund.

Fjölnir vann sinn þriðja leik í sumar í vikunni þegar félagið sótti Grindvíkinga heim. Þórður átti frábæran leik og átti stóran hlut í sigrinum.

Það virðist vera yfirlýst markmið hjá þjálfaranum að setja markið ekki of hátt, Þórður segir að stefnan sé að halda liðinu uppi, annað sé bónus. Kunnugleg orð og þau sömu og Óli Stefán Flóventsson lét falla nýverið. „Það er markmiðið á töflunni inni í klefa." Líklega eðlilegt markmið fyrir nýliða í deildinni.

Hvað sem því líður eru allra augu áfram á Fjölni, sem trónir á toppi Landsbankadeildarinnar. Þórður viðurkennir að „hlutirnir hafi fallið með Fjölni," sem er með markatöluna 6-1. „Marksúlurnar eru vinir okkar," sagði Þórður glettinn en ekki má líta framhjá því að vörn Fjölnis hefur verið sterk.

„Við erum með þétta vörn og við spilum bara okkar leik. Hann felst í því að reyna að halda boltanum, bíða til baka og reyna að sækja hratt," segir hinn tvítugi Þórður, sem var einnig aðalmarkmaður Fjölnis á síðasta tímabili.

Markmaðurinn segist stöðugt vera að bæta sig en hann fór meðal annars til Everton í nokkra mánuði. „Maður reynir að bæta sig, annars væri maður ekki í þessu. Það næst bara með stöðugum æfingum og að halda sér vel við."



**ORÐINN GÓÐUR** Óhætt er að segja að Þórður hafi tekið skrefið frá því að vera efnilegur í að vera góður, þrátt fyrir ungan aldur. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Þórði líkar heimahagarnir greinilega vel og sér sig ekki fyrir sér annars staðar, þrátt fyrir að hann loki eðlilega ekki á atvinnumennskudrauminn. „Ég get ekki ímyndað mér að það sé skemmtilegra í öðrum klúbbi. Við erum miklir félagar og höfum gaman saman. Þetta er samrýndur hópur," segir Þórður. **hjalti@frettabladid.is**



**Á LEIÐ Í NJARÐVÍK?** Valur Ingimundarson er í viðræðum um að taka við Njarðvík. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Viðræður Vals við Njarðvík:

## Allt á góðri leið

**KÖRFUBOLTI** Viðræður Vals Ingimundarson og Njarðvíkur um að hann taki við liðinu eru í fullum gangi en ekkert er þó frágengið.

„Við erum í viðræðum sem eru á góðri leið. Það er jákvæðni á báðum stöðum en málið er ekkert komið lengra. Ég er að verða svolítið spenntur en það er mikil áskorun að taka við Njarðvíkurliðinu í dag. Menn vilja samt ekkert vera að flýta sér," segir Valur í samtali við Fréttblaðið en hann þjálfaði Njarðvík síðast 1993 til 1994 þegar hann gerði liðið að Íslandsmeisturum tvö ár í röð. **- óój**



**HANNAH** Losnaði undan samningi hjá Fylki og fluttist austur á land. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

1. deildarlið Fjarðabyggðar:

## Samdi við David Hannah

**FÓTBOLTI David Hannah er fluttur austur á land til að spila með 1. deildarliði Fjarðabyggðar. Hann komst að samkomulagi við Fylki um að losna undan samningi í vikunni og var ekki lengi að fara austur þegar félagi hans hringdi.**

**Magni Fannberg er þjálfari Fjarðabyggðar en hann var aðstoðarþjálfari hjá Grindavík árið 2006 þegar Hannah kom fyrst til Íslands. „Það má segja að þetta sé hvalreki á okkar fjörur. Ég held að þetta hafi verið hans fyrsti kostur eftir að hann losnaði frá Fylki, okkur hefur alltaf langað til að vinna saman aftur," sagði Magni við Fréttablaðið í gær. - hþh**



**GUÐMUNDUR** Er lykilmaður í sóknarleik Vals. Óvíst er hversu lengi hann verður frá vegna meiðsla. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Guðmundur Benediktsson:

## Þetta er líklega bara væl í mér

**FÓTBOLTI** Læknar sem skoðað hafa Guðmund Benediktsson finna lítið að hinum knáa framherja Vals. „Þetta er líklegast bara væl í mér," sagði Guðmundur við Fréttablaðið í gær en hann missti af tapleik Vals gegn Fylki.

„Þeir finna ekkert að mér, þeir sjá reyndar vökva í liðnum en það er ekkert annað að gera en bíða og sjá," sagði Guðmundur, sem hefur ekkert æft með Val í vikunni. Hvort hann getur spilað á móti Fjölni á sunnudag kemur í ljós á leikdag. **- hþh**

Atli Sveinn Þórarinsson:

## Í landsliðið í stað Hermanns

**FÓTBOLTI Atli Sveinn Þórarinsson, leikmaður Vals, hefur verið valinn í landsliðið sem mætir Wales í vináttuleik á miðvikudag. Atli kemur í hópinn fyrir Hermann Hreiðarsson sem er kinnbeinsbrotinn og er því ekki leikfær. - hþh**

Ívar Ingimarsson og Brynjar Björn Gunnarsson gætu verið á leið frá enska 1. deildarfélaginu Reading:

# Ívar og Brynjar í sigtinu hjá úrvalsdeildarliðum

**FÓTBOLTI** Nokkur lið úr ensku úrvals- og 1. deildinni hafa sett sig í samband við Ólaf Garðarsson, umboðsmann Ívars Ingimarssonar og Brynjars Björns Gunnarssonar. Hafa þeir sýnt áhuga á því að kaupa þá félaga frá Reading sem féll úr úrvalsdeildinni á vordögum. Ólafur vildi ekki nafngreina liðin.

Ívar var staddur á Spáni þegar Fréttablaðið náði tali af honum en hann á tvö ár eftir af samningi sínum. „Ég hef alveg áhuga á að vera áfram hjá Reading en það eru mörg spurningarmerki eins og staðan er, til dæmis í leikmannamálum. Það er búið að tala um að nokkrir leikmenn séu að fara og ég ætla að sjá hverjir af þessum póstum verða á endanum seldir og eins hverjir þá koma," sagði Ívar.

Metnaður félagsins er honum greinilega hugfólginn. „Eins og er vil ég fylgjast með því hvað félagið ætlar að gera, hvort það ætli sér að kýla á þetta og fara beint upp aftur. Ef svo er eru yfirgnæfandi líkur á því að ég verði áfram. Þó að það sé verið að hringja og kanna hug minn, eins og eðlilegt er á þessum tímapunkti, er það langt frá því að vera endanlegt," sagði Ívar.

Steve Coppell verður áfram stjóri Reading en útlit var fyrir að hann yfirgæfi félagið eftir fallið. „Mér finnst mikilvægt að hann ætli að vera áfram. Hann hefur reynslu af því að taka liðið upp og hann er snjall stjóri," sagði Ívar. Hann bendir einnig á að sér líði vel hjá klúbbnum og það þurfi að taka marga hluti inn í reikninginn áður en hann ákveður að skipta um félag.

„Okkur hefur liðið afar vel í Reading sem er staðsett frábærlega rétt fyrir utan London". Ívar sagði að hann myndi taka því rólega nú í fríinu en á einhverjum tímapunkti myndi hann ræða sín mál við Reading. Hann viðurkennir að hann lækki í launum eins og eðlilegt er þegar félög falla um deild.

„Það er ekkert launungarmál að leikmenn eru í flestöllum tilfellum ekki á sömu launum í úrvalsdeild og 1. deild. Maður þarf ekki að gráta yfir því. Menn hafa brennt sig á því að falla og halda mönnum á úrvalsdeildarlaunum og lenda þá í vanda. Klúbbarnir hafa sem betur fer lært af því. Þetta gerist bara og er ekkert má."



**EFTIRSÓTTUR** Lið úr ensku úrvalsdeildinni hafa spurt um hug Ívars Ingimarssonar, sem og Brynjars Björns Gunnarssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Ívar viðurkennir þó að hann muni að sjálfsögðu skoða þau félög sem beri víurnar í hann, fari málið lengra en tilfallandi fyrirspurnir hafa gert. **- hþh**



BT
VAXTALAUS VEISLA
á öllum vörum alla helgina
6.666,-*
12 mán. vaxtalaust
15,4" skjár
79.999,-
TOSHIBA
0% vextir
til allt að 12 mánaða
6.666,-*
12 mán. vaxtalaust
79.999,-
8.333,-*
12 mán. vaxtalaust
15,4" skjár
BT berst við vaxtadrauginn
99.999,-
TOSHIBA
14.999,-*
12 mán. vaxtalaust
37" LCD
179.999,-
7.499,-*
12 mán. vaxtalaust
32" LCD
89.999,-
Panasonic
SAMSUNG
* við bætist 5.8% skuldaálag og 3% lántökugjald auk 250 kr. færslukostnaðar
www.bt.is

## > Kimberly Williams-Paisley



Williams-Paisley er þekktust fyrir að leika Dönu í þáttunum According to Jim. Fyrsta kvikmyndin sem hún lék í var Father of the Bride en Stöð 2 sýnir í kvöld framhald myndarinnar. Þar er hún nefnd Kimberly Williams en hún bætti Paisley-nafninu við eftir að hún giftist, kannski af því að hún á alnöfnu í klámiðnaðinum.

# dagskrá

### VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON HELDUR Í HEFÐIR

## *Eurovision svíkur sérkenni sitt*

Í fyrsta skipti sem þjóðin keppti í Eurovision sat fjölskyldan stjörf fyrir framan sjónvarpið í litlu námsmannaíbúðinni rétt fyrir utan Kaupmannahöfn. Hálfum öðrum klukkutíma hafði verið eytt í þeyting milli borgarhluta í leit að Kentucky Fried Chicken, eina skyndabitastaðnum sem minnti á Ísland. Hann fannst loksins, ekki með neinu kubbahorni né sjónvarpi heldur í pínulítilli búllu einhvers staðar í útjaðri borgarinnar.

Þetta kvöld steig Icy-tríóið á sviðið í Bergen með Gleðibankann sinn og heillaði Hollendinga, Kýpurbúa, Spánverja, Tyrki og Svía. Aðrir sáu sér ekki fært að gefa okkur stig. Fjölskyldufaðirinn var reyndar sannfærður um að saklaus kveðja frá Helgu Möller í lokin hefði fælt dómefndirnar frá. En þjóðarstoltið hafði verið kveikt; íslenskan hljómaði undurfögur á norskri grund eins og þegar fornar hetjur kváðu rímur fyrir kóngana.

Síðan 1986 hefur KFC fylgt Eurovision-glápi fjölskyldunnar eins og skugginn. Frammistaða þjóðarinnar hefur stundum ekki verið upp á marga fiska en djúpsteikta kalóríu- og kólesterólbomban hefur alltaf staðið fyrir sínu. Jafnvel hefur soðið upp úr þegar einhver gerir sig sekan um að éta vitlausan bita en aldrei hefur það komið fyrir að fjölskyldan taki sig saman og hóti viðskiptabanni á einhverja þjóð fyrir að gefa Íslandi ekki stig.

Ólíkt KFC, þar sem bragðið breytist aldrei og fitusprengjan er alltaf jafn þung í maga, hefur Eurovision tekið stakkaskiptum. Og maður finnur ekki þessa sömu gleði og stolt og þegar íslenskan ómaði í risavöxnum tónleikahöllum. Áður fyrr var Eurovision nefnilega tækifæri til að heyra ólíka túlkun álfubúa á poppi og kynnast mismunandi tungumálum. Þá heyrði maður tyrknesku í fyrsta skipti og gerði grín að væminni sænsku. Í dag er Eurovision hins vegar samansafn af sömu laglínunni, flutt af keimlíkum söngvurum, bleikum í framan með svo hvíttaðar tennur að áhorfendur fá ofbirtu í augun við fyrsta bros.



**BRANDARI** Eurovision er djók og ekkert annað en samansafn af keimlíkum söngvurum, bleikum í framan með hvíttaðar tennur.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.30 The Simpsons** STÖÐ 2



▶ **21.00 Svalbarði** SKJÁREINN



▶ **21.45 Sjávarlífið** SJÓNVARPIÐ



▶ **22.00 Bones** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **00.55 NBA úrslitakeppni Beint LA Lakers-San Antonio Spurs** STÖÐ 2 SPORT

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.25 Spæjarar**

**17.50 Bangsímon, Tumi og ég**

**18.15 Ljóta Betty** (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**20.10 Á kvennavistinni** Bandarísk bíómynd frá 2002. Þrír óþægir háskólastrákar sem eru reknir af vist klæða sig í kvengervi og flytjast inn til stelpnanna. Leikstjóri er Wallace Wolodarsky og meðal leikenda eru Barry Watson, Michael Rosenbaum, Harland Williams og Melissa Sagemiller.

▶**21.45 Sjávarlífið** Bandarísk bíómynd frá 2004. Haffræðingurinn Steve Zissou fer í leiðangur til að hefna sín á hákarli sem drap vin hans. Leikstjóri er Wes Anderson og meðal leikenda eru Bill Murray, Owen Wilson, Cate Blanchett, Anjelica Huston, Willem Dafoe og Michael Gambon. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.

**23.40 Fallnir haukar** Bandarísk stríðsmynd frá 2001. Bandarísk sérsveit fer til Sómalíu að fanga foringja í liði stríðsherra þar og lendir í bardögum við her þungvopnaðra heimamanna. Leikstjóri er Ridley Scott og meðal leikenda eru Josh Hartnett, Ewan McGregor, Tom Sizemore og Eric Bana. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. e.

**02.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**06.00 Fantastic Voyage**

**08.00 Seven Years in Tibet**

**10.15 Manchester United: The Movie**

**12.00 Fjölskyldubíó: Draumalandið**

**14.00 Seven Years in Tibet**

**16.15 Manchester United: The Movie**

**18.00 Fjölskyldubíó** - Draumalandið

**20.00 Fantastic Voyage**

**22.00 Inside Man** Bankarán mistekst og verður að hættulegri gíslatöku.

**00.05 xXx The Next Level**

**02.00 Mrs. Harris**

**04.00 Inside Man**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**08.10 Oprah**

**08.50 Í fínu formi**

**09.05 Bold and the Beautiful**

**09.25 La Fea Más Bella**

**10.10 Homefront**

**10.55 Matur og lífsstíll**

**11.25 Sjálfstætt fólk**

**12.00 Hádegisfréttir** Fréttir, íþróttir, veður og Markaðurinn.

**12.45 Neighbours**

**13.10 Wings of Love**

**14.45 Punk´d**

**15.55 Galdrastelpurnar**

**16.18 The Fugitives**

**16.43 Ben 10**

**17.03 Smá skrítnir foreldrar**

**17.28 Bold and the Beautiful**

**17.53 Neighbours**

**18.18 Markaðurinn og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.54 Ísland í dag**

▶**19.30 The Simpsons** Ný þáttaröð með gulustu fjölskyldu í heimi, sú nítjánda í röðinni. The Simpsons hefur fyrir alllöngu síðan skipað sér á spjöld sögunnar sem langlífustu gamanþættir í bandarískri sjónvarpssögu auk þess auðvitað að vera langlífasta teiknimyndaserían.

**19.55 America´s Got Talent** Leitin að hæfileikaríkasta fólkinu í Ameríku er hafinn enn á ný. 21.20 Father of the Bride II Bráðskemmtileg gamanmynd með Steve Martin í aðalhlutverki.

**23.05 The Dreamers** Rómantísk mynd sem gerist mitt í stúdentaóeirðunum í París, og segir frá bandarískum pilti sem er þar staddur í námi og einkar nánum vinskap hans við frönsk systkin. Aðalhlutverk: Michael Pitt, Eva Green, Louis Garrel, Anna Chancellor. Leikstjóri: Bernardo Bertolucci. 2003. Stranglega bönnuð börnum.

**00.55 Friday Night Lights** Átakanleg fótboltamynd með Billy Bob Thornton í aðalhlutverki. Árið er 1988 og fótboltaliðið í Permian-skólanum í Texas ætlar sér stóra hluti í úrslitakeppninni. Aðalhlutverk: Billy Bob Thornton, Lucas Black, Garrett Hedlund. Leikstjóri: Peter Berg.

**02.50 The Wool Cap**

**04.20 America´s Got Talent**

**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

**06.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SPORT *besta sætið*

**07.55 Formúla 1 2008** Sýnt frá æfingum Formúlu 1 liðanna fyrir kappaksturinn í Mónakó.

**09.30 F1: Við rásmarkið** Hitað upp fyrir Formúla 1 kappaksturinn. Spjallþáttur þar sem fjallað verður um Formúlu 1 á mannlegu nótunum. Sérfræðingar og áhugamenn tjá sig um allt milli himins og jarðar.

**11.55 Formúla 1 2008** Sýnt frá æfingum Formúlu 1 liðanna fyrir kappaksturinn í Mónakó.

**18.00 Inside the PGA** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni og tímabilið framundan skoðað.

**18.25 Gillette World Sport** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið yfir víðan völl.

**18.55 NBA** Boston - Cleveland Sýnt frá leik úr NBA-deildinni.

**20.55 F1: Við rásmarkið**

**21.35 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Vandaður fréttaþáttur um Meistaradeild Evrópu þar sem síðustu umferðir eru skoðaðar.

**22.05 World Series of Poker 2007**

**23.00 World Series of Poker 2007**

**23.55 World Supercross GP** Sýnt frá World Supercross GP sem haldið var á Texas Stadium.

▶**00.55 NBA 2007/2008 - Beint**

Bein útsending frá leik í LA Lakers - San Antonio Spurs í úrslitum vesturdeildarinnar.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**18.15 Bestu leikirnir**

Tottenham - Chelsea. Útsending frá frábærum leik í ensku úrvalsdeildinni.

**20.00 Premier League World**

Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.

**21.30 10 Bestu - Upphitun** Hitað upp fyrir þættina „10 bestu" en Arnar Björnsson fær til sín góða gesti í myndver.

**22.20 1001 Goals** Bestu mörk ensku úrvalsdeildarinnar skoðuð.

**23.20 PL Classic Matches**

West Ham - Bradford, 99/00. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**23.50 PL Classic Matches**

Leeds - Liverpool, 00/01.

## SKJÁREINN

**07.30 Game tíví** (e)

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Vörutorg**

**09.45 Óstöðvandi tónlist**

**16.15 Vörutorg**

**17.15 Snocross** (e)

**17.45 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**18.30 Jay Leno** (e)

**19.20 One Tree Hill** (e)

**20.10 Survivor: Micronesia** Nú eru það eldheitir aðdáendur þáttanna sem spreyta sig gegn vinsælum keppendum úr fyrri Survivor-seríum. Það gengur á ýmsu í þessum þætti og það gætu orðið miklar sviptingar í valdabaráttunni. Keppendurnir sem eftir eru fá ættmenni í heimsókn en meiðsli gætu sett strik í reikninginn hjá tveimur keppendum.

▶**21.00 Svalbarði** Spriklandi ferskur skemmtiþáttur í umsjón Þorsteins Guðmundssonar sem fær til sín góða gesti. Hljómsveitin Svalbarði spilar dillandi danstónlist ásamt söngkonunni Ágústu Evu Erlendsdóttur.

**22.00 The Eleventh Hour** Dramatísk þáttaröð sem gerist á sjónvarpsstöð og aðalsöguhetjurnar eru fréttamenn og pródúsentar á fréttaskýringaþætti.

**22.50 Secret Diary of a Call Girl** (e)

**23.20 Professional Poker Tour** (21.24) Erfiðasta og skemmtilegasta pókermót í heimi. Á meðal keppenda eru lifandi goðsagnir í pókerheiminum. Keppt er á fimm mótum í flottustu spilavítum heims þar sem allt lagt undir. Í hverju móti er hálf milljón dollara í pottinum.

**00.50 Brotherhood** (e)

**01.50 Law & Order: Criminal Intent** (e)

**02.40 World Cup of Pool 2007** (e)

**03.30 C.S.I.** (e)

**04.10 C.S.I.** (e)

**04.50 Vörutorg**

**05.50 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.20

**Father of the Bride II**



Framhald hinnar bráðskemmtilegu gamanmyndar um George Banks, pabbann sem mátti ómögulega til þess hugsa að litla stelpan hans væri orðin stór, byrjuð að vera með strákum og flygi brátt úr hreiðrinu. Nú er dóttirin í góðu hjónabandi og sonurinn Matt virðist vera efnilegur ungur drengur. En allt í einu kemur það eins og þruma úr heiðskíru lofti: George vinur okkar er að verða afi. Og það ríður honum að fullu.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
**America's got Talent**
**STÖÐ 2 kl. 19.55**

Leitin að hæfileikaríkasta fólkinu í Ameríku er hafin enn á ný, nú ennþá veglegri og skemmtilegri en síðast. Þættirnir koma úr smiðju höfunda American Idol og So You Think You Can Dance og dómararnir Pierce Morgan og David Hasselhoff hafa fengið frábæran liðstyrk því Sharon Osbourne er nýr dómari og kynnir í þáttunum er sjálfur Jerry Springer. Hér er á ferð hraður og fjölbreyttur skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stjörnukíkir
**15.03** Útvarpssagan: Lesarinn
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Pollapönk
**20.30** Við brúarsporðinn út í Brákarey
**21.10** Flakk
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

### 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks**
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 Wildfire**
**17.45 X-Files**
**18.30 The Class** Gamanþáttur úr smiðju þeirra sem framleiddu Friends og Mad About You. Við fylgjumst með bekkjarmóti skrautlegra skólafélaga sem mörg hver hafa ekki sést í tuttugu ár. Með aðalhlutverk fer hjartaknúsarinn Jason Ritter.
**19.00 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**
**20.00 Wildfire** Þriðja þáttaröðin um hana Kris sem var í byrjun send nauðug á búgarð í sveit en þar féll hún fyrir hestamennskunni og þá sérstaklega kappreiðahestinum Wildfire.
**20.45 X-Files Fox**
**21.30 The Class**
▶**22.00 Bones** Brennan og Booth snúa aftur í nýrri seríu af spennuþættinum Bones. Dr. Temperance „Bones" Brennan réttarmeinafræðingur er kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum.
**22.45 Moonlight** (1:16) Nýr, rómantískur spennuþáttur með yfirnáttúrulega ívafi. Mick St. John er sjarmerandi, dáleiðandi og ódauðlegur einkaspæjari sem býr og starfar í Los Angeles. Hann notar yfirnáttúrulega hæfileika sína til að hjálpa hinum dauðlegu. Líf hans flækist til muna þegar hann fellur flatur fyrir einum skjólstæðingi sínum.
**23.30 ReGenesis**
**00.20 Rock School**
**01.10 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

### ÍNN

**20.00 Mér finnst...** Í umsjón Ásdís Olsen og Kolfinnu Baldvinsdóttur. Ellý Ármanns og Björk Jakobsdóttir eru gestir þáttarins.
**21.00 Skoðanaskipti** Marta Guðjónsdóttir varaborgarfulltrúi ræðir um borgarmenningu við gesti sína.
**21.30 Íslands Safari** Þáttur í umsjón Akeem Richard Oppong, formanns Íslands Panorama. Í þættinum er rætt um fjölmenningu og fjölþjóðlegt samfélag.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

### DR 1

**9.00** Danskernes Krønike - Vores ferie **9.30** Formiddag med Nis Boesdal **10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Vikingernes korstog **10.35** Aftenshowet **11.05** Aftenshowet **11.30** Meditation i bevægelse **11.50** Et tårn af løfter **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Dawson's Creek **14.00** Boogie Listen **15.00** Kim Possible **15.25** F for Får **15.30** Fredagsbio **15.45** Benjamin Bjørn **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** aHA Royal '08 **19.00** TV Avisen **19.30** Wedding **21.10** Elektra **22.40** Boogie Listen

### NRK 1

**8.10** Redaksjon EN **8.40** Hagen i Hune **9.10** Naboer **9.35** Naboer **10.00** NRK nyheter **10.10** Sjukehuset i Aidensfield **11.00** Eurovision Song Contest 2008: Semifinale 1 **13.00** Giro d'Italia direkte: 13. etappe **15.30** Oddasat - Nyheter på samisk **15.45** Historien om ... **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Mille og Martin **16.05** 1. klassingene **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Norge rundt **17.55** Ville og vakre Kina **18.45** 20 spørsmål **19.15** Detektimen: Kalde spor **21.00** Kveldsnytt **21.15** Festnachspiel **21.45** Hotell Babylon **22.35** Ultimate Manilow **23.20** Kulturnytt **23.30** Country jukeboks med chat

### SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Inför Eurovision Song Contest 2008 **11.45** Glasklart **12.45** Veronica Mars **13.30** Sixties **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** I trädgården med Camilla Plum **15.30** Plus sommar **16.00** Bolibompa **16.30** Rasmus på luffen **17.00** Bobster **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Peter Jöback live på Oscars **19.00** Var fan är mitt band? **19.30** Kill Bill: Vol. 2 **21.45** Rapport **21.55** Kulturnyheterna **22.10** Morgonsoffan **22.40** Wag the dog **0.15** Sändningar från SVT24


# SUMAR Í BOHEMIA



Úrval af Polyrattan garðhúsgögnum
100% viðhaldsfrí
Yfirbreiðslur og sessur fylgja
**20% afsláttur**

| | Verð áður | Verð nú |
|---|---|---|
| Armstóll | 17.950,- | 14.360,- |
| Stóll | 13.950,- | 11.160,- |
| Legubekkur | 39.500,- | 31.600,- |
| Hringborð | 36.900,- | 29.520,- |
| Borð 80x80 cm | 19.900,- | 15.920,- |
| Borð 210 cm | 49.500,- | 39.600,- |
| Hornborð | 14.500,- | 11.600,- |



## Deluxe Spas rafmagnsnuddpottur

Stærð 225x225x100 cm - Original lucite skel
4 dælur - 5 Kw hitari - 68 stútar stainless steel
útvarp og cd - lok og trappa fylgir
Sérhannaður fyrir íslenskar aðstæður
**20% afsláttur af staðfestum pöntunum**

| | Verð áður | Verð nú |
|---|---|---|
| Safírblá skel | 759.000,- | 607.200,- |
| Perluhvít skel | 798.000,- | 638.400,- |



## Haier vínkælar

Skiptir út lofti gegnum síu - gler í hurð til varnar UV geislum

Stærð: b: 51cm x d: 53cm x h: 98,5 cm Verð: 49.000,-
Stærð: b: 66cm x d: 65cm x h: 167 cm Verð: 89.000,-



## Haier þvottavél og uppþvottavél

Þvottavél
AAB - 6 Kg - 1200 snúninga - Hvít eða stál Verð: 29.000,-
Uppþvottavél
AAA - 4 þvottakerfi - Hvít Verð: 33.000,-

Bohemia - Akralind 4 - sími 544-2290 - www.bohemia.is - bohemia@bohemia.is
Afgreiðslutími virka daga 10-18 og laugardaga 11-15

## HVAÐ VAR ÉG AÐ SPÁ?



*„Ég hef aldrei kynnst öðrum eins fjölda ofleikara og þeim er fylltu hlutverk þessarar myndar.“*

Leikstjórinn Ágúst Guðmundsson í viðtali við DV, 1982, um leikhópinn í Með allt á hreinu.

„Ég hef ekki kynnst neinum slíkum ofleikarahópi síðan. Þeir eiga ennþá metið,“ segir Ágúst í dag.



**LÁRÉTT**
**2.** viðlag, 6. frá, 8. kæla, 9. tangi, 11. íþróttafélag, 12. glans, 14. fluga, 16. berist til, 17. fugl, 18. eyrir, 20. tveir, 21. slabb.

**LÓÐRÉTT**
**1.** fjörugróður, 3. golf áhald, 4. inúíti, 5. spor, 7. skelfing, 10. tala, 13. fiskur, 15. mismunandi, 16. hryggur, 19. guð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2. stef, 6. af, 8. ísa, 9. nes, 11. kr, 12. gljái, 14. mölmý, 16. bt, 17. lóm, 18. aur, 20. ii, 21. krap.
**LÓÐRÉTT:** 1. þang, 3. tí, 4. eskimói, 5. far, 7. felmtur, 10. sjö, 13. áll, 15. ýmis, 16. bak, 19. ra.

# Íslenskt par í So You Think You Can Dance

Fyrsti þátturinn í nýrri þáttaröð af So You Think You Can Dance var frumsýndur í Bandaríkjunum í gærkvöld. Þau Hjördís Lilja Örnólfsdóttir og Steve Lorenz eru á meðal keppenda í þættinum. Þau eru bæði dansarar hjá Íslenska dansflokknum og þar að auki par.

„Þetta var ótrúlegt ævintýri,“ segir Hjördís Lilja, en mikil leynd hefur hvílt yfir þátttöku hennar og Steve í dansþáttunum. Þau héldu utan í prufur í lok mars. „Þetta var búið að vera um hálft ár í undirbúningi,“ útskýrir Hjördís. „Okkur var boðið að fara út og taka þátt, sem okkur fannst mjög spennandi. Við vorum fyrst pínu smeyk og ekki viss um hvort við ættum að leggja í þetta, en ákváðum bara að kýla á það og hafa gaman af þessu,“ segir hún. „Svo var náttúrulega frábært að fá að fara saman,“ bætir hún við, en hún og Steve kynntust í dansflokknum og hafa verið saman í um þrjú og hálft ár.

Hjördís og Steve fóru í prufur í Milwaukee og segir Hjördís þau hafa fengið tækifæri til að sjá aðra keppendur. „Við sáum bæði rosalega góða dansara og rosalega slæma,“ segir hún hlæjandi. „Það var allur skalinn þarna,“ segir Hjördís, sem má eðli málsins samkvæmt ekki uppljóstra hvernig henni og Steve vegnaði úti.



**PAR Í PRUFUR** Steve Lorenz í hlutverki sínu í verkinu Ambra, en hann og Hjördís hafa verið par í rúm þrjú ár.

Hún segir það einnig hafa verið áhugavert að fá innsýn í hvernig framleiðslu þáttanna er háttað. „Keppendum var til dæmis haldið í mikilli spennu allan tímann. Maður vissi í rauninni aldrei hvað átti að gerast næst, hvort maður væri að fara í viðtal eða upp á svið,“ segir Hjördís.

Hjördís frumsýnir ásamt Íslenska dansflokknum verkið Ambra í kvöld, í samstarfi við norska flokkinn Carte Blanche. **- sun**



**ÓTRÚLEGT ÆVINTÝRI** Hjördís Lilja segir það hafa verið mikið ævintýri að fara í prufur fyrir bandarísku þáttaröðina So You Think You Can Dance.

## ÓSKAR JÓNASSON: SVÖÐUSÁR Í ALLT SEM ÉG ER AÐ GERA

# Glæpasagnamaður rændur

„Þetta er svöðusár í allt sem ég er að gera. Það var brotist inn hjá mér í gær [miðvikudag] og öllu stolið,“ segir Óskar Jónasson kvikmyndagerðarmaður.

Óskar varð fyrir þeirri óskemmtilegu reynslu að brotist var inn á heimili hans og Evu Maríu Jónsdóttur að Bjarnarstíg. Meðal þess sem hvarf var tölva hans, ýmsar ljósmynda- og tökuvélar. Óskar segist ekki vera búinn að yfirfara það nákvæmlega hvað hvarf en tilfinnanlegast er tjónið hvað varðar tölvuna.

„Þetta er meiriháttar bömmer. Þetta er aðalvinnutækið mitt. Fartölva. Lítil iBook sem í sjálfu sér er ekki verðmæt. Það eru hins vegar gögnin sem í henni eru,“ segir Óskar.

Eftir Óskar liggja ýmis afrek á sviði kvikmyndagerðar en síðast sló hann í gegn sem leikstjóri glæpasagnasjónvarpsþáttanna Pressu. Nú er hann að vinna við að taka upp sjónvarpsþætti sem byggja á bók Ævars Arnar Jósepssonar Svörtum englum. Tökur standa yfir og eru á 5. viku af sjö áætluðum. Þá er verið að klippa mynd Óskars Reykavík – Rotterdam. „Í tölvunni eru allir skotlistar, drög að handritum er varða verkefni sem framundan eru. Eða voru. Því er þetta skipbrot.“

Að auki hurfu ljósmyndavélar, myndbandstökuvél og einhverjar græjur sem Óskar er ekki búinn að átta sig á hverjar eru. „Sama er með það, það eru ekki sjálf tækin heldur efnið sem er inni á tækjunum sem er verðmætt. Hingað komu menn frá tæknideild lögreglu og fundu fingrafar.“

Óskar vonast til að sá sem hefur tölvuna og tækin undir höndum átti sig á því að þau eru verðlítil nema bara fyrir hann einan. Ef Óskar gæti nálgast gögnin yrði hann afskaplega glaður, það myndi duga honum og Óskar er til umræðu um að greiða einhverja sanngjarna upphæð fyrir. „Þó einhver myndi segja að maður ætti ekki að bjóða upp á slíkt. Annars er furðulegt að þetta er ekki í fyrsta skipti sem brotist er inn til okkar. Það gerðist einnig fyrir fjórum árum. Þá var einnig tekin þessi sama myndbandstökuvél og hvarf núna. Þá náðist þjófurinn og þýfið. Sá rak sig óvart í upptökutakkann og tók upp innbrotið og samtal sem hann átti við kærustu sína úti í bíl. Þar sat einhver þriðji aðili en þjófurinn fór að stæra sig af innbrotinu sem hann lýsti í smáatriðum. Þá fór kærustuparið að rífast með þeim afleiðingum að kærastan rauk út úr bílnum. Á upptökunni heyrist þjófurinn segja: Hún bara fór frá mér á afmælisdaginn minn!,“ segir Óskar sem telur óvarlegt að treysta á slíka heppni nú.

**jakob@frettabladid.is**



**ÓSKAR Í SJOKKI** Tölvu kvikmyndagerðarmannsins, með ómetanlegum gögnum, var stolið þegar brotist var inn á heimili hans. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Heimurinn er lítill. Það sannar sig stöðugt, meðal annars í vikunni þegar DV greindi frá því að í Vikunni væri viðtal við **Ruth Reginalds** þar sem hún talaði meðal annars um lögsókn sína á hendur Séð og heyrt. DV, Vikan og Séð og heyrt heyra öll undir sama útgáfufélagið, Birting. Það sem meira er: Sú sem skrifar frétt DV, og styðst þar við viðtal Vikunnar, er **Hanna Eiríksdóttir**. Hanna er svo dóttir **Eiríks Jónssonar** sem svo ritstýrir Séð og heyrt – blaðinu sem Ruth er að fara í mál við.



Tónleikar **John Fogerty** í höllinni tókust afspyrnu vel og gamli foringi Creedence lék á als oddi og tók flesta smelli sína í gegnum tíðina sem eru ófáir. Einn helsti aðdáandi Fogerty hér á landi er **Geiri á Goldfinger** og fór nokkuð fyrir honum og hans mönnum á tónleikunum. Geiri hafði sagt að ef Fogerty kæmi til landsins myndi hann kaupa miða á tónleikana fyrir hálfa milljón. Sem hann og gerði og bauð vinum og velunnurum og bara þeim sem hann hitti á förnum vegi.



**Árni Johnsen** furðaði sig á reglugerðum um merkingu matvæla á þingi í vikunni en þannig er að sé tiltekið grænmeti vatnsskolað hér á landi telst það íslenskt. Árni telur þetta að vonum fráleitt og spurði: Þýðir þetta að ef Kínverji baðar sig upp úr íslensku vatni að þá teljist hann Íslendingur? **- jbg**



# Syngur fyrir Evrópumeistara United

Garðar Thor Cortes syngur á galakvöldi dagblaðsins Manchester Evening News í kvöld, skemmtun sem er ein af hápunktum skemmtanalífsins í Manchester. Að sögn Einars Bárðarsonar, umboðsmanns Garðars, er hefðin sú að þar mæti allar stjörnur Manchester, meðal annars leikarar úr vinsælum sápuóperum sem margar hverjar eru gerðar í borginni. En það verða eflaust ekki þær sem stela senunni í kvöld því von er á nýkrýndum Evrópumeisturum Manchester United. „Leikmenn Manchester City og Manchester United hafa haft það fyrir sið að heiðra samkomuna með nærveru sinni,“ segir Einar og má fastlega búast við því að hinir rauðklæddu verði sigurreifir eftir að hafa unnið Chelsea í úrslitaleik Meistaradeildarinnar.



Tenórinn hefur áður sungið við gala-kvöldverði fyrir mektarfólk Bretlands en Einar segir hann óvenju spenntan fyrir þessu enda gallharður stuðningsmaður Rauðu djöflanna. „Hann fylgdist með leiknum langt fram á kvöld og vonast til að geta hitt einhverjar stjörnur úr liðinu,“ segir Einar en Garðar hefur reyndar afrekað að hefja upp raust sína á Old Trafford; söng í fyrra á undan æfingaleik Manchester og AC Milan.

Annars er lagalistinn fyrir plötu Garðars klár en titillag hennar er When You Say You Love Me sem var fyrst flutt af Josh Groban. Þá verður á plötunni dúett með bresku sópran-stjörnunni Natöshu Marsh sem nýtur mikilla vinsælda í heimalandi sínu. Þar að auki verður að finna lagið She sem Elvis Costello gerði frægt í kvikmyndinni Notting Hill þannig að breskar tilvísanir eru víða. Garðar hefur þó ekki að öllu leyti gleymt Íslandi því lokalagið á disknum er hin undurfagra vögguvísa, Sofðu unga ástin mín. **- fgg**



**Í FRÍÐUM HÓPI** Garðar Thor Cortes syngur á gala-kvöldi Manchester Evening News en lykilleikmenn úr Manchester United hafa vanið komur sínar þangað. Líklegt verður að teljast að einhverjir þeirra mæti í kvöld þótt ekki væri nema bara til að spæla bláklædda erkióvini sína í City.



Viltu taka daginn snemma í sumar?

Erum að leita að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 á morgnana.

Hafðu samband við dreifingardeild Pósthússins í síma 585 8330 eða fylltu út umsókn á **www.posthusid.is**

Pósthúsið

Gerðu góðverk í dag
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is


Veiðimaðurinn
1940
SPORTBÚÐIN
VEIÐIHORNIÐ
Síðustu dagar vortilboðanna
Láttu þér líða vel í næstu veiðiferð
Vöðlupakkar á betra verði
Ron Thompson öndunarvöðlupakki. Góðar öndunarvöðlur og sterkir skór. Fullt verð 32.990. Þú borgar vöðlurnar og við gefum þér skóna. Aðeins 21.995
Ron Thompson öndunarvöðlupakki með skóm og jakka. Fullt verð 46.985. Þú færð afslátt og ókeypis skó. Aðeins 32.995.
Ron Thompson neoprenvöðlur og vatnsheldur veiðijakki. Fullt verð 27.990. Vortilboð aðeins 19.995.
DAM öndunarvöðlupakki. Vandaðar öndunarvöðlur og sterkir DAM skór. Fullt verð 39.990. Þú borgar vöðlurnar og við gefum þér skóna. Aðeins 26.995.
DAM öndunarvöðlupakki með skóm og jakka. Fullt verð 56.985. Þú færð afslátt og ókeypis skó. Aðeins 39.995.
DAM neoprenvöðlur með jakka. Fullt verð 33.990. Vortilboð aðeins 23.995
Scierra CC3. Nýjar öndunarvöðlur frá Scierra ásamt skóm. Fullt verð 40.990. Vortilboð aðeins 28.995.
Scierra CC3 mittisöndunarvöðlur og skór. Fullt verð 38.990. Vortilboð aðeins 27.995.
Scierra CC3 öndunarvöðlur með stígvélum og góður veiðijakki. Fullt verð 51.990. Vortilboð aðeins 35.995.
Scierra CC4 öndunarvöðlupakki. Nýjar fjögurra laga vöðlur ásamt skóm. Fullt verð 45.990. Vortilboð aðeins 32.995.
Simms Freestone öndunarvöðlupakki. Mest keyptu öndunarvöðlupakkarnir á Íslandi. Fullt verð 39.990. Vortilboð aðeins 32.995.
Simms L2 Gore-tex vöðlupakki. Það er ekki hægt að gera betri kaup í Gore-tex vöðlupakka í dag. Fullt verð 52.990. Vortilboð aðeins 42.995.
Gerðu verðsamanburð og góð kaup á vortilboðum.
Munið vinsælu gjafabréfin okkar.
Hafnarstræti 5 · Sími 551 6760
Krókháls 5 – Sími 517 8050
Síðumúli 8 – Sími 568 8410
Veidimadurinn.is - Sportbudin.is - Veidihornid.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



vísir.is
"...ég sá það á vísi"





**BAKÞANKAR**
Þórgunnar Oddsdóttur


## Vonbrigði

Hafi eitthvað valdið mér vonbrigðum undanfarið þá er það kreppan sem allir eru að tala um. Eftir kreppuspár undanfarinna mánaða var ég orðin svolítið spennt og sá fram á að loks ætti það fyrir mér að liggja að lifa spennandi tíma. Rómantískar baslsögur frá kreppunni miklu heilluðu mig og í fávisku minni sá ég fyrir mér slíka tíma, fulla af erfiðleikum og ömurlegheitum sem við, sem alin erum upp í allsnægtum nútímans, höfum aldrei kynnst. Ég var hreinlega farin að búa mig undir að standa í biðröð eftir dósamat í slitinni kápu og með úfið hár og horfði með trega á flatskjáinn í stofunni sem brátt yrði aðeins tákn um horfinn tíma og seldur upp í skófatnað og eldivið.

**SVO** kom kreppan og ekkert breyttist. Engir hungurverkir, ekkert atvinnuleysi og úrvalið í verslunum nákvæmlega það sama og áður. Þvílíkt frat! Hvar eru skömmtunarmiðarnir, rafmagnsleysið og vonleysið? Að kalla ástandið núna kreppu er hrein móðgun við alla þá sem reynt hafa raunverulegt mótlæti. Vissulega er svekkjandi að fá ekki lengur 100 prósent lán fyrir lúxushjólhýsi sem nota á tvisvar á ári en kreppa getur það varla kallast. Þetta er eitthvað allt annað.

**VONBRIGÐIN** eru gífurleg. Ég er af kynslóð sem hefur aldrei þurft að hafa fyrir neinu. Almennileg kreppa hefði ekki aðeins kennt okkur að meta hlutina heldur líka bjargað ímynd okkar í augum komandi kynslóða. Það er ekki gaman að vera minnst sem dekurbarna. Við erum kynslóðin sem þykir ekki nógu fínt að vinna á kassa í Bónus. Kynslóðin sem kaupir hús til þess eins að rífa þau og byggja nýrra og stærra. Við eigum allt. Ef við fengum það ekki í fermingargjöf kaupum við það á yfirdrætti og ef við erum svo heppin að eiga nýríka foreldra getum við lifað á vísakortinu þeirra fram undir fertugt og þurfum því aldrei að velta verði á matvælum eða bensíni fyrir okkur.

**KREPPA** hefði verið eins og syndaflóð eftir neysluæðið. Landlægt atvinnuleysi sameinaði fjölskyldurnar á ný og valkvíðinn sem háir okkur alla daga í samfélagi offramboðsins væri á bak og burt. Í stað þess að velta því fyrir okkur hvort við ættum að panta pítsu í kvöldmatinn eða fara á McDonald's þyrftum við ekkert að hugsa og færum beint í röðina við súpueldhúsin. Það þarf þá varla að nefna að menningartengdir sjúkdómar eins og offita væru fljótt úr sögunni.

**EN** þessar vonir verða að bíða betri tíma. Og það að læra að spara gerist varla í þessari kreppu. Að minnsta kosti tókst mér að hækka heimildina mína í gær.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 23. maí, 145. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.47 | 13.24 | 23.04 |
| Akureyri | 3.07 | 13.09 | 23.15 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


